allt

Reynir Sýrusson:

*Sýnir húsgögn í Stokkhólmi*

• heimili • tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Engir álfar og tröll:

*Gargandi snilld*

• frumsýnd í gautaborg á morgun

SÍÐA 34 ▶






FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

3. febrúar 2005 – 32. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## FIMMTUDAGUR



**SÁTTUR VIÐ VERÐIÐ ÞRÁTT FYRIR SAMRÁÐ** Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir fyrirtækið ekki ætla að krefjast bóta vegna samráðs olíufélaganna. Hann segist sáttur við kjörin. Farið verður yfir gögn vegna Landhelgisgæslunnar og Ríkiskaupa. **Sjá síðu 2**

**MIKIÐ VERK ER ÓUNNIÐ** Íslenskur starfshópur sem vann að því að bera kennsl á lík þeirra sem féllu í hamförunum við Indlandshaf á annan í jólum sneri heim frá eyjunni Phuket við Taíland á þriðjudag. Hópurinn segir að mikið starf sé óunnið þar sem enn eigi eftir að bera kennsl á mörg þúsund lík. **Sjá síðu 4**

**FÉKK SJÓNINA AFTUR EFTIR STÓRAR AÐGERÐIR** Íris var komin með minna en 20% sjón og stefndi hraðbyri í að verða blind vegna arfgengs sjúkdóms. Þá fékk hún gefins hornhimnur, aðra frá Danmörku en hina frá Bandaríkjunum. Hún fór í tvær aðgerðir og fékk sjónina aftur. **Sjá síðu 6**

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGT KÓLNANDI** Sunnanátt í fyrstu en snýst í ákveðna norðanátt fyrir norðan síðdegis. Slydduél og síðar él, fyrst vestan til, en norðan til í kvöld. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**MYRKIR MÚSÍKDAGAR** Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk ásamt Kór Kársnesskóla á Myrkum músíkdögum í Háskólabíói klukkan 19.30.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 36 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 34 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |





# Helmingi fleiri nefna Ingibjörgu Sólrúnu

**Mun fleiri telja að Ingibjörg Sólrún verði næsti formaður Samfylkingarinnar, en að Össur haldi áfram. Prófessor í stjórnmálafræði segist ekki telja að Össur eigi möguleika á sigri og man ekki eftir formannsslag þar sem sitjandi formaður hafði svo slaka stöðu.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúmlega 63 prósent telja að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði næsti formaður Samfylkingarinnar, en einungis 32 prósent nefna núverandi formann, Össur Skarphéðinsson. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem Fréttablaðið lét framkvæma. Ef einungis er litið til þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna er munurinn enn meiri. Ef einungis er tekið tillit til þeirra sem taka afstöðu telja tæp 77 prósent að Ingibjörg Sólrún taki við formennsku, en rúm 21 prósent telja að Össur haldi áfram.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði segir að hann telji Össur enga möguleika eiga á sigri. Staða hans hafi þó batnað síðan fyrir einu til tveimur árum. Síðan fyrir kosningar hafi staða Ingibjargar Sólrúnar veikst, en það fylgi því að vera ekki á þingi. „Össur er sterkur í flokknum, fyrir utan að njóta meiri vinsemdar í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. En það er erfitt að sjá fyrir sér að hann vinni þennan slag. Hann sagði sjálfur að hann sæi Ingibjörgu Sólrúnu fyrir sér sem framtíðarleiðtoga."

Gunnar Helgi segir erfitt að meta stöðu þeirra tveggja í formannskosningunni út frá öðrum baráttum um formannsembætti stjórnmálaflokks. „Það er nærtækast að bera saman Davíð Oddsson

**Hver telur þú að verði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi?**




og Þorstein Pálsson árið 1991. En þar var munurinn mun minni á milli frambjóðendanna. Þar gat enginn sagt fyrir fram hvernig myndi fara, þrátt fyrir að menn hafi gert því skóna að Davíð yrði framtíðarleiðtogi flokksins." Gunnar Helgi man ekki eftir formannsslag þar sem sitjandi formaður hafði svo slaka stöðu.

Ekki er búið að ákveða hvenær kosning hefst. Nú eru um 14.000 á kjörskrá, og verður kosið um formanninn meðal flokksmanna Samfylkingarinnar í póstkosningu, um það bil mánuði áður en landsfundur flokksins hefst. Búið er að skipa þriggja manna undirbúningsnefnd fyrir kosningarnar, en í henni sitja Flosi Eiríksson, Jón Gunnar Ottósson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

**- ss/****sjá síðu 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SIGURVEGARI KVÖLDSINS** Ísfirðingurinn Örn Elías Guðmundsson, eða Mugison eins og hann er betur þekktur, sópaði að sér verðlaunum á Íslensku tónlistarverðlaununum sem afhent voru í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. Aðrir atkvæðamiklir listamenn voru Ragnheiður Gröndal sem var valin besta söngkona ársins og hljómsveitin Jagúar sem var valin flytjandi ársins.

Íslensku tónlistarverðlaunin:

## Mugison með fernu

**VERÐLAUN** Tónlistarmaðurinn Mugison kom sá og sigraði á Íslensku tónlistarverðlaununum sem veitt voru í gærkvöldi og fór heim með fern verðlaun. Mugison sigraði í flokkunum besta poppplatan, besta lagið, besta plötuumslagið og vinsælasti flytjandinn.

Aðrir flytjendur sem gátu unað vel við sitt voru meðal annars Ragnheiður Gröndal sem vann til tvennra verðlauna fyrir bestu dægurlagaplötuna og sem söngkona ársins. Reggíhljómsveitin Hjálmar þótti hafa gefið út bestu rokkplötuna og vera bjartasta vonin. Páll Rósinkranz var valinn söngvari ársins en hljómsveitin Jagúar flytjandi ársins.

**- bs/****Sjá nánar á síðu 42**

Eiríkur Tómasson og álit um Íraksmálið:

## Fékk ekki aðgang að fundargerðum

**ÍRAKSMÁLIÐ** Eiríkur Tómasson lögfræðiprófessor hafði ekki aðgang að fundargerðum utanríkismálanefndar er hann vann álit fyrir forsætisráðherra um lögmæti ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að styðja innrásina í Írak. Þetta staðfesti Eiríkur á fundi utanríkismálanefndar í gær.

„Þetta veikir stórkostlega álit Eiríks og sérstaklega þann þátt sem fjallar um samráðsskylduna við utanríkismálanefnd. Hann byggði eingöngu á upplýsingum frá forsætisráðuneytinu, gögnum sem öðrum er ekki einu sinni hleypt í," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Hart var tekist á um kröfu stjórnarandstöðunnar að aflétta ætti trúnaði af fundargerðum nefndarinnar þar sem fjallað var um Íraksmálið. Meirihlutinn hafnaði því. „Ég lýsti mig hins vegar óbundinn af því hvað mín eigin ummæli varðar. Utanríkismálanefnd hefur ekki vald til þess að meina mér að láta mína afstöðu koma fram. Nú liggur það fyrir að utanríkisráðherra var búinn að segja það sama og Rannveig Guðmundsdóttir hefur sömuleiðis lýst þessu yfir," segir Steingrímur.

**- sda**





## SPURNING DAGSINS

*Ögmundur, tekurðu oft feil á bjór og pilsner?*

**„Nei, en það er jafn erfitt að greina í sundur bjór og pilsner í auglýsingum og að greina í sundur bjórsölumenn og aðra lögbrjóta.“**

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, ætlar að leggja fram frumvarp á Alþingi sem kveður á um að óáfengir drykkir megi ekki vera í eins eða svipuðum umbúðum og áfengir drykkir.

Fjármál flokkanna:

# Brýnt að tryggja gagnsæi

**MÁLÞING** Brýnt er að alvöru umræða skapist um hvort rétt sé að setja lög um fjármál og innri starfsemi og skipulag stjórnmálaflokka á Íslandi. Þetta var meðal þess sem kom fram á málþingi um löggjöf um fjármál stjórnmálaflokkanna sem bar undirheitið: „Lýðræðisleg nauðsyn eða skerðing á félagafrelsi?“ og fór fram í Lögbergi í gær. Framsögumenn voru Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði og Björg Thorarensen lagaprófessor.

Í erindum þeirra beggja kom fram að stjórnmálaflokkar eru lykilstofnanir í lýðræðislegum samfélögum og opinber styrkir



**FRÁ MÁLÞINGINU**
Björg Thorarensen og Eiríkur Tómasson fundarstjóri.

til flokka hafi aukist mjög á undanförnum áratugum.

Víðast hvar á Vesturlöndum hafa verið sett lög sem skuldbinda flokkana til að gera grein fyrir hvernig þessu fjármagni er varið en Ísland er undantekning. Björg og Ólafur bentu á rétt skattgreiðenda til að vita hvernig fé sínu væri ráðstafað og að löggjöf um fjármál flokkanna væri líkleg til að auka traust almennings á þeim.

Þá benti Ólafur á þann möguleika að setja löggjöf um innra skipulag stjórnmálaflokka því það sé ekki einkamál flokkanna, þar sem innan þeirra séu hugsanlegir þjóðarleiðtogar valdir og það skipti máli hvernig það sé gert. ■

Háskóli Íslands:

# Bjór í verðlaun

**HÁSKÓLI** Stúdentar við Háskóla Íslands fengu í gær tölvupóst frá skólanum þar sem þeir voru hvattir til að taka þátt í könnun sem er hluti af lokaverkefni nemanda í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

Til hvatningar er þeim tilkynnt að með því að taka þátt í könnuninni séu þeir líka að taka þátt í happdrætti og tíu heppnir einstaklingar komi til með að vinna tvær kippur af bjór í verðlaun. Undir bréfið skrifar meistaraneminn sem stendur að könnuninni, en hún stendur fram að miðjum mánuði. - bs



Stýrislaus Dettifoss:

# Dreginn til Rotterdam

**FARSKIP** Þýska dráttarskipið Primus heldur frá Eskifirði í birtingu í dag með Dettifoss í togi en brottför skipanna var frestað í gær vegna óveðurs út af Austfjörðum. Dettifoss verður dreginn til Rotterdam þar sem gert verður við stýrisbúnað þess. Skipin eiga að koma til Hollands um miðja næstu viku.

Karl Gunnarsson, svæðisstjóri Emskips á Austurlandi, segir að 20 gámum af farmi Dettifoss hafi verið skipað á land á Eskifirði. „Auk þess færðum við nokkra gáma til og lækkuðum gámastæðurnar lítið eitt. Að öðru leyti voru engar sérstakar varúðarráðstafanir gerðar fyrir ferðina,“ segir Karl. -kk

Nýskráningar hlutafélaga:

# Flestar á Vestfjörðum

**BYGGÐAMÁL** Norðurland eystra og vestra var með lægsta hlutfall hlutafélaga og einkahlutafélaga á árunum 1999 til 2004. Á tímabilinu voru að meðaltali 5,6 einkahlutafélög eða hlutafélög stofnuð á hverja þúsund íbúa á Norðurlandi, sem er um 31 prósenti undir landsmeðaltali.

Meðalfjöldi fyrir landið á þessu tímabili var 8,1 en flestar nýskráningar voru á Vestfjörðum, eða 9,4 á hverja þúsund íbúa. Á höfuðborgarsvæðinu voru níu nýskráningar á hverja þúsund íbúa. - bs

# Sáttur við verðið þrátt fyrir samráð

**Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir fyrirtækið ekki ætla að krefjast bóta vegna samráðs olíufélaganna. Hann segist sáttur við kjörin. Farið verður yfir gögn vegna Landhelgisgæslunnar og Ríkiskaupa.**

**SAMRÁÐ** Mörg þeirra fyrirtækja sem á var brotið á samráðstíma olíufélaganna íhuga að sækja bætur og hafa látið lögfræðingum sínum eftir að kanna forsendur bótakrafna. Tvö fyrirtæki sem blaðið ræddi við hafa þó ákveðið að gera ekkert í málinu, annað vegna ánægju með tilboðin sem þau fengu en hitt vegna góðra viðskipta í dag.

„Við höfum ekki hugsað okkur að sækja bætur. Þau tilboð sem við fengum voru eðlileg að okkar mati og ekki útlit fyrir annað en að við hafi verið að ræða. Við fengum um gott verð,“ segir Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, um málið og sagðist í raun ekki hafa meira um málið að segja. Í úrskurði áfrýjunarnefndar kemur fram að Olíufélagið sem þá rak Essó og Olíuverslun Íslands hafi rætt um tilboðið til Ístaks, „en þær skýringar eru gefnar að vegna tengsla Ístaks og Skeljungs væri ólíklegt að lágt tilboð myndi leiða til annars en að Skeljungi yrði gert fært að jafna boðið,“ segir í úrskurðinum.

> **„Þau tilboð sem við fengum voru eðlileg að okkar mati.**

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að ákveðið hafi verið í samráði við dómsmálaráðuneytið, að farið yrði í kjölinn á gögnum og reiknað út hvað olíusamráðið hafi kostað fyrirtækið á undanförnum árum. „Landhelgisgæslan hefur áhuga á að endurheimta oftekið fé. Það er nóg hægt að gera við peninginn,“ segir Georg. Þá verður kannað hvort dómsmálaráðuneytið geti krafist bóta vegna Ríkiskaupa, reynist svo vera verður málið sent ríkislögmanni.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LOFTUR ÁRNASON FORSTJÓRI ÍSTAKS**
Segir tilboð olíufélaganna hafa verið eðlileg eins og um samkeppni hafi verið að ræða.

Alcan, áður Ísal, ætlar að sækja bætur til olíufélaganna eins og áður hefur komið fram. Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir félagið ætla að krefjast bóta upp á tugi milljóna króna og gæti talan jafnvel farið yfir hundrað milljónir. Lúðvík Bergvinsson, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum og þingmaður Samfylkingarinnar, segir Vestmannaeyjabæ ætla að sækja sinn rétt. Í nóvember hafi verið óskað skriflega eftir viðræðum við olíufélögin um bætur en svör hafi ekki enn borist. Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur líka óskað eftir viðræðum við olíufélögin um skaðabætur vegna tjóns sem útgerðin hefur orðið fyrir.

hrs@frettabladid.is

Höfn í Hornafirði:

# Írani vill landvistarleyfi

**LÖGREGLUMÁL** Íranskur karlmaður á fimmtugsaldri gaf sig fram við lögregluna á Höfn í Hornafirði um ellefu leytið á þriðjudagskvöld og óskaði að sér yrði veitt landvistarleyfi þar til hann heldur áfram til Kanada.

Ekki er ljóst hvernig maðurinn komst til landsins en tungumálaefiðleikar hafi gert erfitt að afla upplýsinga frá honum. Grunur leikur á að hann hafi komist til landsins með skipi en ekki er vitað með hvernig skipi eða hvort hann hafi verið laumufarþegi. Skilríki mannsins reyndust vera í lagi og verður hann sendur til Reykjavíkur á morgun þar sem Útlendingastofnun mun taka mál hans fyrir. - bs

Leifsstöð:

# Með falsað vegabréf

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítug kona frá Kamerún var stöðvuð á Keflavíkurflugvelli í gær með franskt vegabréf sem reyndist ekki vera hennar eigið. Lögreglan í landamæradeild varð þess vör að myndin í vegabréfi konunnar benti til þess að ekki væri um hennar eigin skilríki að ræða. Nánari athugun tók allan vafa af um málið og við leit fannst hið rétta vegabréf í fórum hennar.

Konan var á leið vestur um haf þegar hún var stöðvuð en hún á yfir höfði sér allt að mánaðarlangt fangelsi fyrir brot sitt en henni verður birt ákæra í dag. - bs






Danir kjósa á þriðjudag:

# Stjórnin með gott forskot

**DANMÖRK** Venstre fengi um 32 prósent atkvæða ef Danir gengju að kjörborðinu í dag samkvæmt tveimur skoðanakönnunum sem birtust í gær. Samkvæmt könnunum Politiken og Berlingske Tidende verður Venstre fimmtungi stærri en næststærsti flokkurinn, Jafnaðarmannaflokkurinn sem fengi 25 til 26 prósent atkvæða.

Samkvæmt könnun Berlingske Tidende fengju stjórnarflokkarnir samanlagt 96 þingsæti og stjórnarandstöðuflokkarnir 79. Stjórnarandstöðuflokkarnir fengju 80 þingsæti samkvæmt könnun Politiken og stjórnarflokkarnir 95. ■

**SKOÐANAKANNANIR**

| Flokkur | Politiken | Berlingske Tidende |
|---|---|---|
| Jafnaðarmenn | 26,0% | 25,1% |
| Radikale venstre | 8,4% | 9,3% |
| Íhaldsflokkurinn | 9,7% | 9,2% |
| Vinstri sósíalistar | 7,5% | 6,6% |
| Danski þjóðernisfl. | 11,6% | 11,3% |
| Venstre | 31,7% | 31,8% |
| Einingarlistinn | 2,9% | 3,2% |



**KOSIÐ MEÐ KAFFINU**
Viðskiptavinir 7-Eleven geta sýnt hug sinn í verki með því að velja sér kaffimál með mynd af Anders Fogh Rasmussen eða Mogens Lykketoft.



# ÚTSÖLULOK

alla helgina!

## Götumarkaðsstemmning

Gerðu ótrúleg kaup
á síðustu dögum
útsölunnar!

**Opið til 21 í kvöld**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27234 02/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,40 | 61,70 |
| Sterlingspund | GBP | 115,77 | 116,33 |
| Evra | EUR | 80,24 | 80,68 |
| Dönsk króna | DKK | 10,78 | 10,84 |
| Norsk króna | NOK | 9,70 | 9,76 |
| Sænsk króna | SEK | 8,83 | 8,89 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,60 |
| SDR | XDR | 93,40 | 93,96 |

*Gengisvísitala krónunnar*

110,26 -0,21%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslenska kennslanefndin komin frá Taílandi:

# Mikið verk er óunnið

Íslenskur starfshópur sem vann að því að bera kennsl á lík þeirra sem féllu í hamförunum við Indlandshaf á annan í jólum sneri heim frá eyjunni Phuket við Taíland á þriðjudag.

Bjarni J. Bogason aðstoðaryfirlögregluþjónn, Sigríður Rósa Víðisdóttir tannlæknir og Svend Richter, dósent við tannlæknadeild Háskóla Íslands, eru öll í kennslanefnd ríkislögreglustjóra. Þau héldu utan 16. janúar eftir að beiðni um aðstoð barst frá Norðmönnum sem sendu einnig hóp til að auðkenna þá sem fórust.

Hópurinn segir að mikið starf sé óunnið þar sem enn eigi eftir að bera kennsl á mörg þúsund lík. Það gengur hægt fyrir sig að auðkenna hina látnu, sérstaklega í tilfellum þar sem þarf að gera DNA-greiningu, en hún getur tekið nokkra mánuði. Aðstandendum hinna látnu er ekki afhent líkið fyrr en búið er að bera kennsl á hinn látna.

Að sögn Gísla Pálssonar, formanns kennslanefndar, er leitað sérstaklega til Norðurlandabúa í málum sem þessum því þeir hafi orð á sér fyrir mikla nákvæmni og að skara fram úr á þessu sviði, en kennslanefndir frá fjölmörgum löndum starfa saman á hamfarasvæðinu.

**- bs**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KENNSLANEFNDIN**
Svend Richter, Gísli Pálsson. Sigríður Rósa Víðisdóttir og Bjarni J. Bogason. Svend, Sigríður og Bjarni héldu utan 16. janúar og komu aftur til landsins á þriðjudag.

Farfuglar:

# Súlan komin

**FUGLALÍF** Fyrstu súlur ársins sáust í Vestmannaeyjum og á Garðskaga 9. janúar s.l. og utan við Stokksnes í Nesjum 30. janúar. Þar með eru fyrstu farfuglarnir komnir til landsins en á næstu dögum má búast við sílamáfum og skúmum til landsins.

Brynjúlfur Brynjólfsson, fuglaáhugamaður á Hornafirði, segir að einnig megi búast við að snjótittlingum fari fjölgandi á næstu dögum. „Snjótittlingar teljast til farfugla en það eru einkum karlfuglar sem við sjáum á Íslandi frá hausti og fram í febrúar. Dömurnar halda suður á bóginn þegar kólnar,“ segir Brynjúlfur.

**- kk**

Iceland Express braut samkeppnislög:

# Villandi auglýsingar

**SAMKEPPNISMÁL** Forsvarsmenn Iceland Express hafa viðurkennt að hafa brotið samkeppnislög með því að auglýsa fargjöld án þess að hafa gjöld vegna flugvallarskatts inni í verðinu. Heimildir blaðsins herma að fyrirtækið þurfi að borga 200 þúsund krónur í sekt.



**VÉLAR ICELAND EXPRESS**

Anna Birna Halldórsdóttir, forstöðumaður markaðsmálasviðs Samkeppnisstofnunar, segir að málinu hafi lokið með sátt. Málið sé svipað og mál sem komu upp árið 2002 þegar Flugleiðum, Plúsferðum, Heimsferðum, Úrvali-útsýn og Heimsklúbbi Ingólfs var gert að greiða á bilinu 300 til 400 þúsund krónur í sektir. Þeim málum lauk ekki með sátt heldur ákvörðun samkeppnisráðs.

**-th**

Iceland Express til Frankfurt:

# Miðasala hefst í dag

**FLUG** Iceland Express hefur sölu á flugferðum til Frankfurt í Þýskalandi í dag og verður fyrsta ferð félagsins þangað 21. maí næstkomandi og verður flogið þrisvar í viku.

Flugvöllurinn Frankfurt Hanh er miðja vegu á milli Frankfurt og Luxemborgar og er sagður henta þeim sem vilja halda áfram ferð sinni um meginland Evrópu og þeim sem vilja ferðast um Þýskaland. Lægstu fargjöldin kosta 6.995 krónur aðra leið með sköttum en takmarkað framboð er á þeim.

**- bs**

# Flestir trúa að skipt verði um formann

**Þeir eru helmingi fleiri sem telja að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði næsti formaður Samfylkingarinnar en þeir sem telja að Össur haldi áfram formennsku. Ef aðeins er litið til stuðningsmanna flokksins er munurinn meiri.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Mikill meirihluti landsmanna telur að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði næsti formaður Samfylkingarinnar, samkvæmt skoðunakönnun sem Fréttablaðið lét gera. Af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar telja rúm 63 prósent að Ingibjörg Sólrún verði næsti formaður, en rúm 32 prósent telja að Össur Skarphéðinsson verði formaður Samfylkingarinnar. Rúm fjögur prósent telja að einhver annar verði formaður. Það eru því um helmingi fleiri sem telja að formannsskipti fari fram í Samfylkingunni í vor, en þeir sem telja að Össur verði áfram formaður.

Mun fleiri konur telja að Ingibjörg verði næsti formaður flokksins, eða 58,3 prósent, á meðan 49,3 prósent karla telja að Ingibjörg verði formaður. Tæplega 24 prósent kvenna telja að Össur haldi áfram formennsku í flokknum, en 31 prósent karla. Þá telja aðeins fleiri af landsbyggðinni að Ingibjörg verði formaður, eða rúm 57 prósent á móti tæpum 52 prósentum á höfuðborgarsvæðinu. Tæp 30 prósent af landsbyggðinni telja að Össur haldi velli sem formaður, en 26 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins fleiri eru óákveðnir á höfuðborgarsvæðinu.

Ef einungis er tekið tillit til þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna verður niðurstaðan enn meira afgerandi. Það verður þó að hafa í huga að slíkar athuganir eru einungis vísbendingar um hvernig stuðningsmenn Samfylkingar telja að formannskjörið fari, þar sem stuðningsmenn Samfylkingar eru einungis um 160 og niðurstaðan því alls ekki marktæk. Af þeim telja þó 72 prósent að Ingibjörg Sólrún verði næsti formaður, en 20 prósent telja að Össur haldi áfram formennsku. Þetta bendir til að fleiri utan Samfylkingar telji að Össur haldi áfram að vera formaður, en innan flokksins. Ef einungis er tekið tillit til þeirra sem taka afstöðu telja tæp 77 prósent að Ingibjörg Sólrún taki við formennsku, en rúm 21 prósent telja að Össur haldi áfram. Tæp tvö prósent telja að einhver annar muni taka við formennsku í flokknum nú í vor.

Hringt var í 800 manns 1. febrúar, sem skiptist jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hver telur þú að verði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi. 81,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

**svanborg@frettabladid.is**

**Hver telur þú að verði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi?**

| | |
|---|---|
| Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | 63,2% |
| Össur Skarphéðinsson | 32,3% |
| Annar | 4,4% |





Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Erum ekki óskrifað blað

**SKOÐANAKÖNNUN** „Mér þykir vænt um að svona stór hluti skuli meta stöðu mína með þessum hætti. En eins og ég hef oft sagt áður, það er ekki aðalatriðið að vinna kannanir heldur að vinna kosningar.“

Hvað varðar tölur um stuðning samfylkingarfólks segir Ingibjörg þetta sýna að andstæðingarnir séu ekki hrifnir af henni, sem komi ekki á óvart. Hún segir þetta ekki verða fjögurra mánaða kosningabaráttu. „Við Össur erum ekki óskrifað blað. Við höfum bæði verið lengi í stjórnmálum og fólk veit hvað við stöndum fyrir og þekkir verkin okkar. Ég hugsa að stór hluti fólks hafi þegar gert upp hug sinn. Fólk verður ekki flutt til og frá eftir því hvernig vindur blæs og hvað gerist í fjölmiðlum á næstu mánuðum.“

**- ss**

Össur Skarphéðinsson:

# Langt til landsfundar

**SKOÐANAKÖNNUN** „Spurning blaðsins er um spá fólks en ekki vilja. Það sem skiptir hins vegar máli er niðurstaða í kosningum. Það er langt til landsfundar og menn spyrja að leikslokum. Ég held að margir eigi eftir að verða hissa. Ég sá hann oft svartan sem formaður Samfylkingarinnar þegar hún var í 14 til 16 prósentum. En menn vita hvar hún er í dag.“

Hvað varðar niðurstöður innan Samfylkingarinnar segir hann úrtakið of lítið til að slá nokkru á fast og óvíst hvað þetta segi um afstöðu hins virka kjarna flokksins sem þekki störf hans. „En þó að ég hafi manna mest talað um að menn eigi ekki að lifa eftir skoðanakönnunum, ber að skoða svona niðurstöðu með íhygli en fráleitt að hún segi nokkuð um það hverjar lyktir verða. Nú bíta menn í skjaldarrendur.“

**- ss**


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000

=200.000
króna gengishagnaður

LEGACY

Verð á mán 29.956,-*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


## Veðrið

**BREYTINGAR**
Dagurinn byrjar með suðlægum áttum og skúrum eða slydduéljum á vesturhelmingi landsins. Snýst smám saman í ákveðna norðanátt fyrir norðan með snjókomu eða éljum undir kvöld. Kólnandi veður.

**HORFUR UM HELGINA:**
Vestlægar áttir á laugardag með éljum vestan til en bjart austan til. Frost 2-8 stig en kaldara inn til landsins. Á sunnudag verður orðið frostlaust á landinu með fremur hægri vestlægri átt með súld eða rigningu vestan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Strekkingur með suðurströndinni, annars hægari.

### Laugardagur




Strekkingur með norðurströndinni, annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C | skýjað | Frankfurt | 7°C | alskýjað | Torrevieja | 15°C | léttskýjað |
| Osló | 6°C | léttskýjað | Prag | 2°C | alskýjað | Róm | 10°C | skýjað |
| London | 11°C | léttskýjað | Amsterdam | 9°C | léttskýjað | New York | 4°C | heiðskírt |
| París | 9°C | skýjað | Varsjá | 1°C | alskýjað | Miami | 26°C | skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.





# Útsölulok

**GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING**

**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**

**Frá fimmtudegi til sunnudags!**

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.



## KJÖRKASSINN

*Ertu búin(n) að fá flensuna?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 30.74% |
| Nei | 69.26% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með Íslensku tónlistarverðlaununum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Fékk skilorðsbundið fangelsi:

# Braut gegn dótturdóttur eiginkonu sinnar

**DÓMSMÁL** Maður um sjötugt var dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn dótturdóttur eiginkonu sinnar. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Þótti rétt að fresta fullnustu refsingarinnar í þrjú ár haldi maðurinn skilorð vegna veikinda hans, aldurs og iðrunar sem hann sýndi í dómssal.

Maðurinn var ákærður fyrir tólf brot gegn stúlkunni, sem er fædd árið 1988, á árunum 2000 til 2004. Ekki þótti fyllilega sannað að maðurinn hefði framið öll brotin enn hann játaði hluta ákærunnar. Hann var sakfelldur fyrir fjóra ákæruliði en sýknaður af tveimur. Við ákvörðun refsingar mannsins var litið til þess að hann misnotaði sér gróflega aðstöðu sína og trúnaðartraust stúlkunnar en hann hafði skyldum að gegna gagnvart henni á heimili sínu. Eins var horft til þess að háttsemi mannsins hefði verið til þess fallin að valda stúlkunni sálarháska og tjóni og að hann ætti sér engar málsbætur. Var manninum gert að greiða stúlkunni 350 þúsund krónur í bætur.

- hrs



**HÉRAÐSDÓMUR**
Þótti rétt að fresta fullnustu refsingarinnar í þrjú ár vegna veikinda mannsins, aldurs og iðrunar sem hann sýndi í dómssal.

Mál Bobby Fischer:

# Alþingi áminnt

**RÍKISBORGARARÉTTUR** Stuðningsnefnd Bobby Fischer hefur sent Alþingi bréf til að minna á umsókn hans um íslenskan ríkisborgararétt.

Í bréfinu segir að beðið sé jákvæðrar afgreiðslu með mikilli eftirvæntingu enda sé tíminn löngu farinn að skipta „máli með hliðsjón af bágum aðstæðum umsækjandans, sem því miður kunna þegar að hafa haft afdrifarík áhrif á heilsu hans til líkama og sálar“.

Fischer hefur búið við illan kost í fangavist í Japan í rúmlega hálft ár.

- ghs

Heilbrigðisráðherra:

# Skurðstofumál í vinnslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Verið er að láta hanna nauðsynlegar breytingar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja meðal annars með tilliti til aukinnar skurðstofuþjónustu, að sögn Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. Hann segir þó engar dagsetningar komnar í málinu.

„Við erum með ákveðna framtíðarsýn sem við höfum teiknað upp þarna,“ sagði ráðherra. „Við stefnum að því að bæta þjónustuna þarna, meðal annars með endurnýjun á skurðstofum.“

Spurður um fyrirhugaða sex vikna lokun á skurðstofu sjúkrahússins í Vestmannaeyjum næsta sumar vegna fjárskorts sagði ráðherra það mál vera í vinnslu í samráði við heimamenn.

- jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÖLVAÐUR Á BÍL** Ungur maður var tekinn grunaður um ölvun við akstur á Fáskrúðsfirði. Maðurinn var færður á lögreglustöðina og læknir kallaður til blóðtöku. Lögreglan á Fáskrúðsfirði stöðvaði manninn klukkan hálf fimm á miðvikudagsmorgninum.

**BRÆLA Á MIÐUNUM** Á hádegi í gær voru 135 skip á sjó. Það er mun færra en deginum áður þegar þau voru 258. Vaktmaður tilkynningaskyldunnar segir loðnuskipin flest. Þau séu austan við landið. Margir Eyfirðingar og Húsvíkingar séu einnig á sjó. Bræla sé á miðunum. Vindur hafi mælst 14 til 19 metrar á sekúndu á Gufuskálum við Hellissand á Snæfellsnesi. Á Garðskaga hafi ölduhæð mælst 8,7 metrar á 10,6 sekúndna fresti. Það sé töluverður sjór.






# Fékk sjónina aftur eftir stórar aðgerðir

**Íris var komin með minna en 20% sjón og stefndi hraðbyri í að verða blind vegna arfgengs sjúkdóms. Þá fékk hún gefins hornhimnur, aðra frá Danmörku en hina frá Bandaríkjunum. Hún fór í tvær aðgerðir og fékk sjónina aftur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íris Arnlaugsdóttir var 16 ára þegar hún fór að finna fyrir versnandi sjón, sem við rannsóknir reyndist vera af völdum augnsjúkdóms sem er arfgengur og landlægur hér. Tíu árum síðar var skipt um hornhimnu í öðru auga hennar. Þá var sjónin komin niður fyrir 20%. Í dag stundar hún háskólanám, er algjör lestrarhestur og sér „meira að segja í lit,“ eins og hún orðar það.

Sjúkdómurinn umræddi lýsir sér þannig að sjón fer að versna, jafnvel oft innan við tvítugt, að sögn Friðberts Jónassonar augnsérfræðings á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Flestir þeirra sem fá hann svo snemma eru komnir í algjört þrot í kringum þrítugt. Þeir eru þá hættir að geta lesið, geta ekki ekið bíl eða gert aðra nauðsynlega hluti.

Eina lækningin við sjúkdómnum er að græða nýja hornhimnu á augað, því um er að ræða efnaskiptasjúkdóm í hornhimnu.

Sjúkdómurinn stafar af víkjandi erfðum sem þýðir að báðir foreldrarnir þurfa að vera með tiltekinn genagalla. Tíðni hans hér stafar af skyldleika landsmanna. Þar með er „genapotturinn“ mjög lítill og sjúkdómurinn ræktast upp, segir Friðbert.

„Ég flosnaði upp úr skóla þegar ég fór að missa sjónina,“ rifjar Íris upp. „Fólk hafði ekki skilning á að ég sæi ekki á töfluna og ætti erfitt með að lesa. Þá var ég að verða búin með stúdentinn.“

Hún var 26 ára þegar hún fór í aðgerð á fyrra auganu, þar sem skipt var um hornhimnu. Hún átti þá orðið eins og hálfs árs strák en var hætt að geta unnið.

„Ég man hvað ég varð hissa þegar ég opnaði augun,“ segir hún. „Áður hafði allt verið í móðu og grátt. En nú sá ég – og meira að segja í lit. En ég mátti ekkert gera í tvo mánuði eftir að ég fór í aðgerðina. Ekki taka strákinn minn upp, ekki beygja mig, ekkert. Bara liggja í myrkvuðu herbergi.

Í enda október fór ég svo í sams konar aðgerð á hinu auganu og það er nú að jafna sig. Sjóndepurðinni, aðgerðunum og eftirköstum þeirra fylgja miklar höfuðkvalir. Þá þarf ég að fara í leysiaðgerðir til að leiðrétta sjónskekkju sem hornhimnuskiptin ollu. Og svo get ég átt á hættu að líkaminn hafni nýju hornhimnunum, auk þess sem sjúkdómurinn verður alltaf til staðar.“

Írís lætur þessar vangaveltur þó ekki hindra sig. Hún lauk stúdentsprófi eftir fyrri hornhimnuskiptin og stundar nú nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Geri aðrir betur.

jss@frettabladid.is



**EFTIR AÐGERÐ**
Íris með Jökli syni sínum eftir seinni augnaðgerðina. Fyrri hornhimnuna fékk hún frá Danmörku en þá síðari frá Bandaríkjunum.



**Í HÁSKÓLANÁMI**
Nú stundar Íris nám í stjórnmálafræði í HÍ. Hún þarf enn að nota sterka steradropa sem hún setur í augað sem seinni aðgerðin var gerð á. Hún býst allt eins við að þurfa að fara í hornhimnuaðgerðir síðar á ævinni. Sjúkdómurinn er enn til staðar.




Dauphin
skrifborðsstóll með 17.000 kr. afslætti!

Penninn býður nú hinn vinsæla Dauphin Shape 8374 skrifborðsstól á sérstöku tilboðsverði*
Hæðarstillanleg seta og bak.
„Fljótandi“ eða hallastillanleg seta.
Hallastillanlegt bak. Samhæfing setu og baks, fylgir hreyfingum notandans.
Hæðar- og hliðarstillanlegir armar.
Mótstöðustilling í baki. Hörð eða mjúk hjól. 5 ára ábyrgð.
* Gildir út september eða á meðan birgðir endast.

Tilboðsverð kr.
59.900.-

Penninn
Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000
penninn@penninn.is, www.penninn.is

OPINBERA.IS


Friðbert Jónasson sérfræðingur í augnlækningum:

# Mikill skortur á gjafaaugum hér

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikill skortur hefur verið á gjafaaugum hér á landi, svo hægt sé að framkvæma nauðsynlegar hornhimnuaðgerðir á ungu fólki sem þjáist af ættgengum sjúkdómi sem leiðir til blindu, að sögn Friðberts Jónassonar sérfræðings í augnlækningum. Það getur að hluta stafað af því að á líffæragjafakortum, sem Landlæknisembættið gefur út og fólk getur gefið ýmsa líkamshluta að sér látnu, er ekki getið um augu.

Friðbert sagði að hornhimnuaðgerðirnar hefðu verið gerðar hér á landi frá árinu 1980. Um tíu slíkar væru framkvæmdar árlega. Ástæðurnar væru mjög mismunandi, en algengasta ástæðan væri sjúkdómurinn ættgengi sem getið er um hér á síðunni.

„Þessi sjúkdómur er miklu algengari hér á landi heldur en annars staðar,“ sagði Friðbert. „Á tuttugu ára tímabili sem ég hef gert þessar aðgerðir hefur þriðji hver þurft á þeim að halda út af þessum eina sjúkdómi.

Fyrstu tíu árin gekk býsna vel að fá gjafaaugu. En síðan voru breyttar kröfur um gjafavef. Við höfðum ekki þann tækjabúnað sem þær breytingar kostuðu til að uppfylla evrópska og bandaríska staðla. Við náðum sambandi við norræna hornhimnubankann í Árósum. Það hefur gengið mjög illa að fá gjafaaugu hér á landi á síðari árum. Á síðasta ári vorum við komnir í mikla hönk og fengum þá björgun frá bandarískum augnbanka.“

- jss



**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ**
Augu ekki á líffæragjafakortum sem embættið gefur út.


MARBERT
Gjöfin þín
Þú kaupir 50ml krem að eigin vali og færð að auki spennandi gjöf sem inniheldur:
• Snyrtibuddu
• Soft Cleansing Emulsion 50ml
• Lip & Eye Make Up Remover 50ml
• Eye Cream 3ml
MARBERT
MARBERT
EASY LIP & EYE MAKE UP REMOVER
MARBERT
SOFT CLEANSING EMULSION
MARBERT
Kynningar í Hagkaupum Akureyri, Smáralind, Skeifunni og Spönginni fimmtudag, föstudag og laugardag.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Fæst í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.










Páfi með flensu og á við öndunarerfiðleika að stríða:

## Lagður inn á sjúkrahús

**ÍTALÍA, AP** Jóhannes Páll II páfi dvelur nokkra daga á sjúkrahúsi vegna veikinda sem hrjá hann. „Það er engin ástæða til hræðslu," sagði Joaqin Navarro-Valls, talsmaður páfa, í gær. Hann sagði að páfi væri með hita og haft yrði eftirlit með honum næstu daga vegna öndunarerfiðleika sem hann hefur átt við að stríða.

Navarro-Valls sló á létta strengi þegar hann gerði lítið úr veikindum páfa og sagði að ástæðan fyrir því að hann hefði verið fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús væri sú að neðanjarðarlestin gengi ekki nógu langt.

Heilsa páfa hefur lengi verið bág. Hann þjáist af Parkinsonsveiki og sagði Javier Lozano Barragan, kardínáli og æðsti maður Vatíkansins í heilbrigðismálum, að vanmáttur páfa til að halda sér uppréttum gerði að verkum að þrengt væri að lungum hans og þind.

Páfi dvelst á sérstakri deild á sjúkrahúsinu sem er frátekin fyrir hann. Þar er kapella, eldhús og svefnaðstaða fyrir helsta aðstoðarmann hans. Vegna þess hversu oft páfi dvelur á Gemellisjúkrahúsinu hafa ítalskir fréttamenn stundum uppnefnt það Þriðja Vatíkanið. ■


AP MYND

**BEÐIÐ FYRIR PÁFA** Tvær nunnur biðja fyrir Jóhannesi Páli II páfa á Péturstorgi.

# Apótekarinn sætir árásum bæjarfulltrúa

**Framkvæmdastjóri Apóteks Vestmannaeyja segir bæjarfulltrúa hafa skaðað rekstur apóteksins með neikvæðri umræðu. Bæjarfulltrúinn hefur tvisvar sakað eiganda apóteksins um að standa ekki við gefin fyrirheit um vöruverð.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Andrés Sigumundsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Vestmannaeyjabæ, hefur í tvígang, fyrst í bæjarráði síðan í bæjarstjórn, sakað eiganda Apóteks Vestmannaeyja um að hafa ekki staðið við gefin fyrirheit um samkeppnishæft vöruverð.

> „Það var sagt um Andrés að hann væri galdramaður ársins 2004 í Vestmannaeyjum.

Andrés flutti tillögu um málið á síðasta bæjarstjórnarfundi þar sem hann sagði að vegna þessara vanefnda bæri bæjarstjórninni að taka jákvætt í umsókn annarra um rekstur apóteks í bænum. Engin umsókn lá fyrir og felldu sjálfstæðismenn og fulltrúar Vestmannaeyjalistans tillöguna og sögðu enn fremur að bæjaryfirvöld ættu að taka afstöðu til umsókna ef og þegar þær bærust.

Hanna María Siggeirsdóttir, framkvæmdstjóri apóteksins, segir málflutning bæjarfulltrúans undarlegan. Vöruverðið í apótekinu sé í takt við það sem gerist annars staðar. Sem sakir standa segist hún ekki ætla að aðhafast neitt í málinu.

„Það var sagt um Andrés að hann væri galdramaður ársins 2004 í Vestmannaeyjum því hann hefði fengið hægri og vinstri menn til að vinna saman," segir Hanna María. „Þessi málflutningur hans er með ólíkindum og enginn grundvöllur fyrir þessum árásum. Ég skil ekki hvað honum gengur til því það liggur ekki einu sinni fyrir umsókn frá öðrum. Andrés er kjörinn fulltrúi minn jafnt sem annarra Vestmannaeyinga og sem slíkur má hann ekki hygla einum umfram annan. Hann er þegar búinn að valda mér skaða með neikvæðri umræðu í bæjarfélaginu og ef hann heldur málinu áfram á þessum nótum mun ég alvarlega íhuga að gera eitthvað í því."

Guðjón Bragason, skrifstofustjóri sveitarstjórnarskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, segir að auðvitað geti sveitarstjórnarmenn verið ábyrgir fyrir orðum sínum fyrir dómstólum. Það vegi hins vegar þungt að samkvæmt sveitarstjórnarlögum geti sveitarstjórnir ályktað um hvert það mál sem hún telji varða sveitarfélagið. Þá segir einnig í lögunum að sveitarstjórnarmenn séu einungis bundnir af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og þeim beri að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

trausti@frettabladid.is



**ANDRÉS SIGMUNDSSON** Framkvæmdastjóri apóteksins segir að sem kjörinn fulltrúi megi Andrés ekki hygla einum umfram annan.

Andrés Sigmundsson:

## Svikin loforð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Andrés Sigmundsson bæjarfulltrúi segir að forsvarsmenn apóteksins hafi gefið skriflegt fyrirheit um samkeppnishæft vöruverð fyrir um tveimur árum.

„Það var ýmsu lofað en það er að koma á daginn að þau loforð hafa verið svikin," segir Andrés.

Aðspurður hvort einhver verðkönnun hafi verið gerð segir hann ekki svo vera. Hann viti hins vegar um mörg dæmi þess að verðið sé ekki samkeppnishæft við það sem gerist annars staðar. Andrés segist ekki skilja hvers vegna tillagan hafi verið felld. Hann vilji hvetja aðrar lyfjaverslanir til að hefja rekstur í bænum því honum finnist eðlilegt að Vestmannaeyingar njóti sama lyfjaverðs og aðrir landsmenn. ■

Egyptar boða til ráðstefnu um málefni Palestínu:

## Abbas og Sharon funda í næstu viku

**MIÐ-AUSTURLÖND, AP** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hafa þegið boð Hosni Mubaraks Egyptalandsforseta um að koma saman til fundar í Egyptalandi næsta miðvikudag. Að auki hefur Abdúlla Jórdaníukonungur samþykkt að vera viðstaddur.

Tilgangurinn með fundinum er að treysta þau skref sem stigin hafa verið í átt til friðar að undanförnu. Síðustu daga minnkaði bjartsýni manna á frið fyrir botni Miðjarðarhafs þegar tíu ára palestínsk stúlka var skotin til bana og vígamenn réðust á Ísraelsher í hefndarskyni. Ísraelar kannast hins vegar ekki við að hafa orðið stúlkunni að bana.

Vonir standa til þess að Abbas og Sharon komist að samkomulagi um vopnahlé á fundi sínum í næstu viku sem verður haldinn í hafnarborginni Sharm el-Sheik við Rauðahaf.

Mubarak hefur hingað til neitað að hitta Sharon en leynilögregluforingi hans, Omar Suleiman, sem hitti Sharon í gær kom boði Mubaraks á framfæri. Í fyrradag ræddi Suleiman við fulltrúa herskáu samtakanna Hamas og Íslamskt Jihad í Kaíró, höfuðborg Egyptalands. ■



**GÖNG EYÐILÖGÐ** Ísraelar og Palestínumenn hafa reynt að stuðla að vopnahléi að undanförnu. Palestínumenn eyddu í gær göngum sem notuð voru til að smygla vopnum inn á Gazasvæðið.

# SÍÐUSTU DAGAR OKKAR Í SÍÐUMÚLANUM!

# ALLT Á AÐ SELJAST

BÓKABÚÐIR MM

**Bókabúð Máls og menningar flytur í Hallarmúlann og þess vegna verðum við með**

# RISAÚTSÖLU!

**Ótrúlegt verð í Síðumúla til 17. febrúar!**

Yfir 100 titlar af nýjum íslenskum bókum með **50% afslætti**
Íslenskar bækur með allt að **80% afslætti** • Litabækur frá **100 kr.**
Ferðatöskur með **50% afslætti** • Skák- og bridgevörur með **50% afslætti**
Myndlistarvörur með allt að **70% afslætti** • Jeva leikskólatöskur frá **897 kr.**
Erlendar gjafabækur og kiljur frá **195 kr.** • Crayola föndursett frá **299 kr.**
Partýpakkar frá **297 kr.** • Pennaveski með allt að **70% afslætti**

**Fjöldi annarra tilboða – Kíktu í Síðumúla 7-9 og gerðu góð kaup!**

Opið frá 12-18 alla daga nema sunnudaga

Fíton/SÍA FI11837



Sumarhúsa-eigendur og aðrir farþegar til Spánar!

Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá 19.950 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flugáætlun

19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100


Skortur á skólahúsnæði:

# Borgin vill starfrækja Landakotsskóla

**REYKJAVÍK** Skólayfirvöld í Landakotsskóla hafa óskað eftir skriflegum tillögum frá fræðsluyfirvöldum um að skólinn verði hluti af almennu skólakerfi en Reykjavíkurborg hafði óskað eftir viðræðum um rekstrarsamning við kaþólsku kirkjuna.

Hjalti Þorkelsson skólastjóri segir að ekki hafi verið tekin afstaða til málsins. „Þetta eru hugmyndir í lausu lofti og við getum ekki tekið afstöðu fyrr en við fáum eitthvað í hendurnar,“ segir hann. Gert er ráð fyrir að nemendum í Vesturbænum fjölgi um 100 á næstu árum. Vesturbæjarskóli getur ekki tekið við öllum þessum fjölda og þarf því að leysa málið með öðrum hætti. Landakotsskóli hefur í dag um 100 nemendur og landrými til að taka við öðrum eins fjölda.

Hjalti segir að fræðsluyfirvöld hafi viðrað ýmsar hugmyndir um að nýta betur það sem sé fyrir hendi í Landakotsskóla. Fundurinn hafi verið liður í viðræðum um stöðu einkaskólanna í Reykjavík. Tillagnanna er vænst um miðjan febrúar og í framhaldi af því verður málið skoðað.

- ghs



**HJALTI ÞORKELSSON**
Skólastjóri Landakotsskóla segir hugmyndir borgarinnar liggja í lausu lofti og ekki sé hægt að taka afstöðu fyrr en skólayfirvöld fái eitthvað skriflegt í hendurnar.

# Maraþonátök í Framsóknarflokknum

Átökin í Framsóknarflokknum eru til tveggja ára því flokksmenn telja að þá muni Halldór Ásgrímsson hætta í stjórnmálum. Árni Magnússon ætlar sér formannsstólinn og hefur hafið valdatafl þar sem hver leikur skiptir máli.

Altalað er meðal framsóknarmanna, svo notuð séu orð þeirra sjálfra, að Halldór Ásgrímsson ætli að draga sig í hlé í íslenskum stjórnmálum að loknu þessu kjörtímabili. Þau innbyrðis átök í flokknum sem flokkurinn hefur þurft að glíma við að undanförnu eru sögð snúast um það hver taki við formennsku flokksins af Halldóri.



**BAKSVIÐS**
ÁTÖKIN Í FRAMSÓKNARFLOKKNUM

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Slagurinn stendur milli tveggja fylkinga. Önnur er skipuð nánum samstarfsmönnum Halldórs og hafa bræðurnir Árni og Páll Magnússynir þar töglin og hagldirnar. Sú fylking hefur ýmist verið nefnd, „þæga liðið“, „klíkan“ eða jafnvel „nýi Framsóknarflokkurinn“. Auk bræðranna hafa verið orðuð við þennan væng flokksins Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Hjálmar Árnason þingflokksformaður, Guðjón Ólafur Jónsson varaþingmaður og Björn Ingi Hrafnsson, varaþingmaður og aðstoðarmaður Halldórs.



### Hinir óþægu

Hin fylkingin samanstendur af rótgrónum framsóknarmönnum sem leggja öðru fremur áherslu á lýðræði, samvinnu og jafnræði, eða „gömlu góðu gildin“ eins og þau eru nefnd. Þessi fylking hefur verið nefnd „hinir óþægu“ og „Kidda-klíkan“. Hana skipa meðal annarra Kristinn H. Gunnarsson þingmaður, Jónína Bjartmarz þingmaður, Siv Friðleifsdóttir þingmaður og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.



### Árni taki við af Halldóri

Hræringarnar innan flokksins og átökin fyrir upphaf aðalfundar Félags ungra framsóknarmanna í Kópavogi í fyrrakvöld sem og í Freyjunni, Félagi framsóknarkvenna í Kópavogi eru sagðar snúast um það eitt að koma Árna Magnússyni í þá stöðu að hann verði öruggur arftaki Halldórs um formannssætið.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON OG SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
Halldór og Siv tilheyra sinni hvorri fylkingu Framsóknarflokksins. Slagurinn stendur nú á milli „nýja Framsóknarflokksins“ og „hinna óþægu“.

Til þess að svo megi vera verður Árni að komast fram fyrir Siv í flokknum. Siv var fyrsti maður á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi og var kjörin fimmti þingmaður kjördæmisins í síðustu alþingiskosningum. Hún var eini framsóknarmaðurinn í kjördæminu sem náði kjöri. Þá hefur Siv verið ritari flokksins og þar með gegnt einu helsta trúnaðarembætti flokksins.

### Ótryggt bakland í kjördæmi formannsins



Árni var annar maður á lista Framsóknarflokks í Reykjavík norður. Framsóknarflokkurinn hefur þar mjög ótryggt bakland, fékk rúm 11 prósent í síðustu alþingiskosningum og alls ekki var útséð með að formaðurinn sjálfur, sem skipaði fyrsta sæti á listanum, næði kjöri. Árni komst sjálfur inn sem uppbótarþingmaður.

Því stefna stuðningsmenn Árna að því að koma honum í öruggt sæti í kjördæmi sem hefur tryggt bakland framsóknarmanna. Tvö hafa verið nefnd, annað er Suðurkjördæmi, þar sem framsóknarmenn hafa löngum haft mikil ítök. Guðni Ágústsson var þar fyrsti maður á lista og hefur þar mikið persónufylgi. Á hæla hans var Hjálmar Árnason, sem ólíklegt er að muni vera gert að rýma sæti sitt fyrir Árna því hann hefur í erfiðum málum reynst formanninum haukur í horni sem formaður þingflokksins.

### Ítök í stjórnum hjálpa til



Stuðningsmenn Árna horfa því hýrum augum til kjördæmis Sivjar, Suðvesturkjördæmis. Aðildarfélögin innan flokksins útnefna fulltrúa á flokksþing og kjördæmaþing. Á kjördæmaþingi er raðað á framboðslista. Ítök í stjórnum aðildarfélaganna hjálpa því til við að komast á framboðslista í kjördæminu en það er einmitt það sem átökin í Freyju nú á dögunum snerust um. Freyjan hefur verið orðuð við „hina óþægu“ og er fyrrverandi formaður Freyjunnar, Una María Óskarsdóttir, sem var aðstoðarmaður Sivjar í umhverfisráðuneytinu, sögð vera í þeim hópi.

Með því að taka yfir stjórn Freyjunnar með hjálp eiginkvenna sinna og vinkvenna þeirra, sem margar hverjar koma úr hvítasunnusöfnuðinum, náðu bræðurnir ítökum í aðildarfélagi sem áður var hliðhollt andstæðingum þeirra. Ber Siv þar hæst.

### Hrossakaup í Kópavogi



„Óþæga liðið“ í Kópavogi undirbjó mótleik fyrir aðalfund Félags ungra framsóknarmanna í Kópavogi á þriðjudagskvöld. Í stjórn sátu stuðningsmenn bræðranna og formaður var Einar Kristján Jónsson, bróðir Guðjóns Ólafs varaþingmanns. Andstæðingar þeirra hugðust taka yfir stjórnina og ná þannig til baka þeim fulltrúum flokksþings sem fylkingin hafði tapað við yfirtöku Freyjunnar. Smalað var um fjörutíu nýjum liðsmönnum svo þetta mætti takast, en áður en fundurinn hófst náðust sættir meðal fylkinganna. „Óþæga liðið“, sem bæjarfulltrúinn Ómar Stefánsson var í fararbroddi fyrir, gerði samning við Pál Magnússon sem fundarmenn nefndu sumir „hrossakaup“ á leið út af fundinum. Ómar fékk tvo fulltrúa í sjö manna stjórn, þar á meðal bróður sinn Jón Þorgrím Stefánsson, og ákveðinn fjölda fulltrúa á flokksþing.

### Spenna fyrir flokksþing

Flokksþingið er það sem báðar fylkingarnar bíða spenntar eftir. Þar mun koma í ljós hverjir verða næstu leikir í valdataflinu sem mun þó ekki ná hámarki fyrr en á flokksþinginu að tveimur árum liðnum, árið 2007, þegar líklegt er að Halldór láti af formennsku.

Halldórs-fylkingin er í nokkurri klemmu varðandi kjör til stjórnar. Til þess að styrkja stöðu Árna verður að reyna að koma annaðhvort Siv eða Guðna frá sem ritara og varaformanni. Líklegir fulltrúar á flokkþingi eru sagðir vera jafnmargir í hvorri fylkingunni og því þykir allt of áhættusamt að tefla Árna fram, hvort sem er gegn Siv eða Guðna, því ef hann tapar verða vonir hans um formannsembættið að tveimur árum að engu.

### Gætu teflt Valgerði fram



Til þess að skáka „óþæga liðinu“ og veikja stöðu Guðna og Sivjar verður „þæga liðið“ að reyna að steypa öðru hvoru þeirra af stalli sem varaformanni og ritara. Þykir þar Valgerður Sverrisdóttir líklegust til árangurs enda er hún talin minna umdeild en Árni. Hún hefur jafnframt staðið lengi í fremstu línu í flokknum og var meðal annars fyrst kvenna til að gegna embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Valgerður gæti jafnframt starfað áfram sem varaformaður eða ritari við hlið Árna, takist honum að ná formannsstólnum á þarnæsta flokksþingi, eins og vonir hans standa til. ■

# Forvarnir og flensufælur




35%

## NO-TOUCH HITAMÆLIR

Þægilegur og nákvæmur ennismælir.
Nemur hitann án snertingar.
Áður: 5.380 kr.
Nú: 3.497 kr.




20%

## NEZERIL

Nefúði.




35%

## SALMÍAKMIXTÚRA

Salmíakmixtúra með lakkrís.




2 fyrir 1

## BIOMEGA C VÍTAMÍN

Biomega C vítamín 100 mg.
Eflir varnir líkamans, gott andoxunarefni.




20%

## LEMSIP

Lemsip plástur með myntu og kamfóru.
Betri öndun með kvefi, límist á fatnað.




20%

## ECHINAFORCE

Echinaforce er unnið úr sólhatti með aðferð sem varðveitir virk efni jurtarinnar. Notaðu Echinaforce sólhatt til að verjast umgangspestum.




20%

## LEMSIP

Lemsip hálsbrjóstsykur er góður við hálsbólgu.




20%

## ANGELICA

Angelica úr ætihvönn. Aukin orka og vellíðan, vörn gegn kvefi.




20%

## ZOVIR




20%

## PANODIL BRUS

Freyðitöflur sem leystar eru upp í vatni.

GOTT FÓLK McCANN

Tilboðin gilda frá 3. - 20. febrúar.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*


30% afsláttur
BAUTABÚRS SALTKJÖT
2. FLOKKUR
279 kr. kg
KRÓNUSALTKJÖT
1. FLOKKUR
559 kr. kg
FRÁBÆRT VERÐ
LAUKUR
1 kr. kg
40% afsláttur
NAGGAR
GOÐA Kjötbollur
NAGGALÍNAN
KJÖTBOLLUR
286 kr. pk.
GULRÆTUR Í POKUM
ÍSLENSKAR
199 kr. kg
35% afsláttur
BAUTABÚRIÐ
Áleggstvenna
Malakoff og skinka
BAUTABÚRS
ÁLEGGSTVENNA
680 kr. kg
með afslætti
KRÓNAN
KOSTAR MINNA
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN
11-19 10-19 9-21 11-21 11-21 11-19 11-24 11-19 11-19 11-19
virkir dagar 11-20
laugardagar 11-18
sunnudagar 11-16

Opið alla daga vikunnar

FRÁBÆRT VERÐ

MYLLU VATNSDEIGS BOLLUR 9 stk.

198 kr. pk.

PAMPERS BABY DRY BLEYJUR

978 kr. pk.

KRÓNU PYLSUR

599 kr. kg

KRÓNU SKINKA SNEIDD

599 kr. kg

MYLLU VATNSDEIGS BOLLUR MEÐ SÚKKULAÐI & MYLLU BOLLUR MEÐ SÚKKULAÐI

298 kr. pk.

CAMPELL´S SÚPUR 3 tegundir

89 kr. stk.

FRÁBÆRT VERÐ

X-tra ELDHÚSRÚLLUR

169 kr. pk.

NIVEA DERMO STURTUSÁPA

299 kr. stk.



**MISHEPPNUÐ METTILRAUN**
Lindsay Muir reyndi í gær að setja hæðarmet í loftbelg en þurfti að hætta við vegna mikilla vinda. Hún vonaðist til að komast í 10.101 metra hæð yfir Norður-Ítalíu.

Rannsókn þýsku lögreglunnar vegna fíkniefna í Hauki ÍS:

# Munu leita aðstoðar íslensku lögreglunnar

**FÍKNIEFNI** Beiðni um aðstoð íslensku lögreglunnar við rannsókn á fíkniefnamáli sem tveir Íslendingar sitja í gæsluvarðhaldi út af, hefur ekki enn borist íslenskum yfirvöldum. Að sögn Roberts Dütsch, upplýsingafulltrúa hjá tollinum í Hamborg, er beiðnin enn í þýska kerfinu hafi hún ekki borist til Íslands.

Hjá dómsmálaráðuneytinu, alþjóðadeild ríkislögreglustjóra og fíkniefnadeildinni í Reykjavík fengust þær upplýsingar að beiðni um aðstoð við rannsókn málsins hafi ekki borist. Íslendingarnir tveir sem voru skipverjar á Hauki ÍS hafa setið í gæsluvarðhaldi í tæpan mánuð eftir að leit var gerð í skipinu í Bremerhaven. Í skipinu fundust þrjú og hálft kíló af kókaíni og þrjú og hálft kíló af hassi í klefum mannanna.

Dütsch segist ekki gefa upp neinar frekari upplýsingar en fram eru komnar um gang rannsóknarinnar. Þó staðfesti hann að ekki hefðu fleiri verið handteknir vegna málsins.

- hrs


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HAUKUR ÍS**
Tveir skipverja Hauks ÍS hafa verið í haldi þýsku lögreglunnar í tæpan mánuð. Í skipinu fundust þrjú og hálft kíló af kókaíni og þrjú og hálft kíló af hassi í klefum skipverjanna.

Ákæra þingfest:

# Sló mann með flösku í höfuðið

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur tvítugum manni var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Maðurinn er sakaður um sérstaklega hættulega líkamsárás eftir að hafa slegið annan mann í höfuðið með flösku.

Flaskan sem notuð var til árásarinnar brotnaði við höggið með þeim afleiðingum að þolandinn hlaut skurð aftan á vinstra eyra. Árásin átti sér stað í Hafnarfirði í maí á síðasta ári. Telst brotið varða við 218. grein almennra hegningarlaga.

- hrs

# Kraumandi óánægja starfsmanna Kópavogs

**Starfsfólk í skrifstofustörfum í Kópavogi segir störf þeirra hafa verið gengisfelld í nýju starfsmati sveitarfélagsins. Dæmi séu um að laun þeirra sem hefji störf á skrifstofunni séu 20 til 30 þúsund krónum lægri en þeirra sem fyrir séu.**

**KJARAMÁL** Meirihluti starfsmanna skrifstofu Kópavogsbæjar undirrituðu bréf til bæjarstjórnarinnar og mótmæltu launamisrétti og versnandi stöðu starfsmanna í Starfsmannafélagi Kópavogs.

Á stjötta tug starfsmanna segja ekki lengur unað við þrælsótta, undirgefni og hræðslu við að kvarta yfir kjörum og aðbúnaði. Þeir krefjast þess að samið verði við þá heima í héraði.

Hansína Björgvinsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, segir ekki koma til greina að segja sig úr samstarfi við launanefnd sveitarfélaganna. Starfsfólk bæjarins sé of fjölmennt til að það gangi upp.

Guðrún Einarsdóttir, aðalbókari Kópavogsbæjar, segir mælinn hafa fyllst þegar starfsmat sveitarfélaga, sem átti að liggja fyrir 1. desember 2002, hafi verið birt nýlega. Starfsfólk hafi búist við launahækkun: „Flest störf hækka um tvo launaflokka, fjögur þúsund krónur. Aðrir sem hafa beðið þolinmóðir eftir leiðréttingu launanna sjá störf þeirra lækkuð frá einum og upp í fjórtán launaflokka.“ Skrifstofustörf lækki um allt að 20 til 30 þúsund krónur.



**HANSÍNA BJÖRGVINSDÓTTIR**

**„Það er ekki óeðlilegt að óánægja komi fram þegar fólki er sagt að starfið sem það vinnur sé ekki eins verðmætt og fyrir það er greitt,“ segir Hansína.**

Hansína segir mikla þróun í samfélaginu geta breytt störfum fólks: „Það er ekki óeðlilegt að óánægja komi fram þegar fólki er sagt að starfið sem það vinnur er ekki eins verðmætt og fyrir það er greitt.“ Samningar starfsmannanna séu lausir 1. mars. Það verði málin skoðuð.

Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogs, segir bréf starfsmanna á Kópavogsskrifstofu félaginu óviðkomandi. Með starfsmatinu sé síðasta kjarasamningi framfylgt. Hún hafi ekki heyrt af eins kraumandi óánægju annarra starfsmanna bæjarins.

Guðrún segir fólk almennt að leita leiða til að ganga úr starfsmannafélaginu til að ná kjarabótum. Í bréfinu stendur að sífellt versni staða félaga í starfsmannafélaginu. Laun félagsmanna hafi hækkað um 35 prósent á sama tíma og dæmi séu um að laun yfirmanna, sem ekki þurfi að vera í félaginu, hafi hækkað um 75 til 80 prósent.

Hansína segir launahækkun yfirmannanna hafa verið nauðsynlega. Fólk hafi ekki gefið kost á sér í nefndir.

gag@frettabladid.is



**INGUNN HAFDÍS ÞORLÁKSDÓTTIR**
Vill að starfsmannafélög sveitarfélaganna semji við launanefndina. Félögin séu sterkari saman.

Starfsmannafélögin:

# Áttu von á kjarabót

**KJARAMÁL** Misskilnings virðist hafa gætt við kynningu á síðasta kjarasamningi launanefndarinnar við starfsmannafélagið á Seltjarnesi. Það segir Ingunn Hafdís Þorláksdóttir núverandi formaður Starfsmannafélags Seltjarnarness.

„Ég vil meina að starfsmatið hafi ekki verið rétt kynnt fyrir félagsmönnum í upphafi og við séum að vinna úr þeirri flækju núna,“ segir Ingunn.

„Það vonuðust allir til að starfsmatið leiddi til kjarabóta,“ segir Ingunn. Reyndin hafi verið önnur. Launanefndin hafi talað um hækkun heildarinnar, en ekki allra starfshópa.

- gag



**ÓLÆTI Á SJÚKRAHÚSI**
Jenita Jeyarajah, með Barn 81 í höndunum, og Murugupillai Jeyarajah, fyrir miðju, ruddust inn á sjúkrahús til að sækja barnið sem þau segjast eiga.

Srí Lanka:

# Allir vilja óþekkt barn

**SRI LANKA, AP** Lögreglan í Kalmunai á Srí Lanka handtók fjóra einstaklinga eftir að þeir réðust inn á sjúkrahús þar sem barn sem þeir segjast eiga er vistað.

Ekki hefur enn tekist að bera kennsl á barninu, sem nefnt er Barn 81 þar eð það var 81. einstaklingurinn sem lagður var inn á sjúkrahúsið eftir að flóðbylgjan reið yfir Srí Lanka á annan í jólum. Barnið er ungur drengur sem níu konur segjast eiga.

Fólkið sem lögreglan handtók er ákært fyrir líkamsárás og að fara inn á sjúkrahúsið í heimildarleysi. ■


DV

Klámmyndum af íslenskum smástelpum dreift á netinu



Stúlkurnar miður sín en varnarlausar

DV – hefur þú séð DV í dag?



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**AKUREYRI Í JANÚARSÓL**
Hlýir vindar hafa leikið um Akureyringa síðustu daga og engu líkara en vorið sé handan hornsins.

Fólk á höfuðborgarsvæðinu í atvinnuleit:

# Akureyri ákjósanlegur búsetustaður

**ATVINNA** Í könnun sem IMG Gallup gerði kom í ljós að fjórðungur fólks í atvinnuleit á höfuðborgarsvæðinu gat hugsað sér að flytjast búferlum, byðist því starf við hæfi. Flestir þeirra sem voru tilbúnir að flytja töldu Akureyri ákjósanlegan búsetustað.

Þegar þátttakendur voru beðnir að nefna eitt til þrjú fyrirtæki sem þeir gætu helst hugsað sér að vinna hjá voru fjölmörg fyrirtæki nefnd. KB banki, Íslandsbanki, Icelandair, Actavis, IMG og Landsbankinn voru oftast nefnd.

Spurt var um áhuga þátttakenda á að starfa í ellefu atvinnugreinum. Af þeim greinum sem spurt var um höfðu þátttakendur mestan áhuga á að starfa hjá bönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og hátæknifyrirtækjum. Þar á eftir komu tölvu- eða hugbúnaðarfyrirtæki en minnstan áhuga sýndu þátttakendur á störfum í fiskiðnaði.

Könnunin var gerð síðla árs í fyrra. Þáttakendur voru um 1000 en gagnaöflun fór fram á vefsvæðum ráðningarstofanna Mannafls, Liðsauka og Vinna.is.

- kk

Forseti Íslands:

# Flytur ræðu á Indlandi

**FORSETINN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flytur í dag setningarræðu á alþjóðlegri ráðstefnu um loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun sem haldin er í Dehli á Indlandi. Í tilkynningu frá skrifstofu forsetans segir að forsetinn muni í ræðu sinni einkum fjalla um vaxandi hættu vegna loftslagsbreytinga sem rannsóknir á norðurslóðum hafi leitt í ljós. Hann mun einnig tala um reynslu Íslendinga af nýtingu jarðhita og sjálfbærra orkulinda og þann lærdóm sem önnur lönd geti dregið af henni.

-th

Fljótsdalshérað:

# Víðfeðmasta sveitarfélagið

**SVEITARFÉLÖG** Landmælingar Íslands hafa staðfest að Fljótsdalshérað er víðfeðmasta sveitarfélag landsins, alls 8.884 ferkílómetrar að flatarmáli. Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til 1. nóvember 2004 við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs. Fljótsdalshérað er fjölmennasta sveitarfélag á Austurlandi, með 3.364 íbúa 1. desember síðastliðinn, en þar af búa riflega 2.100 manns í þéttbýlinu á Egilsstöðum og í Fellabæ. Er það því fjölmennasti þéttbýliskjarninn á Austurlandi.

- kk



Út
í fullum gangi!
RÝMINGAR
sala
Við skjótum verðin niður!
Fartölva og flatskjár með!
15" FLATUR SKJÁR
Notaðu tvo skjái í einu!
MEDION
38.000 KR. LÆKKUN
MEDION C7
MEDION C7 Centrino 735 TV
MD95122
• Intel® Pentium® M 1.7 GHz (735) - DOTHAN
• ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9650 64MB DDR
• 512 MB minni • 80 GB Harður diskur
• DVD skrifari • USB og Firewire tengi
• Wi-Fi® þráðlaust net
• Sjónvarpskort og fjarstýring
• Fartölvutaska og mús fylgir
TV OUT
DDR MEMORY
USB
Wi Fi
ALLUR PAKKINN
AÐEINS 100 stk.
19.999
4.982
197.999
4.982* Tölvukaupalán 48 mán.
14.999** Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt
32" Sjónvarp
15.000 kr. LÆKKUN
THOMSON
32WR100
32" Sjónvarp
• 32" Widescreen
• Black D.I.V.A skjár
• Nicam stereo
• 2x20W magnari
• Textavarp
• 2x scarttengi
• AV tengi að framan
• Fjarstýring
AÐEINS 30 stk.
49.999
64.999
DVD spilari
AÐEINS 150 stk.
VAR AÐ LENDA
Mustek
800-495
Mustek DVD spilari
• Fjölkerfa
• KODAK CD/DVD-R/DVD+R/DVD -RW/DVD+RW
• Dolby Digital DTS
• Allar aðgerðir á skjá
• Scarttengi S-VHS RGB
• Fjarstýring
Rugl verð
5.999
75% afsláttur
999
3.999
999
3.999
1.999
3.999
50% afsláttur
1.999
3.999
66% afsláttur
1.999
4.999
FYLGIR
DVD klikkun!
699
VERÐ-HRUN!
2 DVD diskar
Ljósmyndabók
Filmubútur
Tónlistin úr myndinni
50% afsláttur
1.999
3.999
BT
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfossi • BT Ísafirði • www.bt.is • Sími 550 4444

Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér





## TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM

Budget Car Rental

| | DAGSVERÐ | VIKUVERÐ |
|---|---|---|
| FÓLKSBÍLAR | 2.737 kr. | 19.159 kr. |
| LÚXUSBÍLAR | 4.510 kr. | 31.570 kr. |

## BARNAVERÐ

Verð aðeins: **5.995 kr.**

(Börn yngri en 12 ára m.v. aðra leið m. sköttum, takmarkaður bókunartími)

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600




# NÝ HEIMSMYND

**FRANKFURT HAHN** - BEINT FLUG HEFST 21. MAÍ

Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

**FYRSTU 1.000 SÆTIN**

Verð aðeins: **6.995 kr.**

(Aðra leið m. sköttum)

Iceland Express

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON MARKVÖRÐUR

# Engin móttökunefnd í þetta skipti

„Það er svo sem allt gott að frétta. Það er alltaf gott að vera kominn heim en ég hefði viljað koma á aðeins öðrum forsendum," segir Birkir Ívar Guðmundsson, landsliðsmarkvörður í handbolta. Hann kom heim á dögunum eftir ófarirnar á heimsmeistaramótinu í Túnis þar sem liðið hafnaði í 15. sæti og var langt frá markmiði sínu. „Það var engin móttökunefnd á Keflavíkurflugvelli í þetta skipti." Birkir Ívar býst ekki við að það sitji lengi í honum þótt árangurinn á HM hafi ekki verið upp á marga fiska, menn verði að horfa fram á veginn og einblína á það jákvæða. „Liðið er mjög ungt og þjálfarinn hefur verið við stjórnvölinn í skamman tíma þannig að það var



viðbúið að ekki myndi allt smella saman í fyrstu tilraun." Birkir Ívar fær ekki frí frá handboltanum þó HM sé að baki, við tekur baráttan um Íslandsmeistaratitilinn með Haukunum. „Það mætti vera svolítið frí eftir svona en það stendur ekki til boða. Æfingarnar halda áfram og svo er leikur gegn ÍBV í Hafnarfirðinum í næstu viku." Og þó að þátttöku Íslands á HM sé lokið fylgist Birkir Ívar áfram með gangi mála. „Það er margt jákvætt að gerast, ný lið að koma upp eins og Grikkir, Norðmenn og Túnisar." Líf Birkis Ívars er ekki bara handbolti, hann er markaðsfræðingur að mennt og vinnur hjá Impru - nýsköpunarmiðstöð.

## SVONA ERUM VIÐ



**1.705 SKIPTU UM TRÚFÉLAG Á SÍÐASTA ÁRI**
Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL

**SEKTARGREIÐSLUR OLÍUFÉLAGANNA**



GUNNAR STEINÞÓRSSON

### Skandall

„Mér finnst þetta skandall," segir Gunnar Steinþórsson, stjórnarformaður Sendibílastöðvarinnar, um lækkun sektargreiðslna til olíufélaganna um rúman milljarð: „Samkeppnisstofnun átti að mínu mati aldrei að lækka sektirnar. Þær enda hvort sem er í ríkissjóði og stjórnvöld hefðu átt að nota þær til að lækka bensínverð eða til að halda spítulunum gangandi svo dæmi séu tekin," segir Gunnar. Tengsl olíufélaganna inn í valdaklíkuna í samfélaginu hafi valdið því að sektirnar hafi verið lækkaðar. „Við erum einu skrefi frá því að vera bananalýðveldi," segir Gunnar. Það sýni sig best þegar fyrrum forstjóri sé tíður gestur í opinberum veislum valdhafa.
Gunnar segir olíufélögin enn njóta góðs af hagnaði sem þau náðu með samráðinu: „Í flestum tilfellum eru það nýir eigendur sem þurfa að borga sektina."

Grýtubakkahreppur:

# Tengill á stóru systur

Grýtubakkahreppur stendur við austanverðan Eyjafjörð og búa flestir íbúanna í kauptúninu Grenivík. Hreppurinn heldur úti heimasíðu með upplýsingum um sveitarfélagið og annað það sem kemur að gagni. Á forsíðunni eru tenglar á aðrar síður, svo sem fjölmiðla, Vegagerðarinnar og Veðurstofunnar. Á forsíðunni er einnig að finna tenglasafn og þar undir eru tengingar við síður Grenvíkurskóla, íþróttafélagsins Magna, Sparisjóðs Höfðhverfinga og fleiri. Alls eru tenglarnir tíu. Sérstaka athygli vekur að þar er tenging við heimasíðu Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Valgerður er systir Guðnýjar, sveitarstjóra Höfðahrepps, sem greinilega telur mikilvægt að gestir heimasíðu hreppsins komist í fljótlegt og öruggt samband við stóru systur sína.

- bþs



GUÐNÝ SVEITARSTJÓRI — VALGERÐUR RÁÐHERRA

# 600 þúsund bollur

**Bolludagurinn er á mánudag. Algengt er að bakarar bæti við sig mannskap til að anna eftirspurn. Vatnsdeigsbollan er í stöðugri sókn.**



Árleg sælkerahátíð er í farvatninu. Hún hefst með bolluhelginni miklu sem jafnan stendur frá laugardegi til mánudags og lýkur á þriðjudag með saltkjöti og baunum. Sumir laumast svo í sælgætispoka barna sinna að kveldi öskudags.

Reyndar hafa bollur fengist í nokkrum bakaríum síðustu daga því sumir bakarameistarar hófu bollubakstur og sölu um síðustu helgi, tíu dögum fyrir bolludag.

Heimildir Fréttablaðsins herma að bollusalan um síðustu helgi hafi verið góð enda margir sem standast ekki mátið þegar þeir sjá súkkulaðigljáðar, rjómafylltar bollurnar blasa við í borðum bakaríanna.

„Við þessir gömlu byrjum ekki fyrr en á föstudag [á morgun]," segir Reynir Þorleifsson, bakari í Bakaríinu Dalvegi og formaður Landssambands bakarameistara. Hann hefur bakað margar bollur um ævina, á enda þrjátíu ár að baki í faginu. „Þetta er mikil vertíð og sunnudagarnir eru jafnvel stærri en sjálfur bolludagurinn," segir Reynir. Hann veit sem er að vinsældir bollunnar eru gríðarlegar og vaxa ár frá ári. „Það hefur verið aukning hjá mér um hátt í þúsund bollur á ári." Hann bakar sumsé fimm þúsund bollum meira í ár en fyrir fimm árum.

Sjálfur er hann hógvær í neyslunni og borðar bara bollur á bolludeginum. Snertir þær ekki dagana á undan. Finnst þær samt mjög góðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**REYNIR ÞORLEIFSSON**
„Það hefur verið aukning hjá mér um hátt í þúsund bollur á ári."

Og uppskriftin er fyrir löngu orðin klassísk."Bollan hefur lítið breyst en ef eitthvað er hafa gæði aukist." Það telst þó fréttnæmt að vatnsdeigsbollan er í stöðugri sókn. „Þær eru komnar uppundir helming af öllum bollum og jafnvel yfir það," segir Reynir bakari og skýtur á að meðalverð á bollum sé um 220 krónur.

Reynir játar að samkeppni bakaría sé hörð en telur hana eðlilega. „Ég held að menn séu ekki að klóra augun hver úr öðrum. Þetta er bara eins og það á að vera."

bjorn@frettabladid.is

Hljóðið í bílasölum er gott enda renna nýir bílar út:

# Bullandi bílasala í byrjun árs

Nýir bílar seldust afbragðsvel fyrsta mánuð ársins og mun betur en á sama tíma í fyrra. Alls seldust 1.315 nýir bílar í nýliðnum janúarmánuði á móti 730 bílum í sama mánuði á síðasta ári.

Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segist ekki hafa skýringar á reiðum höndum en býst við að tilboð umboðanna ráði þar talsverðu. „Ég held nú að þetta jafni sig þegar frá líður," segir hann.

Toyota heldur uppteknum hætti og trónir á toppi sölulistans en 464 Toyotabílar seldust í janúar. Ford er í öðru sæti; 117 slíkir bílar seldust í síðasta mánuði og 87 Hyundai-bílar. Næst á eftir koma Volkswagen, Skoda, Honda og Subaru.

Síðasta ár var það besta í bílasölu í langan tíma en alls seldust næstum tólf þúsund nýir bílar. Þá var því spáð að bílasalan á þessu ári færi upp í 13.500 bíla. Jónas Þór hefur ekki endurskoðað spána en heyrist á sínum mönnum að réttara sé að miða við fjórtán þúsund selda bíla á árinu. Það eru tvö þúsund fleiri bílar en seldust á síðasta ári.

Metsala varð á bílum 1987 þegar rúmlega átján þúsund bílar seldust.

- bþs




TOYOTA YARIS

ÚTSÖLULOK
ALLAR VÖRUR
-60%
Til 13. febrúar
Jón Indíafari
Kringlan 8-12 - S. 588 5111



Tilboðin gilda frá fimmtudegi 3. feb. til sunnudags 6. feb. eða meðan birgðir endast
Lambasaltkjöt
50% afsláttur við kassann
30% afsláttur við kassann
SPIKFEITAR LAMBASÍÐUR
69 kg KR.
FYRSTI FLOKKUR
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
564 kg KR
Merkt verð 806kr.
AFSLÁTTUR 30% VIÐ KASSANN
BLANDAÐ SALTKJÖT
50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
249 kg KR.
Merkt verð 499kr.
spikfeitt*blandað* úrvals
1. flokks saltkjöt
1. flokks Bónus saltkjöt
499 kg KR.
Fitusnauðar beyglur
129
5 BEYGLUR KR.
Beyglur með bragði
129
5 BEYGLUR KR.
FROSNIR ÝSUBITAR
EKKERT BRUDL
499 kg
Ýsubitar
ÝSUBITAR -18°C
ROÐLAUSIR
BEINLAUSIR
Forskot á sæluna!
FROSNAR SMÁBOLLUR MEÐ RJÓMA
Delizza
BOLLUMIX 350g
129 KR.
KJARNASULTA 400g
98 KR.
KJARNA
BLÁBERJA
BLÖNDUÐ BERJA
JARÐARBERJA
14 vatnsdeigs BOLLUR
14 VATNSDEIGSBOLLUR
249 KR.
299
20 BOLLUR KR.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

„Hver telur þú að verði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi?“

## Ingibjörg Sólrún hefur vinninginn

Fyrsti áfangi kapphlaups þeirra Össurar Skarphéðinssonar formanns Samfylkingarinnar og Ingibjargar Sólrúnar Gisladóttur varaformanns um formannsstólinn í Samfylkingunni er hafinn fyrir alvöru. Með birtingu á niðurstöðum í skoðanakönnun Fréttablaðsins um afstöðu kjósenda til þeirra má segja að fyrsti spretturinn sé að baki.

Eins og fram kemur í könnuninni sem gerð var í fyrrakvöld, þá hefur Ingibjörg Sólrún umtalsvert forskot á Össur nú í upphafi kapphlaupsins. Bæði hafa þau verið töluvert í fjölmiðlum að undanförnu og í umræðunni. Hér í blaðinu hafa verið birt löng viðtöl við þau hvort í sínu lagi þar sem þau hafa lýst viðhorfum sínum til ýmissa mála, en ekki hefur komið fram hjá þeim verulegur skoðanamunur um einstök mál. Þá hafa fylgismenn þeirra verið duglegir við að reka áróður fyrir þau, þannig að þau standa jafnt að vígi hvað það snertir. Össur nýtur þess að vera formaður og á því oft á tíðum greiðari leið í fjölmiðla vegna ýmissa mála sem eru efst á baugi í þjóðfélaginu hverju sinni, en það virðist ekki duga honum í kapphlaupinu við Ingibjörgu Sólrúnu.

> **Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, þarf nú að gera það upp við sig hvort hann ætlar að berjast áfram eða hreinlega afhenda Ingibjörgu Sólrúnu formannsstólinn.**

Fyrsti sameiginlegi fundur þeirra Ingibjargar og Össurar átti að vera á Akureyri um helgina, en af einhverjum ástæðum komst aðeins Össur á fundinn í fylgd Kristjáns Möller, þingmanns Samfylkingarinnar, en Ingibjörg sat eftir í Reykjavík. Kannski er þetta einkennandi fyrir ástandið í Samfylkingunni að menn neyta allra bragða til að hygla sínum. Að vísu var ávarp varaformannsins lesið upp á fundinum og Össur lét klappa fyrir Ingibjörgu Sólrúnu.

Í könnun Fréttablaðsins tóku á sjöunda hundrað manns afstöðu til spurningarinnar: „Hver telur þú að verði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi?“ Um tveir þriðju aðspurðra völdu Ingibjörgu Sólrúnu og einn þriðji Össur. Þess ber að geta að spurningin var lögð fyrir fólk úr öllum flokkum, karla og konur um land allt. Kosning formanns Samfylkingarinnar er bundin við félaga í flokknum, og hafa um fjórtán þúsund manns kosningarétt. Ef aðeins eru teknir þeir sem fylgja Samfylkingunni að málum í könnuninni, kemur í ljós að þar eru yfirburðir Ingibjargar Sólrúnar enn meiri, en þá ber þess að geta að úrtakið er orðið mjög lítið, og því ekki eins marktækt.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, þarf nú að gera það upp við sig hvort hann ætlar að berjast áfram eða hreinlega afhenda Ingibjörgu Sólrúnu formannsstólinn. Enn er að vísu langt í landsfundinn sem ráðgert er að halda síðari hluta maímánaðar og margt getur gerst á þeim tíma, en skynsamlegast virðist fyrir Samfylkinguna að fara að ráði ungu þingmannanna sem lagt hafa til að fundinum verði flýtt, svo óvissunni um næsta formann flokksins verði eytt sem fyrst þannig að flokkurinn geti óskiptur haldið áfram að kljást við stjórnarflokkana. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hnignun háskólasafns?

Páll Sigurðsson lagaprófessor segir í grein í Morgunblaðinu á þriðjudaginn að sigið hafi á ógæfuhliðina á áberandi hátt hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni að undanförnu. Hann efast um að safnið valdi lengur því „margþætta og metnaðarfulla hlutverki“ sem því er ætlað samkvæmt lögum. „Með umdeildum ákvörðunum“ hafi ný yfirstjórn „dregið markvisst úr ýmsum starfsháttum eða boðað bráðan niðurskurð á öðrum.“ Páll segir að bæði sé um að ræða „ómissandi þætti, er snúa að gestum“ (en tilgreinir ekki hverjir þeir eru) „og eins að þeirri mikilvægu og grundvallandi menningarstarfsemi, sem hægt er að gera kröfu til að safnið sinni“. Þar virðist hann eiga við áform um að leggja af ársrit safnsins Ritmennt. Loks nefnir Páll Sigurðsson að „reyndum, virtum og fjölmenntuðum starfsmönnum“ sem sumir hafi gegnt lykilhlutverki á menningarsviði í safninu hafi verið sagt upp nýlega eða „hótað uppsögn“ eins og hann tekur til orða.



Þetta eru athyglisverðar fréttir sem farið hafa fram hjá fjölmiðlum. Engin viðbrögð hafa borist frá stjórnendum safnsins svo kunnugt sé.

### Í sviðsljósinu

Samkvæmt Gallup-könnun, sem sagt var frá í byrjun vikunnar, hafa tveir stjórnmálaflokkar bætt við sig fylgi á síðustu vikum: Samfylkingin hefur rúmlega 34% fylgi og er orðin stærsti stjórnmálaflokkurinn. Framsóknarflokkurinn hefur einnig bætt lítillega við sig og mælist fylgi hans tæp 13%. Aðrir flokkar tapa eða standa í stað. Hver getur verið skýringin á þessu? Ein skýring er nærtæk og styðst við reynslu. Flokkar sem eru í umræðunni hverju sinni græða yfirleitt á því. Og það eru einmitt Framsóknarflokkur og Samfylkingin sem hafa verið í sviðsljósinu að undanförnu. Virðist litlu skipta í þessu sambandi hvort umræðan er jákvæð eða neikvæð.

gm@frettabladid.is

## Heilbrigði, tónlist, hagvaxtarrækt

Í DAG
ANNARS KONAR ÞRÓUNARHJÁLP



ÞORVALDUR GYLFASON

Bróðurparturinn af þróunaraðstoð ríkra þjóða við fátækar hefur hingað til verið bundinn við framkvæmdafé: brýr, skóla, vegi, spítala, virkjanir og þannig áfram. Minna hefur farið fyrir ýmislegri hjálp í friðu, enda þótt t.a.m. bein heilbrigðisaðstoð geti einnig komið fátækum þjóðum að miklu gagni, því að hitabeltissjúkdómar eins og malaría o.fl. eru víða mannskæðir og draga mátt úr mörgum hinna, sem halda þó lífi. Lítill vafi leikur á því, að t.d. kristniboð og ýmis skyld félagsaðstoð hefur skilað miklum árangri víða um fátækralönd þriðja heimsins. Af þessum sökum m.a. er ástæða til að ítreka þá tillögu, að Íslendingar leggi völdum fátækum löndum lið með því að bjóða fram heilbrigðisþjónustu. Þar er þörfin brýn, og þar höfum við ýmislegt fram að færa. Við eigum á að skipa vel menntaðri, flínkri og fjölhæfri stétt lækna og hjúkrunarfólks. Heilbrigðisþjónusta hentar vel til útrásar á erlendar slóðir vegna þess, að þar kunnum við sérstaklega vel til verka.

Indverjum hefur tekizt að gera heilbrigðishjálp að útflutningsatvinnuvegi. Indverskir spítalar eru margir vel mannaðir og bjóða ýmsar læknisaðgerðir við aðeins um sjöttungi þess kostnaðar, sem sjúklingar þyrftu ella að bera á bandarískum heilbrigðisstofnunum. Sjúklingar að vestan flykkjast nú til Indlands í hjartaskurði o.m.fl. Þetta gætum við Íslendingar einnig gert, ef við bara vildum: boðið betur en erlendir spítalar, einkum bandarískir, og laðað erlenda sjúklinga hingað heim undir læknishendur í stórum stíl. Því ekki það? Viðskiptabankarnir hér heima höfðu ekki fyrr losnað úr faðmi ríkisins en þeir hófu stórfellda útrás til annarra landa, einkum KB banki. Ríkisspítalarnir gætu vafalítið farið eins að, ef þeir losnuðu undan sama oki.

> **Því segi ég: sendum tónlistarfólk til fátækra landa líkt og við sendum það í skólana hér heima að syngja og spila fyrir nemendurna. Hugsunin er hin sama: að ljúka upp luktum dyrum.**

Eitt lítið dæmi segir í rauninni allt, sem segja þarf. Karólínska sjúkrahúsið í Svíþjóð er ríkisspítali eins og Landspítalinn – háskólasjúkrahús. Sá er þó munurinn á, að sænska sjúkrahúsið kynnir stjórnarmenn sína á vefsetri hússins með því að undirstrika sterka stöðu þeirra og starfsreynslu í atvinnulífinu, enda sitja í stjórninni forstjórar stórfyrirtækja og aðrir slíkir. Á vef Landspítalans þótti á hinn bóginn fara vel á að merkja stjórnarmenn spítalans með listabókstöfum stjórnmálaflokkanna. Bókstafirnir voru numdir brott fyrir nokkru, en það er ekki nóg, því að vandinn felst ekki í flokksstimplunum einum. Fyrir stjórnarnefnd Landspítalans, eins stærsta og mikilvægasta fyrirtækis landsins, fór til skamms tíma sveitarstjóri Grýtubakkahrepps. Fyrirkomulag yfirstjórnar Landspítalans er sömu ættar og yfirráð ríkisins yfir bönkunum um langt árabil, og sú skipan olli þjóðinni ómældum skaða, enda hurfu menn loksins frá henni eftir þráfelldar fortölur. Yfirstjórn Landspítalans er með líku lagi löngu komin fram yfir síðasta söludag.

Aftur til Afríku: aðflutt menntun getur einnig gert mikið gagn í fátækraríkjum, þar sem menntun fólksins er áfátt á öllum skólastigum. Þar geta erlendir kennslukraftar skipt sköpum, ekki sízt ef þeim tekst að efla og bæta kennaramenntun og hjálpa heimamönnum með því móti til sjálfshjálpar. Iðnmenntun, tölvuþjálfun, allra handanna starfsmenntun: allt slíkt hjálpar. Ríkar þjóðir mættu því gera meira að því að fylgja fjársendingum eftir með hjálp í friðu: með því að senda fólk á framandi slóðir til að lækna, kenna og líkna.

Og spila og syngja. Menningaraðstoð getur létt mönnum lífið, þótt efnahagur þeirra sé þröngur. Afríka á aðeins eina tegund tónlistar frá okkar evrópsku bæjardyrum séð, og hún er ekki af verri endanum, þaðan kom djassinn, en þá vantar klassíska tónlist. Þeir kunna ekki einu sinni á Mozart, flestir íbúar Afríku hafa aldrei heyrt á hann minnzt – nema þá helzt í þeim löndum, þar sem eru starfandi sinfóníuhljómsveitir. Einnig hér er verk að vinna. Því segi ég: sendum tónlistarfólk til fátækra landa líkt og við sendum það í skólana hér heima að syngja og spila fyrir nemendurna. Hugsunin er hin sama: að ljúka upp luktum dyrum. Í hverjum áheyrendahópi, hvort heldur í íslenzkum skólum eða afskekktum byggðum Afríku, kann alltaf að leynast einhver, sem verður ríkari ævina á enda við það eitt að fá óvænt tækifæri til að heyra nýja tónlist. Það munar um tónlist í íslenzku efnahagslífi eins og Ágúst Einarsson prófessor rekur í bók sinni *Hagræn áhrif tónlistar* (2004). Ekki nóg með það: tónlist er tilvalin útrásargrein. ■







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Þökk sé framtaki Þjóðarhreyfingarinnar

UMRÆÐAN
ÞJÓÐARHREYFINGIN



HJÖRTUR HJARTARSON

**Íslenskir stjórnmálamenn hafa fengið þarfa og verðskuldaða yfirhalningu sem þeir munu seint gleyma. Þökk sé framtaki Þjóðarhreyfingarinnar.**

Málflutningur þeirra örfáu staðföstu gegn áhrifamiklu framtaki Þjóðarhreyfingarinnar er orðinn brjóstumkennanlegur. Í fyrstu var söfnun hreyfingarinnar svarað af mikilli heift en litlum rökum. Nú er látið að því liggja að þetta brambolt hafi svo sem ekki skipt neinu máli og engu skilað.

Samt hafa hinir örfáu staðföstu ekki fundið gleði sína á ný. Beiskjan loðir við tungu þeirra. Skýringin er auðvitað sú að Þjóðarhreyfingin náði takmarki sínu.

Í fréttatilkynningu sem gefin var út þegar hafist var handa segir: „Ástæða söfnunarinnar er að í mars 2003 tóku forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands einhliða ákvörðun um að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í Írak.

Ákvörðun þessi hefur hvorki verið afgreidd formlega frá Alþingi né frá ríkisstjórn Íslands. Með ákvörðuninni var nafn Íslendinga – okkar allra – lagt við aðgerðir innrásarhersins í Írak – þrátt fyrir eindregna andstöðu þjóðarinnar.Yfirlýstur stuðningur Íslands hefur vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi.

Á þeim sama vettvangi er því nauðsynlegt að leiðrétta þessi mistök ráðherranna – og biðja Íraka afsökunar á þeim.“

Enginn reiknaði með að íbúar New York þyrptust út á götur daginn sem yfirlýsingin birtist eða Bush bæðist afsökunar á innrásinni í Írak. Þó varð yfirlýsingin til þess að hreyfa við Hvíta húsinu.

Háttsettur yfirmaður á þeim bæ upplýsti að nafn Íslands væri þar notað eftir því sem hentaði við hernaðarrekstur Bandaríkjastjórnar. Kjarni málsins er þó sá að yfirlýsing Þjóðarhreyfingarinnar var birt á heilsíðu í aðalblaði eins virtasta dagblaðs í heimi og fréttir af því flugu um alla heimsbyggðina. Rötuðu á fréttasíður og vefsíður sem milljónir manna lesa. Afar margir eru nokkru nær um raunverulega afstöðu íslensku þjóðarinnar til hinnar löglausu og siðlausu ákvörðunar Davíðs og Halldórs. Dýrmætast er þetta framtak Þjóðarhreyfingarinnar þó fyrir okkur sjálf ñ í bráð og lengd – sem táknræn aðgerð. Sem vitnisburður um að Íslendingar bregðast við þegar ráðamenn vanvirða lýðræðið og sverta nafn þeirra.

Íslenskir stjórnmálamenn hafa fengið þarfa og verðskuldaða yfirhalningu sem þeir munu seint gleyma. Þökk sé framtaki Þjóðarhreyfingarinnar. ■

# Neikvæð ímynd í auglýsingum

UMRÆÐAN
AUGLÝSINGAR
UMFERÐARSTOFU



OTTÓ SVERRISSON

**Vil ég hvetja Umferðarstofu til þess að hugsa sig tvisvar um áður en næsta auglýsing er gerð því það er örugglega hægt að koma þessum áríðandi skilaboðum á framfæri án þess að ráðast gegn karlmönnum og börnum þeirra.**

Stóðst ekki mátið að láta frá mér smá athugasemd varðandi auglýsingar frá Umferðarstofu. Mikið hefur verið í umræðunni að berir kvenlíkamar séu settir í auglýsingar og vilja femínistar meina að þetta sé gríðarlega neikvætt fyrir konur. Gott og vel, ég ætla ekki að taka afstöðu til þess þó í mínu tilviki stökkvi ég ekki til og kaupi súkkulaði eða bíl þó svo fatalaus kona sé í auglýsingu á varningnum.

Í auglýsingum frá Umferðarstofu sést karlmaður með barn í fanginu hlaupa niður stiga af þvílíku vítaverðu kæruleysi að setti að manni hroll. Önnur auglýsing sýnir karlmann úti á svölum að gera klárt fyrir grillið en ekkert handrið á svölunum. Hann er með ungan son sinn með sér og missir litli drengurinn boltann fram af svölunum. Snáðinn stingur sér að sjálfsögðu á eftir boltanum.

Mér finnst þessar auglýsingar sýna karlmenn í ljósi sem samfélagið vill að þeir séu. Þegar kemur að börnum vita karlmenn minna en ekki neitt eða um barnauppeldi yfir höfuð. Við erum kærulausir gagnvart börnunum okkar og ef barn slasast þá er það karlmanni að kenna.

Vil ég hvetja Umferðarstofu til þess að hugsa sig tvisvar um áður en næsta auglýsing er gerð því það er örugglega hægt að koma þessum áríðandi skilaboðum á framfæri án þess að ráðast gegn karlmönnum og börnum þeirra. Þessi stöðuga neikvæða umfjöllun um karlmenn og börn er orðin rosalega þreytandi því ég held að hægt sé að segja með vissu að við erum alveg eins og mæðurnar. Viljum það besta fyrir börnin okkar og elskum þau skilyrðislaust.

*Höfundur er jafnréttismaður.* ■

# Sorphirða á villigötum

JÓN JÓNSSON
FYRRVERANDI VAGNSTJÓRI
SKRIFAR UM SORPHIRÐU Í REYKJAVÍK

Nú um áramótin tóku gildi nýjar reglur um sorphirðu í Reykjavík. Þessar breytingar hafa reyndar haft nokkurn aðdraganda. Mér finnst að með þessum nýju reglum sé sorphirðan komin út í algera vitleysu. Sett hafa verið eða verða sett örmerki á allar sorptunnur sem mér skilst að kosti um 5.000,- kr. á hverja tunnu í Reykjavík! Hugsið ykkur, fimm þúsund krónur! Og að auki hefur verið settur dýr búnaður í hvern sorpbíl sem mér skilst að lesi hvaðan hver tunna er. Og ekki er öll vitleysan eins. Sumstaðar (einbýlishús) á að hirða sorp á tveggja vikna fresti, annars vikulega, en samt þarf sorpbíllinn að aka hvort sem er um hverfið. Hvað er eiginlega að? Eru einhverjir blýantsnagarar hjá Reykjavíkurborg, sem hafa of lítið að gera (naga blýanta), búnir að finna upp hjólið eina ferðina enn?

Við borgarbúar höfum samviskulega greitt okkar sorphirðugjöld í gegnum árin, og nú á að fara að þvinga okkur til að minnka sorp. Hvað eigum við að gera við sorpið svo við þurfum ekki að borga meira? Fara með það upp í Heiðmörk, eða Elliðaárdal? Það er a. m. k. ódýrara. Og svo þegar maður fer með rusl úr geymslunni sinni á sorphaugana . . . æ fyrirgefið . . endurvinnslustöðvarnar! Ja hérna, öllu má nú nafn gefa, þá líður manni eins og glæpamanni, maður er spurður: Er þetta frá heimili eða fyrirtæki? Ertu með bílaverkstæði, rekurðu sjónvarpsviðgerðir o.s. frv. Er furða að maður sjái heilu bílhlössin af drasli í nágrenni borgarinnar þegar fólk er tekið í svona yfirheyrslu? Og í ofanálag þarf að borga fyrir að henda sumu drasli á sorphaugana . . . úps . . . gleymi mér alltaf . . . endurvinnslustöðvarnar.

Ég hvet íbúa Reykjavíkur að hunsa alveg þessa vitleysu og troða sorpi, drasli og hverju sem er í tunnurnar sem aldrei fyrr, þó við þurfum kannski að borga meira fyrir. Með því móti komum við best til skila andstöðu okkar við þessa dellu. Reykjavíkurborg á að sjá sóma sinn í því að hirða frá okkur sorp sem oftast. Og svo er hér ábending til ykkar borgarbúar varðandi sorptunnur: Við eigum ekki sorptunnurnar, heldur Reykjavíkurborg, og þar af leiðir að Reykjavíkurborg á þá að sjá um þrif á þeim! Munið það næst þegar þarf að þrífa tunnurnar! Og aftur: Muna að henda sem mestu drasli í tunnurnar. Samstaða er það sem skilar mestum árangri! ■

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á mánudaginn voru gerð þau mistök að sagt var að lopapeysa sem Cintamani framleiðir kosti 19.960. Það er rangt því peysan kostar 16.960 krónur.

# Kjósum Ingibjörgu Sólrúnu

INGA SIGRÚN ATLADÓTTIR
KENNARI OG GUÐFRÆÐINGUR
SKRIFAR UM FORMANNSKJÖR
Í SAMFYLKINGUNNI

Að mínu mati snúast stjórnmál fyrst og fremst um mannskilning. Hvernig lítum við á annað fólk, eða okkur sjálf, og hvernig upplifum við það net einstaklinga sem móta samfélagið. Ég vil líta á einstaklinga sem ábyrga, skapandi og heiðarlega. Ég vil líta á einstaklinga sem upplýsta með sjálfstæðar skoðanir og þess megnuga að taka ákvarðanir í eigin málum. Ég vil líta á einstaklinga sem ófullkomnar verur sem bæði hafa kosti og galla en geta sem heild stutt og bætt hver annan.

Ég lít á stjórnmálaflokka sem hóp fólks með mismunandi skoðanir en sömu megin markmið. Hóp fólks sem er tilbúið að vinna saman af virðingu og víðsýni en hafa þó þroska til að lúta vilja lýðræðisins. Ég styð forystu sem hefur kjark til þess að leita að nýjum lausnum mála, viðurkenna margbreytileika og fjölbreytni mannlegs lífs og vill vinna samkvæmt því. Ég kýs stjórnmálaflokk sem tengir saman vald og ábyrgð og hefur þrek til að hlusta á skoðanir allra sem málið varðar, hvaða flokki sem þeir tilheyra. Ég vil sjá stofnanir samfélagsins með öflug eftirlitskerfi. Stofnanir sem veita frjálsu framtaki einstaklinga aðhald og móta leikreglur. Ég vil sjá öflugt velferðar- og menntakerfi þar sem litið er til framtíðar og hugað að þeim verðmætum sem búa í hverjum einstaklingi. Ég vil sjá stofnanir samfélagsins byggja á samvinnu og skilvirkni þar sem árangur er mælikvarðinn á gæði þeirra. Ég vil lifa í samfélagi þar sem ríkir jafnræði og jafnrétti, samfélagi þar sem jöfnuður birtist fyrst og fremst í jöfnum tækifærum. Ég vil sjá stjórnmál þar sem borin er virðing fyrir einstaklingum, þar sem mannskilningurinn er grundvallaður á tillitssemi og lýðræði og réttur einstaklinga á mannsæmandi lífi er í fyrirrúmi.

**Ég vil sjá stjórnmál þar sem borin er virðing fyrir einstaklingum, þar sem mannskilningurinn er grundvallaður á tillitssemi og lýðræði og réttur einstaklinga á mannsæmandi lífi er í fyrirrúmi.**

Ég tel að Ingibjörg Sólrún og Samfylkingin geti gert þessar hugmyndir að veruleika. Þess vegna vel ég Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir sem formann Samfylkingarinnar. ■



# Langisjór: Ónumið land mikilla tækifæra

**UMRÆÐAN**
NÁTTÚRUVERND



**ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON**
JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

Vel getur farið svo að Skaftá verði tamin, ýmist til að hefta landeyðingu af hennar völdum eða með því að virkja ána. Meðal annars er rætt um þá lausn að veita ánni í Langasjó. Vatnið varð ekki þekkt að fullu fyrr en á 19. öld og hefur síðan breyst úr aflöngu jökullituðu fjallavatni í blátt og tært stöðuvatn. Enn má reikna með að aðeins lítið brot Íslendinga þekki vatnið og umhverfi þess af eigin raun og líklega enn færri útlendingar.

Langisjór hefur eftirtektarverða stöðu meðal stærstu stöðuvatna landsins, á borð við Þingvallavatn, Mývatn, Hvítárvatn og Löginn. Hann er afar lítt snortinn af mönnum. Að honum liggur jeppaleið og í hann hefur verið sleppt silungi. Vatnið er meðal fegurstu staða hálendisins vegna lita, gróðurs (vikravistkerfis) og jarðmyndana. Beggja vegna vatnsins eru öflugustu gossprungur landsins, þ.e. Veiðivötn-Vatnaöldur í norðri og Lakagígar-Eldgjá í suðri . Vistkerfið er ungt, allfjölbreytt og merkilegt að fylgjast með framvindu þess. Og síðast en ekki síst er eyjum prýtt vatnið í kvos milli tveggja móbergshryggja en þeir eru ummerki öflugra sprungugosa undir ísaldarjökli. Utan í Fögrufjöllum er röð stórfenglegra gíga. Þar sem þetta svæði í heild er í raun einn virkast hluti plötuskila á þurru landi í heimnum, og bæði með gosmenjar af íslausu og jökulþöktu landi, er það vísast til einstætt í heiminum.

Langisjór er að mestu ónumið land í þeim skilningi að þar er unnt að stunda umhverfisvænar og léttar landnytjar. Á ég þá við að nýta umrætt svæði, að meðtöldum stóru gossprungunum, sem auðlind til fræðslu og ferðaþjónustu. Þarna eru fjölbreyttir gígar, alls konar hraun, gervigígar og laus gosefni og móberg í öllum myndum í mergjuðu landslagi. Auðvelt er að stika gönguleiðir, setja niður lítil hús og hóflega þjónustumiðstöð, skipuleggja gönguferðir (nú þegar að nokkru fyrir hendi) og bátsferðir. Svæðið hentar líka til vetrarferða. Það ber auðveldlega tugþúsundir gesta á ári ef vel er að staðið og alls ekki eingöngu þjálfaðasta hluta þeirra.

Ef eitthvert svæði á skilið að verða þjóðgarður (hæfilega stór og með óunnum þróunarmöguleikum) er það gosreinin á umræddum slóðum. Ef eitthvert svæði má merkja sem heppilegt svæði á Heimsminjaskrá SÞ er það þessi hluti gossprungukerfisins (ásamt með Öskju, dyngjunum og gossvæðum á NA-landi sem sjálfstæðu minjasvæði). Gleymum því ekki að mörg svæðanna sem hafa verið nefnd sem minjaefni á Íslandi hafa þýðingu í augum Íslendinga en miklu síður gagnvart heimsbyggðinni því sambærilegar eða mun merkilegri náttúruminjar af sama tagi eru til á fleiri stöðum, jafnvel mörgum.

Hagsmunir ólíkra aðila togast á um Langasjó. Þá er að velja þann kost sem hæfir hagsmunum sem flestra og helst allra. Hann er sá að leyfa Langasjó að mæta náttúrulegum örlögum sínum en athuga hvort og hvernig megi halda tjóni af völdum árinnar í lágmarki, virkja aðrar orkulindir, jafnvel með því að ýta allri aurahagkvæmni til hliðar. ■

# Á 180 km hraða niður Laugaveginn

**UMRÆÐAN**
FORRÆÐISHYGGJA



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON**
RITHÖFUNDUR

Hvurslags forræðishyggja er það að ég skuli ekki geta keyrt niður Laugaveginn á 180 km hraða á mínum EINKAbíl? Hvers vegna eru stjórnvöld að skipta sér af því? Þeir sem vilja ekki eiga á hættu að verða fyrir bílnum á ofsahraða geta bara keyrt Hverfisgötuna, eða Skúlagötuna. EIGNArétturinn er alltaf fótum troðinn í þessu landi. Er það ekki brot á mannréttindum að njörva mig niður með lögum og reglum? Og að skipa mér að nota bílbelti og banna mér að tala í farsíma í mínum EINKAbíl? Hvað varð um mitt frelsi? Og sjálfsákvörðunarréttinn? Hvers virði eru mannréttindi ef ég get ekki gert allt sem mig langar til, hvar sem er og hvenær sem er, burtséð frá því hvort ég skaða aðra?

Annað slagið má lesa skondnar greinar um yfirvofandi en löngu tímabæra reykhreinsun á veitinga- og kaffihúsum, í húsum sem veitingamenn eiga sjálfir í sumum tilfellum. Af hverju mega þeir ekki stjórna því sem gerist í þeirra eigin eignum, sbr. í þeirra eigin bílum? Geta þeir ekki skellt upp nautaati innanhúss á laugardögum, frjálsum skylmingum á sunnudögum, aðgangur öllum frjáls. Þeir sem vilja ekki eiga á hættu að meiðast geta sótt aðra staði.

Það segir sig sjálft að allir opinberir staðir, sem bjóða upp á þjónustu við almenning, þurfa vitanlega að lúta ákveðnum lögum og reglum, líka veitinga- og kaffihús, þótt þau hafa verið stikkfrí undanfarna áratugi. Annað slagið hafa virtir einstaklingar tjáð sig um þetta mál, m.a. með því að segja: „Þeir sem vilja ekki vera í reyk geta bara valið annað kaffihús?“ Ef þetta viðhorf væri við lýði hjá öllum aðilum sem bjóða upp á þjónustu við almenning gæti t.d. annað hvert flug til Akureyrar verið reyklaust, í þriðju hverri sætaferð til Hvolsvallar mætti reykja og jafnvel í öllu flugi til Köben en þeir sem vildu reyklaust flug þangað gætu bara valið aðra leið, t.d. í gegnum Osló. Og svo mætti reykja í verslunum 10-11 en ekki Bónus. Þeir sem vilja ekki reyk geta bara verslað á öðrum stað. Verslunareigendur hljóta að ráða yfir sínum húsum.

Öllum viti bornum mönnum ætti að vera ljóst að frelsi einstaklingsins, í siðmenntuðum þjóðfélögum, takmarkast þegar frelsið er farið að skaða aðra. Okkur er frjálst að neyta áfengis en samt megum við ekki aka undir áhrifum áfengis. Hvers vegna? Getur það verið vegna þess að ölvaður ökumaður er hættulegur sjálfum sér og umhverfinu? Kemur yfirvöldum það við? Í umræðunni um reyk- eða reyklaust umhverfi ber dauðsföll sjaldnast á góma, jafnvel þótt á bilinu 30-40 manns deyi árlega af völdum óbeinna reykinga. Er kannski óþægilegt að fá vitneskju um þessar staðreyndir. Svo ekki sé minnst á hina 400 sem deyja árlega af völdum reykinga. Á slíkt má helst ekki minnast þótt fólk á besta aldrei kveðji reglulega þennan heim eftir áratugi í fjötrum fíknar. Opinberlega fá menn illvígan sjúkdóm eða krabbamein en reykingarnar eru stikkfrí, eins og veitingahúsin.

ENGINN hefur nokkurn tímann fært rök fyrir því hvers vegna ætti að leyfa reykingar á veitinga- og kaffihúsum sem og skemmtistöðum og krám umfram aðra opinbera staði. Slíkt kemur ekki á óvart því engin rök eru fyrir því. Reykingar tíðkast þar enn af gömlum vana og sökum þess að menn hefur skort hugrekki til að takast á við vandamálið og eftirlitsaðilinn hefur horft á staðina með blinda auganu. Engu að síður vilja rúmlega 8 af hverjum 10 Íslendingum engan reyk á veitinga- og kaffihúsum. Að lokum má geta þess að Ísland hefur nú þegar fullgilti rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir sem kveður m.a. á um það að yfirvöld verða að hreinsa reyk úr öllum opinberum stöðum, þar með talið veitinga- og kaffihúsum. Kannski eru hinir háttsettu líka blindir. ■

**AF NETINU**

### Flóðbylgja og Framsókn

Ég heyrði í fréttum um daginn að rýma ætti hús í Þorlákshöfn ef Kötlugos yrði a.m.k. við sérstakar aðstæður. Nú bíð ég eftir því að fá eitthvað inn um lúguna frá almannavarnarnefnd Árnessýslu eða bæjarstjórn um málið. Við hljótum að fá ítarleg fyrirmæli. Einhvers konar rýmingaráætlun hlýtur að liggja fyrir eða hvað? Þá rýmingaráætlun ætti að kynna sérstaklega í leik- og grunnskóla. Þá hljóta niðurstöður einhverra rannsókna að liggja fyrir. Hvað myndi t.d. gerast ef flóðbylgja yrði fimm metra há? Tíu metra há? Hve há flóðbylgja yrði til þess að skapa neyðarástand? Um þetta þyrftu almennir fjölmiðlar að fjalla og bæjarstjórn þyrfti að sjálfsögðu að vita allt um málið. Eitt af því sem taka þyrfti tillit til í þessari vinnu er að allar neyðaráætlanir og tilkynningar þyrftu að vera til á íslensku, pólsku, eistnesku og taílensku. Næstum því tíundi hver íbúi Þorlákshafnar er tiltölulega nýkominn frá öðrum hlutum heimsins og þeir þurfa að bjarga sér ekki síður en aðrir. Látum vera þó við séum skammt á veg komin með að taka tillit til þess fólks sem vinnur fyrir okkur í grunnframleiðslunni fyrir lágmarkskaup en þegar um neyðaráætlanir er að ræða þarf allt að vera á hreinu.

Ég ætla ekki að tala um Framsóknarflokkinn en lítill flokkur án grundvallarviðhorfa hlýtur alltaf að vera í hættu fyrir valdabröltsmönnum. Og satt að segja er efitt að koma auga á fyrir hvað Framsóknarflokkurinn stendur nú um stundir. Annars vegar er hópur manna sem hefur undanfarin ár litið til Venstre í Danmörku sem var lítill vinstri flokkur en þróaði sig til hægri og er nú stór hægri flokkur. Hins vegar eru sveitamennirnir í flokknum sem eru aldir upp á hlaðinu heima, hafa aldrei hleypt heimdraganum og eru jafnvel á móti EES. Raunar er ég svolítið utangátta í þessum flokki, tel mig í hvorugum hópnum eða báðum. En þó að einstaklingur geti lifað klofinn þá er erfitt fyrir heilan stjórnmálaflokk að gera það án þess að einhvers staðar sjái á.

**Baldur Kristjánsson á baldur.is**


Opið hús hjá SVFR

Föstudaginn 4. febrúar

- Eggert Skúla nýr ritstjóri Veiðimannsins segir frá útgáfuáætluninni.
- Veiði- og hrakfallasögur.
- Össur Skarphéðinsson segir frá ísaldarurriðanum í Þingvallavatni.
- Veiðistaðalýsingin verður um Krossá á Skarðsströnd.
- Happahylurinn er í boði Arkó.
- Þórólfur Antonsson frá veiðimálastofnun fjallar um laxveiðihorfurnar 2005.
- Árshátíðin kynnt.

Brennivín og hákarl fyrir þá sem það vilja auk venjulegra veitinga

Húsið opnar klukkan 20.00.

Síðast var fullt hús og gríðarleg stemmning

Nýju „stelpurnar“ í skemmtinefndinni

SVFR

Arkó VEIÐIVÖRUR
Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sími: 587 5800 . www.arko.is


# Um atburðina í Freyju

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



**GESTUR VALGARÐSSON**

> **Staðreyndin er sú að á undanförnum árum hafa áform Sivjar um frama innan flokksins valdið ítrekuðum árekstrum í kjördæminu og æ meira hefur borið á því að þeim sem ekki „trúa“ sé refsað grimmilega.**

Atburðirnir á fundi Freyju, félags framsóknarkvenna í Kópavogi, á fimmtudaginn í síðustu viku þar sem nýir félagar hlutu kosningu til stjórnar eiga ekki að koma neinum á óvart sem þekkja til mála Framsóknarflokksins í Kópavogi. Sem fyrrverandi formaður Framsóknarfélags Kópavogs er ég mest undrandi á því að til þessa hafi ekki komið fyrr.

Siv Friðleifsdóttir, ritari Framsóknarflokksins, hefur brugðist við þessum atburði með því að kalla eftir áliti laganefndar flokksins og þar með reynt að gera samflokksmenn sína tortryggilega. Þó svo að viðbrögð Sivjar við þessum tíðindum séu í sjálfu sér ekki óvænt, verður samt að segjast eins og er að þau koma úr hörðustu átt. Alltént kvað við annan tón úr hennar herbúðum sl. haust þegar kosið var á aðalfundi Framsóknarfélags Hafnarfjarðar. Mágur Sivjar lagði þar til atlögu við sitjandi stjórn, sennilega vegna þess að hún var ekki nægjanlega hliðholl málstaðnum. Þá liggur það fyrir að umræðan um dauðalistann og húskarlana er að koma í bakið á henni sjálfri. Hvort tveggja hertæki sem smíðuð voru í herbúðum Sivjar og hafa gjarnan verið notuð gegn flokksmönnum sem ekki ganga í takti við áætlanir hennar, eða töldu það eðli málsins samkvæmt rétt að hún léti af störfum ráðherra í vetur.

Staðreyndin er sú að á undanförnum árum hafa áform Sivjar um frama innan flokksins valdið ítrekuðum árekstrum í kjördæminu og æ meira hefur borið á því að þeim sem ekki „trúa“ sé refsað grimmilega. Nægir í því sambandi að nefna djöfulskapinn úr hennar herbúðum á undangengnum kjördæmisþingum, þó svo að á síðasta þingi hafi e.t.v. steininn tekið úr í þeirri atlögu sem þar var gerð í nafni jafnréttismála. Þá hefur Siv nefnt það sem sérstakan missi að Una María Óskarsdóttir hafi tapað varaformannsstöðu sinni í stjórn Freyju. Það á auðvitað að vera verkefni allra formanna landssambanda, þar er Una María ekki undanskilin, að auka breidd þeirra fylkinga sem þeir fara fyrir. Þeim árangri ná þeir vart með því að þaulsitja sjálfir stjórnir undirfélaganna. Farið hefur fé betra hafa margir sagt við mig en ég held einfaldlega að þau vinnubrögð sem Una María hefur tamið sér, t.d. gagnvart Framsóknarfélagi Kópavogs, séu nú einfaldlega að hitta hana fyrir sjálfa.

Það hefur einfaldlega viðgengist, til alltof langs tíma, í þessum flokki að konur hafi getað kallað eftir völdum og áhrifum á þeirri forsendu einni að þær séu konur, að íslenskur raunveruleiki sé svo snautlegur að til skammar sé fyrir húskarla flokksins og hæfileikar, þekking og innsæi í íslenskt samfélag skipti þar engu máli, einungis tölfræðin.

Auðvitað er slíkur málflutningur byggður á sandi og konur sem teknar eru alvarlega gefa minna en ekkert fyrir slíkan málflutning. Þetta vita auðvitað allir. Dapurlegra er að margar hæfileikaríkar konur sjá í þessum málflutningi farartálma inn í flokkinn og fjölmörgum konum í flokknum er mikill ami af þessum málflutningi. Það er hins vegar döpur staðreynd að alltof margar konur láta glepjast af þessum málflutningi og svo eru það þær sem blygðunarlaust nota hann sér til framdráttar. Hvernig víkur því annars við að félagsmenn Freyju ráðast að Sigurbjörgu Vilmundardóttur með þeim hætti sem þeir hafa gert, eða þá að nýjum félagsmönnum. Freyja var orðin eins og sjúkur líkami hvers hvítu blóðkorn réðust gegn nýju blóði.

Raunalegast er að lesa heimasíðu Sivjar á laugardaginn. Þar greinir hún frá því að Landssamband framsóknarkvenna ætli á súpufundi að ræða þetta mál sem árás á stöðu kvenna og jafnréttismál flokksins. „Þvílík krísa“. Ég spyr: Í hvaða ljósi er þetta krísa? Er þetta krísa vegna þess að fjölgaði í Freyju? Er þetta krísa vegna þess að þessar nýju konur eru kjarkmiklar, vilja breytingar og vilja vinna innan vébanda Framsóknarflokksins? Ég held varla. Þetta er auðvitað krísa vegna þess að þetta eru ekki réttar konur. Þetta eru ekki konurnar sem fóru hringinn á Toyotunni með formanni Landsambandsins.

Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott. Nú líður að aukaaðalfundi í Framsóknarfélagi Kópavogs. Ég ætla að leyfa mér að túlka orð Sivjar þannig að ólíkt því sem áður hefur tíðkast láti Nesjamenn félagið í friði af því tilefni. Líkt og Siv gerði í Hafnarfirðinum í haust, lýsi ég yfir ánægju yfir því að fjölgi í flokknum. Segi það blygðunarlaust að ég á mér þá ósk heitasta að fjölgi meira. Hlakka til að vinna með nýjum og gömlum félögum að málefnum til framfara í Kópavogi.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Framsóknarfélags Kópavogs og varabæjarfulltrúi.* ■

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 10.01 | 13.42 | 17.23 |
| AKUREYRI | 9.58 | 13.26 | 16.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## tíska o.fl.

Gott er að eiga góða skó

BLS. 6



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

**Í dag er fimmtudagurinn 3. febrúar, 34. dagur ársins 2005.**

### KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 7*

**Flokkar & fjöldi**


**Bílar & farartæki** 173 stk.

**Keypt & selt** 40 stk.

**Þjónusta** 36 stk.

**Heilsa** 7 stk.

**Skólar & námskeið** 4 stk.

**Heimilið** 16 stk.

**Tómstundir & ferðir** 3 stk.

**Húsnæði** 17 stk.

**Atvinna** 22 stk.

**Tilkynningar** 2 stk.


**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

visir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Blóm eru þannig að það þarf að fylgjast með þeim og vera í beinni snertingu við þau, þetta eru eins og lítil börn," segir Gísli Jóhannsson rósabóndi.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í tísku*



**Leikkonan Sarah Jessica Parker** heldur áfram að auglýsa fyrir tískufyrirtækið Gap. Leikkonan, sem er þekktust sem Carrie í þáttunum Sex and the City, hefur skrifað undir samning þess efnis að auglýsa vorlínu Gap á þessu ári. Þetta er þriðja herferðin sem Parker tekur þátt í fyrir fyrirtækið en auglýsingar með henni í aðalhlutverki verða frumsýndar í mars vestan hafs. Gap hefur fengið sterk og jákvæð viðbrögð við Parker enda er hún afskaplega smart og alltaf vel til fara.

**Rótgróni skyrtuframleiðandinn Rocola** hefur nú sett nýja tegund skyrtna á markaðinn. Þessar skyrtur eru gerðar úr hundrað prósent bómullargarni sem hefur verið sérstaklega meðhöndlað þannig að það hrindir frá sér óhreinindum og þarf ekki að strauja. Skyrtuunnendur þurfa því ekki að hafa áhyggjur af blettum því skyrtan hrindir frá sér olíu og efnum sem innihalda vatn. Ef þú hellir víni eða kaffi á þig þá rennur vökvinn bara í burtu. Einnig er hægt að þvo blek, tómata, sósu og sultu af fljótlega með rökum klút. Hægt er að þvo skyrturnar í venjulegri vél. Skyrturnar fást í hvítu og bláu í karlastærðum á vefsíðunni menswear.co.uk og kosta þær um 5.500 íslenskar krónur.



**Í tilefni af tískuvikunni** í New York sem hefst 4. febrúar hafa nokkrir Bandaríkjamenn stofnað vefsíðu til heiðurs tónlistinni sem heyrist á tískusýningum. Slóðin á vefsíðuna er imaginaryrunways.com og mun markmið hennar vera að styrkja tískusýningartónlist fyrir utan tískupallinn. Einnig munu stofnendur síðunnar athuga hvernig tónlist er valin á tískusýningar og gera rannsóknir tengdar því.



**Afríka** eins og hún leggur sig virðist vera aðaláhrifavaldurinn í tískunni nú til dags. Hversdagsfatnaður eftir hönnuði eins og Ashish Gupta og Cacharel býr yfir sterkum, afrískum áhrifum og fatahönnuðurinn Jean Paul Gaultier notaðist meira að segja við afríska tísku í hátískusýningu sinni á dögunum. Aðrar verslanir hafa fylgt þessu fordæmi og er nú hægt að klæða sig afrískt í verslunum eins og Top Shop, Wallis og Dorothy Perkins.

*tiska@frettabladid.is*

# Rósir eins misjafnar og mannfólkið

***Gísli Jóhannsson rósabóndi upplýsir hvernig best sé að halda afskornum rósum lengi á lífi.***

„Mestu máli skiptir að vatnið sem rósirnar standa í sé hreint," segir Gísli Jóhannsson, rósabóndi í Dalsgarði í Mosfellsdal, spurður um umhirðu afskorinna rósa. Laufin mega alls ekki standa í vatninu því þá fúlnar það og stíflar sárið á rósinni, en sárið er sá staður þar sem rósin hefur verið skorin. „Efnið sem kallað er næring og fylgir oft blómvöndum er ekki einungis næring heldur einnig sótthreinsandi efni sem heldur vatninu hreinu," segir Gísli og bætir við að nóg sé að bæta á vatnið reglulega ef hún er notuð, annars þurfi að skipta vatninu út.

„Rósir þurfa að ná ákveðnum þroska til að að geta haldið áfram að springa út og eru útsprungnar rósir líklegastar til að lifa lengst," segir Gísli en hérlendis virðist fólk sækjast eftir rósum sem eru lítið útsprungnar sem er ekki endilega besta stigið. Í Evrópu og Ameríku eru blóm keypt mun opnari og á sínu fegursta stigi.

„Til að fá langa endingu á rósunum er gott að láta þær standa í sellófóni í heilan sólarhring þannig að eina leiðin fyrir vatnið að gufa upp er í gegnum knúbbinn og hann verður stærri og fallegri," segir Gísli en hérlendis segir hann gjarnan erfitt að hafa afskorin blóm þar sem húsin séu það vel kynnt að loftið þorni. „Loftið skrælnar helst yfir daginn þegar fólk er í vinnu og því er ágætt að taka rósirnar að kvöldi og pakka þeim inn í sellófan og láta þær standa á svölum stað þar sem svalinn hægir á þroska rósanna. Í lok dags þegar fólk kemur heim úr vinnu er hægt að taka rósirnar fram og njóta þeirra," segir Gísli.

„Blóm eru þannig að það þarf að fylgjast með þeim og vera í beinni snertingu við þau, þetta eru eins og lítil börn," segir Gísli og bætir við: „Rósir eru eins misjafnar og mannfólkið og mjög misjafnt hvað þær eru duglegar að standa og lifa lengi."

*kristineva@frettabladid.is*


LEÐURSÓFI

Bycast leður



2ja sæta kr. 89.900.- stgr

3ja sæta kr. 105.900.- stgr

Stóll kr. 69.800.- stgr

LEÐURSÓFAR LEÐURPULLUR

frábært úrval, gott verð

LÍNAN HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

LEÐURPULLUR



-margar gerðir og stærðir verð frá kr. 24.500.- stgr

## Glervaskur

Glervaskur ásamt fallegri lýsingu getur verið skemmtileg nýbreytni inn á baðherbergi. Nokkrar verslanir hérlendis selja slíka vaska en einnig er hægt að hafa samband við glerlistamann og láta útbúa fyrir sig glervask og eru þá möguleikarnir endalausir.




ÚTSALA

Á KERAMIKI OG FÖNDURVÖRUM

Útsölunni lýkur á sunnudag

Opið virka daga 10-18

laugar og sunnudaga 13-16

GÖTUMARKAÐUR - ÚTSÖLULOK

frá fimmtudegi til sunnudags

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA

Kringlunni - sími : 533 1322



Mikið úrval af viðarörnum og eldstæðum

Tessa 308.000 kr.

Aitana 393.700 kr.



Arinbúðin

Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)

Sími 567 2133 · www.arinn.is

Parketsalan.is

UV olíuborið

Gegnheil Gólfborð

Tilboðsdagar 3-12 feb.

Verð frá Kr. 2350 pr. ferm

Parketsalan ehf

Hringbraut 119, S.5526699

ĀĒ2Ĉff2`_ďY2SX2bW`[`Yg_@2 X[``Vg2ĀĈ3

X\Ĉd_Ĉ^S`Ĉ_e]W[ÿ

K@2XWTdĒSd

Wov«rmrk› {{{2wteve2mw

X\Ĉd_Ĉ^2ZW[_[^S``S

ô RĹ lykwyr ¶ l imq mpmwviowxvm



^W[ÿTW[`S`V[L2

Mrk»pjyv L2 Mrk»pjwwsr0

j²pekwjvâ ımrkyv2

Ljósmynda-námskeið

Vinsælu helgarnámskeiðin fyrir stafrænar myndavélar kosta aðeins 9.900 krónur. Hvert námskeið er alls 8 klst.

| | |
|---|---|
| 12. + 13. feb. | kl. 13:00 – 17:00 |
| 19. + 20. feb. | kl. 13:00 – 17:00 |
| 19. + 20. mars | kl. 13:00 – 17:00 |
| 2. + 3. apríl | kl. 13:00 – 17:00 |
| 16. + 17. apríl | kl. 13:00 – 17:00 |

Upplýsingar og skráning í síma 898 3911 eða á

ljosmyndari.is


# Íslensk hönnun í heimsklassa

***Reynir Sýrusson húsgagnahönnuður er einn þeirra Íslendinga sem á fallega hluti á sýningunni Stockholm Furniture Fair & Northern Light Fair sem stendur í Stokkhólmi dagana 9.-13. janúar. Hann var á förum þangað út þegar við hittum hann.***

Þótt Reynir Sýrusson hafi lengi fengist við hönnun þá berst hann ekki mikið á. Er með teiknistofuna sína, Syrusson, heima hjá sér og stendur að framleiðslu sinna hluta sjálfur. „Þeir eru allir smíðaðir á Íslandi, hjá helstu húsgagnaframleiðendum landsins,“ segir hann og lýsir gerð eins stóls. „Einn smíðar stálið, annar húðar það, þriðji sér um tréverkið og fjórði um bólstrunina svo dæmi sé tekið.“

Reynir kveðst hafa byrjað hönnun í föðurhúsum. „Ég er uppalinn að nokkru á verkstæði föður míns Sýrusar Magnússonar þar sem hann var að búa til allt mögulegt, stóla, lampa og fleira. Hann var það sem kallað er þúsund þjala smiður. Ég hef alltaf verið dálítill fagurkeri og þegar ég var á tvítugsaldri sá ég mynd af lampa sem mér þótti ægilega flottur en fann hvergi í búðum svo það endaði með því að ég smíðaði hann sjálfur. Upp úr því kviknaði hönnunaráhuginn sem er orðinn að ástríðu í dag.“ Reynir fór í myndlistarskólann hér og síðan til Danmerkur í frekara hönnunarnám. Hann hefur mikið unnið að sérverkefnum bæði fyrir fyrirtæki og heimili og einnig eru nokkrir hlutir eftir hann í fjöldaframleiðslu. „Þau fyrirtæki sem ég hef unnið fyrir hafa leitað til mín aftur svo þeim hefur líkað það sem ég hef verið að gera. En mig langar að stækka fyrirtækið mitt og koma íslenskri húsgagnahönnun á hærri sess en hún er í dag, í samstarfi við íslenska framleiðendur,“ segir Reynir og svo er hann rokinn til Svíþjóðar.

*gun@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**„Hægt er að fá húsgögnin í hvaða við sem er og með því áklæði sem passar hverjum og einum,“ segir Reynir sem hannar stílhreina hluti eins og barstóllinn Dizi og símaborðið Hallo! bera með sér. Frekari upplýsingar fást á heimasíðunni www.syrusson.com.**



**Zilo stólar eru á sýningunni í Svíþjóð. Þeir eru til í ýmsum litum.**



**Connect. Bæklingastandur er kominn í fjöldaframleiðslu.**





**Emíra er veglegt sófasett sem hægt er að fá bæði í svörtu og hvítu.**

**Myrra glerskápur hentar vel undir smádótið.**





**Nostri heitir þessi stóll sem er meðal þess sem er á sýningunni í Stokkhólmi. Hann er þegar kominn í framleiðslu.**



**Þetta sófaborð heitir Spirit.**

# Fallegur textíll í Skipholti

***Þrjár listakonur reka saman verslunina Textílgallerý.***

Fyrir tveimur árum opnaði í Skipholti lítil verslun sem þrjár konur reka saman undir nafninu Textílgallerý.

Þær vinna allar í textíl og þarna kennir ýmissa grasa. Bútasaumur er áberandi en Þórunn Símonardóttir er höfundurinn að bútasaumsvörunum og framleiðir undir nafninu Hjá Tótu.

Flíkur úr þæfðri ull eru víða sjáanlegar í versluninni og þær eru flestar gerðar af Helenu Sólbrá Kristinsdóttur en vörurnar bera hennar eigið nafn, Helena Sólbrá.

Þriðja listakonan er svo Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir og hún framleiðir töskur, púða, flíkur og fleira undir nafninu Litla Flugan.

Reksturinn er í alltaf í þróun segir þríeykið og nýlega bættu þær við vöruúrvalið flíkum frá íslenskum hönnuði, Jónu Kristínu Snorradóttur.

Heimilisvörurnar í Textílgallerý eru mjög fallegar og íslenska yfirbragðið fer ekki framhjá neinum enda er efniviðurinn oft selskinn, ull og fiskroð í bland við leður og ýmis önnur efni. ■



**Selskinnskollur kr. 32.000, Litla Flugan**

## Ráð



**Litlar hillur undir vask eru mjög sniðugar.** Ef þig vantar pláss á heimilinu þá er um að gera að skipuleggja rýmið vel. Settu til dæmis hillu fyrir neðan baðvaskinn. Þar getur þú geymt spreybrúsa til að hreinsa glugga, veggi og vaska og einnig aukapappírsrúllu. Þannig getur þú gripið í þrifnaðinn hvenær sem þér hentar og sparað pláss.

Keramik fyrir alla

Barnaafmæli
Bekkjarferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.

Tilboðspakkar

Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is



**Púði með túlipana kr. 4.800, Hjá Tótu.**



**Selskinnspúði kr. 18.000, Litla Flugan.**



**Bútasaumsteppi, silki, hör og fleira, saumað eftir pöntun.**

ÚTSALA
10 – 50%
AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU DAGAR
AUKINN AFSLÁTTUR

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 565 4100



**Leðurkaffihetta kr. 10.800, Hjá Tótu.**



**Servíettur kr. 750 stk., Litla Flugan.**



**Dúkur kr. 7.500, Litla Flugan.**



**Þæfð tehetta kr. 2.500, Helena Sólbrá.**



**Þæfðir kertastjakar kr. 700 stk., Helena Sólbrá.**

# Litríkt og blómlegt

***Vörur frá frönsku verslunarkeðjunni Pylones.***

Græn brauðrist með blómum og pöddum og lampa í stíl er meðal nýjunga í leikfangaversluninni Einu sinni var. Hér eru ekki um nein leikföng að ræða heldur vandaðar vörur til heimilisins, með eilítið barnalegum brag. Vörurnar koma frá frönsku verslunarkeðjunni Pylones sem sérhæfir sig í að gæða hversdagslega hluti lífi og er úrvalið óendanlegt. Fyrirhugað er hjá versluninni Einu sinni var að fá inn fleiri vörur með vorinu og eru víst viðskiptavinirnir að missa sig yfir þessari litríku og frumlegu nýjung.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Skrautlegt loftljós. Kr. 6.900**



**Sæt kerling með pils sem rífur ost. Kr. 1.990**



**Líflegur og fagur borðlampi. Kr. 6.900**



**Blómum skreytt brauðrist. Kr. 5.900**



**Tískusýningar**
Á vefsíðunni vogue.co.uk getur að líta myndir frá öllum helstu tískusýningunum í París, New York, Milanó og London. Myndirnar birtast um leið og sýningunum lýkur og þar er einnig hægt að sjá tískusýningar nokkur ár aftur í tímann.






ÚTSÖLULOK
Auka afsláttur af fatnaði um helgina
20-50% afsláttur af töskum
15% afsláttur af Pilgrim skartgripum
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kata og Gunna með kíló af fötum: skíðaúlpu, sjal, legghlífar, pils, prjónahúfu, hálsklút og undirkjól. Allt saman kostaði 3.000 krónur.

# Hrúga af fötum fyrir 3.000 krónur

***Kílóamarkaðurinn byrjar í Spútnik á morgun.***

Á morgun byrjar gósentíð fyrir gramsara og fagurkera því kílóamarkaðurinn hefst þar kl. 10 í fyrramálið. Kílóasalan er orðin árviss viðburður í Spútnik enda hefur alltaf tekist vel til og skemmtileg stemning myndast þegar gramsið stendur sem hæst.

Allar flíkur í versluninni verða seldar í kílóavís næstu tvær vikurnar og nú er gullið tækifæri að verða sér úti um gersemar á góðu verði því kílóið er falt á aðeins 3.000 kr.

Fréttablaðið leit við í Spútnik þegar verið var að undirbúa kílóasöluna og fékk tvær upprennandi stjörnur í tónlistarheiminum, þær Kötu og Gunnu, til að finna flott föt á vigtina.

Katrína Mogensen og Guðrún H. Ísaksdóttir eru í tíunda bekk en þær unnu síðustu Músíktilraunir með hljómsveitinni sinni Mammút sem skipuð er fimm ungmennum á aldrinum 15 til 17 ára. Síðan þá hafa þau spilað víða og í bígerð er plata með hljómsveitinni sem er væntanleg von bráðar.

Það er sko engin lognmolla í kringum þessar stelpur, þær geystust í gegnum Spútnik, fundu fullt af girnilegum flíkum og gerðu kostakaup á kílóamarkaðnum. ■




MIXA • fít
sjón gleraugnaverslun
50% afsláttur af umgjörðum!*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Tilboðið gildir til 12. febrúar.
Laugavegi 62 sími 511 6699
Glæsibæ sími 511 6698
Garðatorgi sími 511 6696
www.sjon.is sjon@sjon.is

Síðbuxur, skyrtur og peysur
Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077


# Twiggy er komin aftur

***Breska fyrirsætan Twiggy hjálpar fólki að eldast.***

Fyrirsætan Twiggy var svo sannarlega andlit sjöunda áratugarins og táknaði ferskleika og frelsi með stutta, strákalega hárinu, stóru augunum og spengilegum vexti.

Nú, næstum fjörutíu árum seinna, mun þessi frægasta fyrirsæta Breta enn á ný verða tákn sinnar kynslóðar. Nú er hún fyrirmynd þeirra sem nálgast miðjan aldur í öldrunarherferð.



Twiggy var andlit ársins 1966 þegar hún var aðeins sextán ára.

Twiggy er nú 55 ára og verður herferðinni beint að fyrirtækjum og þau hvött til að hanna auglýsingar og vörur fyrir þennan stóra og vel stæða hóp. Twiggy hefur mestar áhyggjur af auglýsingum þar sem átján ára fyrirsætur auglýsa fegurðarvörur fyrir fólk sem er komið yfir fertugt.

Twiggy hætti fyrirsætustörfum árið 1970 til að verða leikkona en segir að hún leggi jafnmikla áherslu á að líða vel og líta vel út. Hún segist ekki hrædd við að eldast og er því góð fyrirmynd fyrir fólk, ekki síst konur, á miðjum aldri. ■



Beyoncé er yfirleitt mjög vel til fara þótt ekki séu fötin efnismikil.

# Fatalína í minningu saumakonu

***Poppstjörnum finnst gaman að hanna föt.***

Enn bætist í hóp poppstjarna sem gerast fatahönnuðir. Nýjasta poppstirnið er söngkonan Beyoncé. Hún hefur skrifað undir samning við Tarrant Apparel Group um að framleiða fatalínu fyrir ungar konur.

Beyoncé hefur nefnt línuna House of Dereon eftir ömmu sinni, Agnesi Dereon, sem var saumakona. Fyrstu flíkurnar koma í verslanir næsta haust og Beyoncé segir að þetta verði blanda af gömlu og nýju. „Ég mun blanda loðfeldi við gallaefni, klassískri hönnun við sporthönnun,“ segir Beyoncé. ■




Náttfatadagar í febrúar
Rómantísk, notaleg ítölsk náttföt og náttkjólar á tilboði
Skoðið nýju vefsíðuna okkar www.diza.is
Diza Ingólfsstræti 6
S. 561-4000 • Opið 11-18, laugard. 11-14



Ég vil hafa snyrtilegar og fallegar hendur þess vegna vel ég LCN nagla gel á mínar neglur.
Sigrún Ungfrú Reykjavík.
LCN HEILSA OG FEGURÐ

ÚTSALA ÚTSALA
Allir bútar á 500 kr.
VEFNAÐARVÖRUVERSLUNIN
Textilline
Laugavegur 101 · 101 Reykjavík · Sími 552 1260 · Fax 552 1269



ÚTSALA
20-60% afsl.
Selena
Síðumúla 3, sími: 553 7355
Opið: virka daga kl.11-18, Laugard. kl.11-15



Óvenjulegt og flott frá Wooyoungmi í París.

# Litríkt, villt og nördalegt

*Tískusýningarnar byrja hver á fætur annarri.*



Svolítið nördalegir strákar í hönnun eftir Veronique Nichanian fyrir Hermes í París.

Nú stendur yfir aðaltískutíminn þar sem fatahönnuðir út um allan heim sýna tísku hausts og vetrar fyrir þetta ár og næsta. Strákarnir verða eilítið nördalegir en samt virðulegir. Fötin eru eins og þau séu notuð og hafi verið keypt á flóamarkaði og búa þar af leiðandi yfir einhverjum óútskýranlegum sjarma.

Hátískan fyrir vorið og sumarið í ár var kynnt í Róm á Ítalíu 29. janúar til 2. febrúar. Sú tíska er bæði glæsileg, fáguð og villt sem setur skemmtilegan svip á hátískulínuna.

Loks er það Gaudi-tískuvikan í Barcelóna á Spáni þar sem haust- og vetrartískan 2005 og 2006 var kynnt. Tískan er litrík og þægileg og mun hún sannarlega lífga upp á skammdegið – enda veitir ekki af. ■



Hárauður og tignarlegur kjóll frá hinni ítölsku Chiara.



Tilbúinn í skólann? Frjálslegur sportfatnaður frá Gaspard Yurkievich í París.



Strákarnir eru sexí í fötum frá Victorio & Luccino.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Tískuhringekjan á fullri ferð

Þegar vetrarútsölur eru í fullum gangi hér í París byrjar fagfólk að undirbúa næsta vetur í tískuheiminum. Fyrst er það kaupstefna sem heitir „Saloon de prêt-à-porter“, eins og sá fatnaður kallast sem er fjöldaframleiddur. Þangað fer allt fagfólk og hönnuðir sýna þar bæði föt og fylgihluti.

Þar á eftir kemur kaupstefnan „Première classe“- Fyrsta flokks – þar sem tauframleiðendur selja fataframleiðendum efni sín. Það eru nefnilega ekki bara fatahönnuðir sem ákveða hvað er í tísku því tauframleiðendur eru þegar búnir að velja liti næstu missera og fataframleiðendur yfirleitt efnin hjá sömu aðilum. Hvernig ættu annars allar búðir að vera með bleik föt þegar bleikt er í tísku?

Hátískusýningunum fyrir veturinn 2005-2006, „la Haute couture“, lauk í síðustu viku. Það er sá hluti kventískunnar sem einungis er framleiddur fyrir tískusýningarnar og eftir pöntunum fyrir hvern og einn. Þessir kaupendur eru um tvöhundruð í heiminum og skýrist það af verðinu sem er frá átta milljónum króna fyrir kjólinn, eftir vinnu og efni, því kjólarnir geta verið skreyttir eðalsteinum og eru að sjálfsögðu aðeins úr silki og satíni. Einungis nokkur tískuhús sýna hátískuna, svo sem Dior, Channel, Gaultier en þau eru um tuttugu. Þetta er sérfranskt fyrirbæri og því er París með réttu hátískuborgin.

Einn þeirra sem gæti hafa sýnt í síðasta sinn á miðvikudag í síðustu viku er Christian Lacroix. Stærsta lúxussamsteypa í heimi, LVMH, (Dior, Louis Vuitton, Kenzo, Fendi...) hefur nú verið seld, þar sem fyrirtækið skilaði ekki hagnaði og í dag er það fyrsta reglan í tískuheiminum, á undan skapandi hugsun og hönnun. Það er því alls óvíst hvað um þetta tískuhús verður, það gæti orðið að safni eins og þegar Yves Saint Laurent lokaði sínu tískuhúsi og seldi fjöldaframleiðsluna til Gucci group sem er þriðja særsta lúxuskeðja í heimi (Gucci, YSL, Alexander McQueen, Boucheron) en það er önnur regla í tískuheiminum í dag að steypa öllu saman í risafyrirtæki.

Á föstudag hófust svo herratískusýningarnar fyrir næsta vetur en fyrir herrana er aðeins prêt-à-porter, ekkert rými fyrir fantasíuna og sérsaumuðu fötin eins og hjá konunum. Á sama tíma eru flest merkin með svokallað showroom (sýngarsal). Þangað koma verslunarstjórar og smásöluaðilar og panta og fyrirtækið framleiðir eftir pöntunum til að renna ekki algjörlega blint í sjóinn. Bráðlega hefjast svo tískuvikur víðsvegar í tískuborgum, svo sem í Mílanó, London og New York en enda svo í París í byrjun mars. Þannig lokast hringurinn þar til í september þegar tískuhringekjan fer af stað aftur.


Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu
Living Food Energy duftið frá dr. Gillian McKeith hefur verið selt hérlendis frá því í mars 2004 og hefur varan náð gríðarlegum vinsældum.
Það er mjög ensímríkt, pakkað af næringarefnum sem frásogast vel þar sem það er í duftformi. 1 tsk á dag fyrir morgunmat fyrir þá sem vilja bæta orkuúthaldið. Þeir sem eru mjög orkulausir og þjást af einhverjum kvilla þurfa oft stærri skammta fyrst, t.d. 2 tsk. 2svar á dag fyrir máltíð.


Fæst í apótekum og heilsubúðum

Sérverslun með kvensilfur

Margar gerðir af búningasilfri.
Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.
Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.


50-70%
afsláttur
Síðustu dagar
CHANGE®
SMÁRALIND
Sími 517 7007


Verðhrun
Síðustu dagar útsölunnar
ATH: Erum að taka upp nýjar vörur.
CHER
Tískuvöruverslun
Laugavegi 82
544 4036

belladonna
Hlíðarsmára 11 • 201 Kópavogur • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Full búð af nýjum vörum
Opið
mán – fös 11-18
Lau 12-16












# Gott er að eiga góða skó

*Skór og hettupeysur í ræktina.*

Eftir veisluhöldin um jól og áramót og nokkur aukakíló samfara þeim flykktust margir í líkamsræktarstöðvarnar í byrjun nýs árs til að taka sig saman í andlitinu og standa við gefin áramótaheit.

Til að halda sér sem lengst við efnið er óvitlaust að byrja með stæl og vera með réttu hlutina við höndina. Góðir skór eru nauðsynlegir fyrir hvers kyns líkamsræktariðkun, dans, göngu, hlaup eða eróbikk og ber að velja þá vel.

Sportbúðirnar bjóða gott úrval af alls kyns íþróttafatnaði en það sem kannski er helst ómissandi með góðum skóm er flott hettupeysa sem felur jólavömbina og yljar vel í upphituninni. Svo sómir hún sér líka mjög vel bundin um mjaðmirnar þegar líða tekur á æfinguna og svitinn fer að segja til sín. Sem sagt flott hettupeysa og góðir skór hjálpa til að koma línunum í lag. ■



kr. 15.990 og 25% afsl.

DKNY kr. 6.990

FCUK jeans kr. 4.495 Fást í Centrum Kringlunni

kr. 11.990

NIKE kr. 6.490

kr. 10.990 og 20% afsl.

Belowzero kr. 7.990 og 30% afsl.

kr. 9.990 og 20% afsl.

MEXX Sport kr. 4.990

kr. 10.990

kr. 9.990

Esprit Sports kr. 6.990 Fást í Útilífi






Courtney Love er víst gangandi tískuslys.

## Courtney Love er tískuslys

*Best og verst klæddi listinn í Hollywood.*

Hinn umdeildi fatahönnuður Herra Blackwell hefur gefið út sinn árlega lista yfir verst og best klæddu konur í heiminum í 45. sinn. Það þykir vafasamur heiður að lenda á lista herramannsins en það er auðvitað fáránlegt að einn maður geti dæmt allan heiminn. Það er samt gaman að renna yfir listann því þótt herra Blackwell sé umdeildur þá er hann líka með feykigóðan og svartan húmor.



Paris Hilton er algjör partístúlka en Herra Blackwell finnst hún ekki kunna að klæða sig.

**5 VERST KLÆDDU KONURNAR:**

1. Leikkonan Nicolette Sheridan. „Alltof þröngar buxur og alltof stutt pils.“
2. Leik- og söngkonan Lindsay Lohan. „Alltaf í of litlum fötum. Eiginlega eins og geðklofi þegar kemur að fatavali.“
3. Söngkonurnar og systurnar Jessica og Ashlee Simpson. „Þær sanna að slæmur smekkur er ættgengur.“
4. Söngkonan Courtney Love. „Gangandi tískuslys.“
5. Hótelerfinginn Paris Hilton. „Þessu Hilton-hóteli ætti að loka vegna framkvæmda.“



Natalie Portman er ein af þeim sem kunna að klæða sig.

**5 BEST KLÆDDU KONURNAR:**

1. Leikkonan Natalie Portman.
2. Leikkonan Nicole Kidman.
3. Fréttakonan Barbara Walters.
4. Leikkonan Kate Winslet.
5. Sjónvarpskonan Oprah Winfrey.

F2
5. TBL. 2. ÁRG. 3. 2. 2005



# Auddi, Sveppi og Pétur

„Áfram sömu vitleysingarnir“

Gunnlaug þandi raddböndin fyrir Benetton

Ragga Gísla ruglar saman reytum við japanskan slagverksleikara ■ 17 kaupir Retro Göturnar í lífi Sigtryggs Baldurssonar ■ Klæðskerasniðnir íþróttaskór

# Þetta og margt fleira




**04** Þjóðernistíska: Sauðskinnsskór við gallabuxur

**05** Göturnar í lífi Sigtryggs Baldurssonar trommara

**08** VIÐTAL
**Besta áskorunin hingað til:**
Marta María Jónasdóttir ræddi við Audda, Sveppa og Pétur sem segja frá sterku bræðralagi og nýja þættinum sínum.

**10** Kristinn R. Ólafsson gefur uppskrift að spænskri kalóríubombu – Matgæðingurinn Jói B.





**14** Gunnlaug raddlistakona og móðir Mura – Íslensk hnífagerð






**F2** alltaf í Fréttablaðinu á fimmtudögum.

**Útgefandi**
Frétt hf.

**Ritstjórn**
Jón Kaldal

**Höfundar efnis í þessu hefti**
Borghildur Gunnarsdóttir, Freyr Gígja Gunnarsson og Marta María Jónasdóttir.

**Ritstjórn, auglýsingar og dreifing**
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Aðalsími: 550 5000
Netfang: f2@frettabladid.is

**Auglýsingar** Auglýsingadeild Fréttablaðsins, Jón Laufdal, Einar Logi Vignisson, Ólafur Brynjólfsson.

**Forsíðan**
Auddi, Sveppi og Pétur, sjá viðtal bls. 8.
Ljósmynd: Valli


## Ragnhildur Gísladóttir semur fyrir japanskan slagverksleikara

# Kemur með tonn af grjóti

„Hann Stomu er alveg magnaður. Þetta er fyrrverandi megapoppari sem fékk bara nóg af þessum vestræna poppheimi og því sem fylgir honum. Hann fór því bara heim til Japans og í klaustur að stúdera zen búddisma," segir Ragnhildur Gísladóttir um slagverksleikarann Stomu Yamash'ta, sem á sínum tíma spilaði með kempum á borð við Mick Jagger.

Í klaustrinu kynntist Stomu hljóðfærasmiðnum og vísindamanninum Hitoshi Maeda sem býr svo vel að eiga fjall með grjótnámu. Þeir hafa undanfarna tvo áratugi verið að þróa afar sérstök slagverkshljóðfæri sem gerð eru úr þriggja milljóna ára gömlum steinum.

Ragnhildur er þessa dagana að semja tónverk fyrir Stomu sem flutt verður á Listahátíð í sumar. Sjón semur textann við þetta verk Ragnhildar, en í flutningnum taka einnig þátt Sigtryggur Baldursson slagverksleikari ásamt barna- og kammerkór Biskupstungna og Skólakór Kársness.

„Allt þetta fólk sem er að taka þátt í þessu verkefni er mjög lifandi og skemmtilegt þannig að ég er alveg einstaklega lukkuleg," segir Ragnhildur.



**Stomu Yamash'ta**
Ragnhildur Gísladóttir er að semja tónverk sem hinn virti japanski slagverksleikari Stomu Yamash'ta flytur á Listahátíð í vor ásamt íslenskum listamönnum.

Hún hefur þrisvar sinnum komið fram á tónleikum með Stomu úti í Japan, meðal annars á tónlistarhátíðum sem skipulagðar hafa verið í þágu heimsfriðar.

„Hann hefur unnið mikið fyrir friði í heiminum og hefur trú á því að tónlistin hafi heilunarmátt."

Slagverkshljóðfærin sem Stomu tekur með sér hingað til lands vega eitt tonn. Verk Ragnhildar og Sjóns verður einnig flutt á heimssýningunni EXPO 2005 í Japan í júlí.

## N.T.C. kaupir Retro í Smáralind og Kringlunni:

# Gott að fá strákinn heim

Fyrirtækið N.T.C. sem rekur meðal annars Sautján-verslanirnar, Karen Millen, Evu og Kultur keypti öll hlutabréf í versluninni Retro í Kringlunni og Smáralind í vikunni. Retro var í eigu Sölva Snæs Magnússonar og fótboltatvíburanna Arnars og Bjarka Gunnlaugssona.

„Við fengum tilboð sem við gátum ekki hafnað. Í samráði við Sölva ákváðum við að selja og fer salan fram í mesta bróðerni. Hann mun starfa áfram hjá fyrirtækinu og taka þátt í að efla Retro í samráði við N.T.C. Við erum mjög ánægðir með að Retro sé komið í hendur N.T.C. Stefnan hjá okkur er að fara út í enn frekari fasteignaviðskipti," segir Bjarki Gunnlaugsson. Hann segir jafnframt að það hafi verið skemmtilegur tími og góð reynsla að hafa tekið þátt í að byggja Retro upp.

„Við munum halda áfram að versla í Retro. Ætli við komum ekki til með að halda N.T.C. uppi," segir Bjarki og hlær en þeir bræður eru miklir fatamenn og hafa alla tíð fylgst vel með tískunni. Spurður um Hverfisbarinn segir Bjarki að hann sé enn í þeirra eigu og það sé ekki fyrirhugað að selja hann, en allt sé samt falt fyrir rétt verð.

„Þegar okkur stóð til boða að kaupa Retro fannst okkur það mjög spennandi kostur enda á verslunin vel heima undir regnhlíf N.T.C. Það var sérlega ánægjulegt að fá Sölva aftur til baka en hann vann hjá okkur áður en hann stofnaði Retro. Við erum byrjaðir að vinna saman og það er eins og hann hafi aldrei farið. Okkur þykir öllum mjög vænt um Sölva enda er hann einstaklega hæfileikaríkur í hönnun og öllu því sem viðkemur þessu fagi. Við höfum áhuga á að styrkja Retro í Smáralind enn frekar og það verður fullt af spennandi breytingum í versluninni í Smáralind á næstu vikum," segir Bolli Kristinsson eigandi N.T.C.



Sölvi Snær Magnússon er kominn heim aftur.



**Eigendur N.T.C.**
Svava Johansen og Bolli Kristinsson eru hæstánægð með kaupin.




**Ætla að snúa sér að öðru**
Fótboltatvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir ætla að einbeita sér að fasteignaviðskiptum.


Ĕfe·^g^a ]
HB?JB72
SXe^Ċffgd
SAND
WOMAN
+96857;886 < %%# $!$!


## F2 velur

**Morgunverkið:** Það er laugardagur, og erfið vinnuvika að baki. Tilvalið tækifæri til þess að koma ástinni á óvart, skunda út í Sandholt bakarí, kaupa með kaffinu og færa henni morgunmat í rúmið. Helginni er bjargað með þessu litla góðverki.

**Lesefnið:** *Píslarvottar nútímans* á svo sannarlega vel við þessa dagana, en í henni gefur Magnús Bernharðsson góða lýsingu á aðstæðum Miðausturlanda, sem verða að teljast suðupottur heimsins í dag.

**Sjónvarpið:** Sakamálaþáttaröðin, Örninn eða *Ørnen* eins og hann heitir á frummálinu, fjallar um íslenska rannsóknarlögreglumanninn Hallgrím Örn Hallgrímsson sem berst við skipulagða glæpastarfsemi. Benedikt Erlingsson og María Pálsdóttir koma fyrir í þessum fyrsta þætti, en annars leika þau Elva Ósk Ólafsdóttir og Kormákur Gunnarsson hlutverk í þeim.

**Geisladiskurinn:** Fyrir þá sem ekki komust á tónleikana með Kris Kristofferson, eða vilja endilega rifja þá ljúfu kvöldstund upp, er nú komin út *The Essential of Kris Kristofferson* sem er skyldueign fyrir þá sem á annað borð hafa gaman af góðri tónlist.



**Kvikmyndahúsin:** Í *Meet the Fockers* snýr Ben Stiller aftur sem hinn ákaflega seinheppni Greg Focker. Robert De Niro leikur sem fyrr tengdapabbann en Dustin Hoffman og Barbra Streisand foreldra Gregs.


LEIKUR ÞÚ ÞÉR AÐ LÍFI ANNARRA?
Himinn og haf / SÍA – 9040698
UMFERÐIN
SNÝST UM
LÍF!
Að aka undir áhrifum áfengis er fyrsta skrefið í átt til manndráps af gáleysi.
Ekki leika þér að lífinu!
UMFERÐARSTOFA

Stærðin virðist ekki skipta máli

## Edith Piaf enn ótrúlega vinsæl



Stórsýningin ***Híbýli vindanna*** sem sýnd er í Borgarleikhúsinu gengur að sögn miðasölunnar alveg glimrandi vel, og virðast leikhúsgestir ekki hafa tekið mikið mark á blendnum viðbrögðum gagnrýnenda. Tala menn þar á bæ um annað Chicago æði. Reiknað er með að sýningin verði á fjölunum að minnsta kosti til 30. apríl, og eru þegar farnir að seljast miðar á þá sýningu og ekki hægt að fá miða í góð sæti fyrr en í mars.



Hjá Þjóðleikhúsinu bera menn sig nokkuð vel, en neikvæð umræða um sýninguna ***Öxin og jörðin*** hefur haft einhver áhrif á gengi hennar. Reiknað er með að leikgerðin klári sínar ellefu sýningar en næst á stóra sviðinu verður ***Mýrarljós*** í leikstjórn Eddu Heiðrúnar Bachman en sú sýning verður frumsýnd 10. febrúar.



Flaggskip Þjóðleikhússins og sú sýning sem nýtur hvað mestra vinsælda er ***Edith Piaf***, og er hún ef til vill sönnun þess að stærð skiptir ekki öllu máli en hún gengur ótrúlega vel. Það er nánast ógerlegt að fá miða á sýninguna og er uppselt í góð sæti fram til 18. mars.

# Bakpoki og brauðsneið

Listamennirnir **Bjargey Ólafsdóttir** og **Tumi Magnússon** völdu þrjá ómissandi hluti.



Bjargey Ólafsdóttir er þessa dagana með sýningu í Hafnarhúsinu. Hún er svo á leiðinni á kvikmyndahátíðina í Berlín. „Ég mun fara á fullt af fyrirlestrum og svoleiðis þarna. Í mars fer ég svo til Noregs í þrjá mánuði þar sem ég fer á norskan styrk og verð þar í listamannavinnustofu. Ég er á sífelldu flakki.“



**Stóri græni bakpokinn minn.** Þetta er risastór fjallapoki sem ég keypti þegar ég var nítján ára og var að byrja í hjálparsveit skáta. Ég skipti um dvalarstað á um það bil þriggja mánaða fresti út af vinnunni og því hefur hann farið víða. Eitt sinn svaf ég í snjóhúsi uppi á fjöllum og þangað fór græni bakpokinn með mér.



**Marglituð teygja.** Þetta er svona teygja sem er notuð í teygjutvist og ég keypti í dótabúð á Ísafirði. Lítill, léttur og skrítinn hlutur. Ég nota hana til að skreyta íbúðirnar mínar. Ég flyt svo oft og í hús sem eru fullbúin og tek þá svona litla hluti með mér til þess að skreyta og þessi teygja er einn af þeim.



**Fartölvan mín.** Ég skil hana eiginlega aldrei við mig því ég nota tölvuna helling í vinnuna mína. Ég gæti ekki verið án hennar. Ég vel samt alltaf létta og þægilega hluti sem auðvelt er að ferðast með. En tölvan er bráðnauðsynleg.



Tumi Magnússon myndlistarmaður er þessa dagana að kenna í Listaháskóla Íslands. Í næstu viku fer hann til Noregs þar sem hann verður í tíu daga. „Um næstu mánaðamót fer ég svo til New York vegna listasýningar sem ég tek þátt í.“



**Stigi.** Hann er nauðsynlegur til þess að lifa af hversdaginn. Það er svo oft sem maður þarf að yfirstíga eitthvað og þá getur verið einstaklega hentugt fyrir manneskjuna að hafa stiga. Það er allavega mjög nauðsynlegt í svona yfirfærðri merkingu.



**Fallhlíf.** Hún er nauðsynleg fyrir mig ef ég þarf að hoppa niður eða ef ég dett niður. Ég hef ekkert farið í raunverulegt fallhlífarstökk og það er ekkert á dagskránni. En ég hef oft farið í óraunveruleg fallhlífarstökk þar sem ég þarf eitthvað til þess að draga úr fallinu.



**Brauðsneið.** Hún er manninum nauðsynleg svo hann deyi ekki úr hungri. Einnig er hún mér nauðsynleg að því leyti að hún heldur mér við jörðina. Hún er í rauninni bæði andleg og líkamleg næring, brauðsneiðin.

Þjóðernistíska ryður sér rúms

# Í sauðskinnsskóm og gallabuxum

Það er stuð þegar vor- og sumarfatnaðurinn fer að streyma inn í verslanir. Þó að lítið sé um stökkbreytingar í tískunni koma alltaf inn ný áhrif og ný „trend“. Núna kemst enginn í gegnum vorið nema að eiga mussu, vítt pils og fullt af skarti. Margir gætu túlkað þetta sem endalaus hippaáhrif en það er ekki hægt að segja að þetta komi allt frá hippatímanum. Þetta er í raun þjóðernistíska. Hönnuðirnir leita í hefðir margra þjóða og blanda því saman svo úr verður einn skemmtilegur tískugrautur. Mikið er lagt upp úr skarti sem á að vera úr tré og betra er að hafa meira en minna af því. Það gætir áhrifa frá Indlandi í skyrtum og þær eiga að vera skrautlegar, helst með bróderí. Mikið er um toppa með afrískum áhrifum þar sem perlur og steinar eru saumaðir í flíkurnar. Öllum afrísku toppunum fylgir mikil pilsatíska. Þau eru rykkt til að fá vídd í þau og oftast eru þau í nokkrum stykkjum. Mikið er um hnésíð pils en síð pils koma einnig sterk inn. Pilsin eru ýmist úr bómullarefnum eða öðrum léttum náttúrulegum efnum sem geta flaksast til í rokinu. Einlit pils eru alltaf klassísk en með þjóðernistískunni koma margvísleg mynstur sem gaman er að klæðast. Stígvél með fylltum hæl eru ógurlega flott við pilsin og svokallaðir „jesúsandalar“ verða mikil tískuvara þegar það fer að hlýna almennilega í veðri. Þótt sniðin séu alltaf að víkka verða konur að varast að vera í víðu pilsi við mussu því þá missir líkaminn allar útlínur. Mussurnar eru því flottastar við þröngar gallabuxur og það er fallegra að vera í aðsniðnu við víðu pilsin. Beltin koma að góðum notum við þjóðernisdressin og gefa fallegt yfirbragð. Fyrir þær sem eru með ofnæmi fyrir búðarrápi geta rótað í skápunum hjá ömmu í von um að hnjóta um þjóðernislega flík. Svo er náttúrlega alltaf hægt að sauma sér sandala úr gæruskinni. Þeir yrðu án efa æðislegir við gallabuxur og væri svar okkar íslendinga við þjóðernistískunni.



**Endalausir steinar**
Einfaldur bolur verður svalur þegar búið er að sauma á hann alla þessa litríku steina. Hann fæst í Karen Millen.



**Við pils**
Þau spila stórt hlutverk í þjóðernistískunni.



**Töffaralegt**
Mussur eru töffaralegar við gallabuxur og fullt af skarti. Þetta dress er úr Top Shop.



**Elegant**
Suðuramerískur toppur úr silki með hekli. Hann er úr versluninni Zara.



**Hippaleg stígvél**
Stígvél með fylltum hæl koma eins og himnasending inn í þessa tísku og henta sérlega vel við íslenskar aðstæður.




**Frá borginni minni** Katrín Hallgrímsdóttir býr í Chicago

# Heimabær Al Capone og Michael Jordan

Ég er hér í framhaldsnámi í lögfræði við University of Chicago, og bý í úthverfi borgarinnar, sem heitir Hyde Park, og er samblanda af litlu þorpi og háskólahverfi, enda byggt í kringum háskólann. Það eru þó ekki nema tíu mínútur niðrí miðbæ með strætó. Þetta er mjög fínt og ég fæ tækifæri til þess að upplifa að búa í stórborg þrátt fyrir að vera aðeins frá miðborginni. Chicago er þriðja stærsta borgin í Bandaríkjunum, og er í miðvesturríkjunum, þar sem hjarta Bandaríkjanna er. Hún er ekkert mjög fjölmenningarleg og í raun mjög bandarísk. Íbúarnir eru mjög vingjarnlegir, og fyrir lokaðan Íslending sem er vanur ekkert alltof opnu fólki eru þeir kannski einum of og stundum er mér boðið far af fólki sem ég þekki ekki neitt. Það býr ekkert að baki, heldur er borgarbragurinn einfaldlega svona. Chicago er oftast kölluð Windy City, og er auðvitað þekktust fyrir blúsinn, djassinn, Al Capone og Michael Jordan. Það kom mér samt svolítið á óvart hversu lítið er af myndum og minnismerkjum um Jordan og ég hef ekki enn gerst svo fræg að sjá leik með Chicago Bulls. Ég hafði engan sérstakan áhuga á djass og blús, en er núna nánast orðin forfallinn fíkill, sérstaklega í blúsinn. Ég reyni að nýta hvert tækifæri til þess að fara á uppáhaldsstaðinn minnn, „Buddy Guy Leugent“, en það er reykmettaður staður í miðborginni, þannig að maður fær það á tilfinninguna að vera kominn aftur til gamla tímans, þegar blúsinn varð til.
Miðbærinn í Chicago þykir mjög þrifalegur og hreinn, og þeir sem hafa komið til borga eins og New York og Boston segja hana mun þrifalegri en þær. Þeir eru nýbúnir að byggja hérna útivistargarð með upplýstu skautasvelli, þannig að ef einhver vill fara á draumastefnumótið eins og bíómyndunum, þá er upplagt að fara þangað. Svo er hér líka bar á 89. hæð í Hancock Tower, en þangað er mjög gaman að fara og fá sér einn kokteil og horfa yfir alla borgina. Þegar ég fer út að borða, fer ég aðallega á Núðluhúsið hérna í Hyde Park, þar fæ ég bestu núðlurnar.



**Horft yfir til Chicago**
„Borgin þykir alveg ótrúlega þrifaleg.“

# Komdu út í plús!

Laugardaginn 5. febrúar kl. 11-17 og sunnudaginn 6. febrúar kl. 13-17 verður kynning á ferðabæklingi Plúsferða sumarið 2005 á afgreiðslustað S24 í Kringlunni.

## Þú gætir unnið ferðavinning!

Taktu þátt í skemmtilegum ferðaleik og þú átt möguleika á ferðavinningi að eigin vali í leiguflugi Plúsferða í sumar að upphæð 75.000 kr. Að auki verður dreginn út aukavinningur að uppæð 25.000 kr. Óvæntur glaðningur í boði fyrir þá sem taka þátt.*

%

## Til útlanda á betri vöxtum

Þér stendur til boða einstakt tækifæri á hagstæðu láni fyrir utanlandsferðinni til allt að 36 mánaða.**

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

*Vertu viss um að þú sért að hagnast*
*á þínum bankaviðskiptum...*

S24 ...og þú hagnast

Kynntu þér ferðalán... **www.s24.is** Sími 533 2424 – Kringlan

*Meðan birgðir endast.
**M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

EINN TVEIR OG ÞRÍR



Notaðu ímyndunaraflið þegar þú hannar þína eigin Nike skó. Ekki er verra að hafa þá merkta með eigin nafni.

Klæðskerasniðnir íþróttaskór

# Ræktaðu sköpunargáfuna

Það getur verið æði erfitt að finna íþróttaskó sem eru algerlega eins og hugur manns. Á heimasíðunni www.nikeid.com getur maður hins vegar hannað sína eigin strigaskó. Hægt er að velja um ótal tegundir af skóm eins og hlaupa-, körfubolta-, takka- eða jafnvel eróbikkskó svo eitthvað sé nefnt. Þegar rétta skótýpan hefur verið valin getur hönnunarferlið hafist. Hægt er að velja í hvaða lit maður vill hafa skóna, svo er hægt að hafa annan lit á reimunum, sólanum, dempurunum, tungunni, röndunum og Nike-merkinu. Hægt er að láta bródera nafnið sitt á skóna sem er æði sniðugt hjá þeim sem eiga það til að týna af sér skótauinu og svo er það líka örlítið svalt. Stjáni kúl hljómar til dæmis ekki sérlega illa. Þetta er kannski ekki mjög flókið hönnunarferli en það er betra að vita hvað maður vill áður en byrjað er. Þegar svona miklir möguleikar eru í boði getur þetta vafist fyrir fólki. Flottir hlaupaskór á dömur í stærð 39 með dempurum og öllu tilheyrandi kosta um sjö þúsund krónur. Þegar búið er að borga burðargjald og tolla ættu þeir að kosta um tíu þúsund krónur. Það er ekki svo slæmur prís og í flestum tilfellum ódýrara en fullbúnir Nike skór út úr búð.



**Christian Fennez**
„ Fennez er ein fyrsta stórstjarna þessarar tónlistar og hefur verið nefndur laptop guðinn.“

Tónleikar í KlinK og banK

# LAPTOP GOÐ TIL ÍSLANDS

Það verða sannkallaðir stórtónleikar fyrir augu og eyru laugardaginn 5. febrúar í KlinK og BanK, en þá mun tónskáldið Jóhann Jóhannsson, austurríska laptop goðið Fennez ásamt plötusnúðnum DJ Musician vera með tónleika sem eiga eftir að þykja sjónrænir í meira falli.

Fennez þessi þykir hálfgerður David Bowie þessarar tónlistar, og ein fyrsta stjarnan sem kemur fram á sjónarsviðið með I – Book fartölvuna. Grímur Atlason, sem hefur veg og vanda af tónleikunum, áréttar að Fennez sé ekki bara einhver tónlistarmaður, heldur sé hann stórstjarna sem leggi mikið á sig til þess að koma. „Hann er mjög vandaður og skemmtilegur, og tónlistin er mjög sjónræn.“ Grímur segir ennfremur, að þetta sé sá tónlistarmaður sem þeir sem séu að gera raftónlist horfi til. „Kvöldið verður þannig að Jóhann mun byrja með sína rólegu tónlist. Svo mun Fennez aðeins hrista upp í þessu, þó að tónlistin hans sé mjög þíð. Loks mun DJ Musician, Pétur Eyvindsson, þeyta skífum í lokin svo úr verður mikil skemmtun í KlinK og BanK,“ segir Grímur. Miðasala er hafin í Tólf tónum, og kostar 1500 krónur inn, en tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.

## Göturnar í lífi Sigtryggs Baldurssonar




# Hannaður fyrir ferðalög

Sigtryggur ásamt dóttur sinni Eyrúnu
„Það má heyra dynkina hjá konunni á einni plötu.“

**Sigtryggur Baldursson,** trommuleikari og Bogomil Font með meiru, segist vera flakkari að eðlisfari, það sé flökkublóð í honum enda hafi hann réttu líkamsbygginguna til þess, og þá finnist honum heldur ekkert leiðinlegt að flytja. Hann geri ekki miklar kröfur til þeirra íbúða sem hann flytji inn í, bara að þar sé klósett og vaskur. Afganginum sé svo hægt að bjarga.

**Solastrand í Stafangri, Noregi, 1962 til 1964**
Ég man því miður ekkert eftir mér þarna, en veit að við bjuggum niður við strönd. Ég hef auðvitað heyrt sögur af mér, og það mátti víst ekki líta af mér eitt augnablik, því þá var ég kominn út í sjó. Auðvitað ósyndur.

**Auðbrekka í Kópavogi, 1964 til 1968**
Marlyn Monroe dó þetta ár og við fluttum heim, tveir stórviðburðir sem var þó gert mismunandi skil á. Mamma og pabbi áttu þetta hús, áður en þau fóru út og leigðu það á meðan við bjuggum úti. Það fyrsta sem ég man eftir, var að hafa lent í klóm hrekkjusvína sem bundu mig upp við staur og girtu niður um mig. Má kannski segja, að flassaraárátta mín hafi þarna byrjað sem jókst svo og jókst enda sat ég síðar nakinn fyrir á plötuumslagi.

**Fireireland Avenue 531, Long Island, New York, 1969 til 1972**
Þarna var ég ásamt fjölskyldu minni, niður við sjó á nýjan leik, og þetta var að sjálfsögðu mikið ævintýri. Ég man þó mest eftir útistöðum mínum við að feita strákinn í næsta húsi en annars var þetta slétt og fellt tímabil.

**Auðbrekka 13, Kópavogur 1972 til 1982**
Við fluttumst aftur á Auðbrekku þegar við komum heim, og þar bjó ég þangað til ég varð nitján ára, en þá henti mamma mér út, enda ekki með neina vinnu, átti ekki neina peninga og hættur í skóla. Fannst ég vera svakalega töff, mamma sagði við mig að núna ætti ég að sökkva eða synda, læra að bjarga mér sjálfur.

**Eskihlíðin 1982 til 1983**
Ég flutti inn í íbúð sem pabbi vinar míns, Eyjólfur Kristjánsson, átti og hann varð fyrsti leigusalinn minn. Þessi íbúð varð fljótlega að piparsveinasvítu og við vorum þarna með margvísleg uppátæki og skepnuskap, en yfir Eskihlíðinni hvílir heiðursmannasamkomulag. Ég var í hljómsveitinni Þeyr og held að það segi meira en mörg orð. En það sem er svo merkilegt, að það var ekki nóg með að ég væri hljómsveit, heldur vann ég líka á Kleppi og skráði mig í Fjölbrautarskólann í Breiðholti og eignaðist góða kærustu sem tosaði mig út úr þessu mikla syndabæli.

**Garðastræti 1983 til 1986**
Ég og kærastan mín ákváðum að fara leigja saman með æskuvini mínum, Birgi Mogensen, og Kukl tímabilið fer fram á þessum tíma. Þetta var hið mikla hugsjónatímabilið. Ástin, Kuklið og hugsjónirnar blómstra, og ég las heimspekiskruddur. Maður var að breyta heiminum eða allavega hélt það.

**Melabraut, Seltjarnarnes, 1986 til 1988**
Ég og kærastan mín ákváðum að gifta okkur á þessu tímabili, eða eiginlega ákváðum við að fara í brúðkaupsferð og fara út að borða í útlöndum. Til þess að gera það, þurftum við að fá okkur Visa kort svo við gætum borgað farseðlana og matinn. En svo kom Visareikningurinn og þá þurftum við að taka út skyldusparnaðinn okkar og til þess að það væri hægt þurftum við að gifta okkur, þannig að þetta var hagræðisgifting sem virkar enn þann dag í dag. Á þessum tíma hefst Sykurmolatímabilið, og við hjónin upplifum hveitibrauðsdagana.

**Auðbrekku 13/ Laufbrekku 13, 1988 til 1989**
Foreldrarnir höfðu skipt upp ættaróðalinu, þannig að það var kominn lítil kjallaraíbúð, sem við leigðum, meðan við vorum að leita okkur að húsi.

**Þrastargata 1990 til 1993**
Það hafði verið langþráður draumur að eignast eigið hús, og við keyptum lítið „dúkkuhús“ og eignuðumst litla stúlku, sem heitir Una og er orðin fimmtán ára. Svo að dúkkuhúsið skilaði sínu. Ég var mikið á flakki í Sykurmolaveseni, alveg þangað til 1992 þegar ég hætti því og stofnaði hljómsveitina Bogomil Font.

**Eagle Heigths, Wisconsin, Madison, 1993 til 2000**
Eins og nafnið gæti gefið til kynna, þá mætti halda að maður hefði gengið í bandaríska nasistaflokkinn, en svo var nú ekki. Ég var nú hálfgerður ólöglegur innflytjandi, var ekkert með vinnu, en var að flakka þess í stað, og fór meðal annars reglulega til Chicago til þess að spila en frá Arnarhæðum er þriggja tíma ferð til borgarinnar.

**Emmastrase, Amsterdam, sumarið 2000**
Konan mín tók rannsóknarstöðu í Hollandi eftir doktorsnám sitt í Bandaríkjunum og ég fylgdi að sjálfsögðu með. Reyndar bjó ég ekki mikið í borginni, var reglulega á flakki milli Hollands og Englands, og túraði þar að auki með Emilíönu Torrini um öll Bandaríkin sumarið 2001. Hollendingar eru merkilegt fólk, haldnir ofsafenginni skynsemishyggju. Þetta frjálslyndi er bara fyrir ferðamenn, þeir sjá fyrst og fremst aukna skattpeninga í því að leyfa bæði vændi og hasssölu, þurfa þá ekki að borga fyrir fangelsisvist þessa fólks.

Svo er líka rosalega erfitt að komast inn í einhverja bransa, ef maður er ekki fluttur inn. Á mig var bara litið sem einhvern aðskotahlut.

**Lorentzweg, Hilversum, 2000 til 2003**
Eftir að búið um sumarið í Amsterdam fluttum við í lítinn smábæ, í endaraðhús og við hliðina á okkur bjó eldri kona, kelling ef svo mætti að orði komast. Hún var algjörlega heltekin af hljóðlæti. Það mátti ekki heyrast eitt aukatekið orð til þess að hún byrjaði að berja reglulega með kústinum sínum í vegginn hjá okkur. Þegar mikið lá við, fór hún út í garð og lamdi á trégrindverkið sem aðskildi garðana og má meðal annars heyra þá dynki á plötunni Steintryggi sem ég tók upp út í heimatilbúna hljóðverinu mínu. Þeir voru því miður ekki í takt.

**Skeljagrandi 4, 2003**
Við fluttumst til mágkonu minnar sem er ákaflega grandvör og góð kona, sem verndaði okkur fyrir Skeljagrandabræðrunum og öðru illu fólki. Við vorum þarna í nokkra mánuði í góðu yfirlæti á meðan við leituðum að góðu húsnæði.

**Langagerði 22, 2004 –**
Núna búum við í Langagerði, en ég útiloka alls ekki að við flytjum aftur, enda erum við að reyna að finna okkur hús í Reykjavík. Og svo finnst mér alls ekki leiðinlegt að flytja. Ég geri nú ekki miklar kröfur þegar ég skoða hús, það er helst að það sé klósett. Ef það er fyrir hendi þá er hægt að redda flestu öðru, eldavélin væri svo bónus.

# Eitt líf

# Njótum þess

Spring Air

The Back Supporter®

NeverTurn™

Mattress



## Gravity Zero

Gravity Zero stillanlegu rúmin
á frábæru tilboði í febrúar





## Hægindastólar

Margar gerðir



## Gaflar og náttborð

Nútímaleg húsgögn
í takt við tímann.

## TempraKon

Hitajöfnunarsængur
og koddar



## Svefnsófar

Lúxus svefnsófar
með heilsudýnu





## TM Line fataskápar

í úrvali



## Teppasett

Mikið úrval
af hágæða
teppasettum.

www.design.is © 2005

# Febrúartilboð á ofangreindum vörum!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# BESTA ÁSKORUNIN HINGAÐ TIL

Dagurinn í dag er stór í lífi **Audda, Sveppa** og **Péturs Jóhanns** því í kvöld fer þátturinn Strákarnir í loftið á Stöð 2. *Marta María Jónasdóttir* hitti þá meðan undirbúningur var í hámarki. Þó að stressið væri að yfirbuga þá var stutt í húmorinn.

### Sterkt bræðralag

Auðunn Blöndal er einn á skrifstofu þremenninganna þegar blaðamann ber að garði. Fimm mínútum seinna koma Pétur Jóhann Sigfússon og Sverrir Þór Sverrisson í loftköstum með „shake“ í hönd. Þeir eru líka með „shake“ handa Audda eins og hann er kallaður.

„Hann hélt að hann hefði borið vitlausa olíu á parkettið sem hann er nýbúinn að kaupa og það væri ónýtt. Þess vegna keyptum við „shake“ svo hann yrði glaður,“ segir Sveppi.

Auddi og Sveppi eru búnir að vinna saman í þrjú ár og eru farnir að vera eins og systkin og segja að Pétur Jóhann sé eins og nýi vinur þeirra.

„Það er búinn að vera mikill uppgangur hjá mér eftir að þeir tóku mig upp á sína arma fyrir ári síðan. Ég var að skíta upp á bak í útvarpinu,“ segir Pétur Jóhann sem stjórnaði áður þættinum Ding Dong á FM 957. Talið berst að kostum og göllum Strákanna. Sveppi segir hans helstu kosti vera hvað hann sé stundvís, röskur og duglegur en eins og staðan er man hann ekki eftir neinum göllum hjá sjálfum sér.

„Helstu gallar Sveppa eru þegar hann dettur í töffarann. Þá verður hann mjög skapmikill og vill ráða öllu. Það gerist sem betur fer örsjaldan,“ segir Auddi og útskýrir að þetta ástand birtist aðeins þegar þeir verða pirraðir hvor út í annan.

„Mér finnst samt mjög gaman þegar þetta gerist,“ segir Sveppi og segir að helstu ókostir Audda séu hvað hann sé dálítið fýlugjarn.

„Já, ég viðurkenni það. Ég get verið svolítið fýldur en það ristir aldrei mjög djúpt,“ segir Auddi og bætir við að hans helstu kostir séu hvað hann sé snöggur, áræðinn og þoli mikið magn af áfengi. Pétur Jóhann tekur undir það.

„Ég þoli líka töluvert magn af áfengi, hef mikið peningavit og er skapgóður. Hvað ókostina varðar fer ég oft í taugarnar á sjálfum mér hvað ég er mikil bleyða. Svo er ég óstundvís en það er kannski ekki ókostur því ég vel það sjálfur. Ég bíð stundum bara úti á næsta horni í rólegheitunum til að vera aðeins of seinn og tek góðan tíma í að raða í skjalatöskuna mína í rólegheitum.“

### Hentu leiðinlegu atriðunum út

Síðastliðinn mánuð hafa Strákarnir verið að undirbúa nýja þáttinn sem fer í loftið klukkan 20.00 í kvöld. Þátturinn er hálftíma langur og verður á dagskrá fjóra daga vikunnar. Drengirnir fullyrða að aðdáendur 70 mínútna eigi eftir að fíla þáttinn enda sé hann í svipuðum anda. „Áður en við fórum af stað með undirbúninginn gerðum við könnun á því hvað fólki fannst leiðinlegast í 70 mínútum. Áhorfendur kunnu ekki við afmælisdagbókina, spurningu dagsins, endursýningar og auglýsingar í miðjum þætti og því verður það ekki með,“ segir Auddi. Í 70 mínútum var ein myndatökuvél í stúdíóinu, það var enginn sem stjórnaði henni heldur stóð hún á þrífæti. Núna eru þeir með fullkomið stúdíó og nokkra myndatökumenn. Ný sviðsmynd mun líta dagsins ljós og segja Strákarnir að hún verði í „Austin Powers“ stíl. Sviðsmyndin var þó ekki hönnuð í stíl við krullurnar á Sveppa, bringuhárin á Audda eða vegna hinna kynþokkafullu gleraugna Péturs.

„Það er glamúr og gleði sem fylgir þessu tímabili og því á að reyna að framkalla hana í þáttunum. Það var ekki okkar ákvörðun að fá nýja sviðsmynd og okkur var eiginlega sama hvernig hún myndi líta út. Okkur fannst skipta aðalmáli að fá nýtt stúdíó,“ segir Sveppi.

„Það var reyndar beiðni frá Stöð 2 að við yrðum alltaf fullir í settinu en við neituðum því. Þeir héldu að við yrðum hressari ef við værum fullir,“ segir Auddi en Pétur Jóhann kemur alveg af fjöllum.

„Ég man nú ekkert eftir því að þetta hefði verið rætt,“ segir Pétur.

„Það var af því að þú varst ekki á þeim fundi,“ segir Auddi og svo skella þeir allir upp úr.

### Engir uppar

Aðspurðir um litaval á sviðsmyndinni vilja þeir ekkert gefa upp.

„Er þetta eitthvert tískuviðtal?“ segir Pétur og hinir skellihlæja. „Hún verður úr bólstruðu gervileðri og svona, rosalega flott,“ segir Sveppi. Spurðir um hvort klæðaburður þeirra verði í stíl við innréttingarnar segja þeir að svo verði ekki.

„Ef fólk heldur að við séum að verða voðalegir uppar á því að vera komnir yfir á Stöð 2 er það hinn mesti misskilningur. Við erum og verðum áfram sömu vitleysingjarnir,“ segir Auddi og Sveppi segir að þeir verði með meira kjöt á beinunum í nýja þættinum. Þeir ljóstra því upp að þeir verði með baðker í þættinum í staðinn fyrir ógeðsdrykkinn sem þeir segja að sé orðinn mjög þreyttur. Færri vita hins vegar að Ingibjörg Sólrún var fyrsta konan til að drekka ógeðsdrykk en sá drykkur innihélt aðallega mjólk, sinnep, aspas og einhver krydd.

### Fræga fólkið til í tuskið

Í gegnum tíðina hafa drengirnir verði lunknir við að fá ýmsa fyrirmenn í þjóðfélaginu í þáttinn til sín og fengið þá til að framkvæma ótrúlegustu hluti. Hver man ekki eftir því þegar þeir náðu Þórólfi Árnasyni, fyrrum borgarstjóra, úr fötunum og létu hann búa til engla í snjónum. Þeir fengu líka ofurtöffarann Eið Smára fótboltaspilara til að klæða sig í drag. Svo ekki sé talað um alla ógeðsdrykkina sem drukknir hafa verið.

„Þetta er svo skemmtilegt sem við erum að gera. Fólk eins og Ingibjörg Sólrún hefði ekki getað prófað fíflagang á neinum vettvangi nema hjá okkur. Það er svo mikið af fólki þarna úti sem langar að prófa. Við erum að gera það sem okkur hefur dreymt um að gera síðan við vorum litlir strákar,“ segir Sveppi.

„Ég held að margir horfi á þáttinn með krökkunum sínum og séu svolítið að reyna að ganga í augun á þeim með því að koma í þáttinn,“ segir Auddi og bætir við að Guðni Bergs hafi ekki ætlað að koma í þáttinn en hafi snögglega skipt um skoðun þegar sonur hans hafi verið á móti því.

„Hann ákvað að slá til til að stríða syni sínum,“ segir Auddi brosandi.

### Frægðinni fylgja lítil fríðindi

Árið 2004 var ekki bara ár kennaraverkfalla, náttúruhamfara og lækkun dollarsins. Strákarnir upplifðu eitt




Strákarnir eru nýkomnir frá Lundúnum þar sem þeir tóku upp efni. Þeir hittu Hermann Hreiðarsson, Eið Smára og hina meðlimi Chelsea liðsins.

besta og annasamasta ár lífs síns. Sveppi lék í Fame og strákarnir léku í Svínasúpunni, voru með 70 mínútur og slógu í gegn í auglýsingum Símans. Mörgum þótti þó nóg um fíflaganginn og Biskupsstofa færði viðskipti sín yfir til OgVodafone vegna auglýsinga Strákanna. Þeir félagar eru þó sammála um að það sem var merkilegast á árinu 2004 er að hafa fengið Pétur Jóhann til liðs við sig. Þeir vilja ekki tala mikið um sitt persónulega líf, en Auddi viðurkennir þó að íbúðarkaup sem hann gerði á árinu hafi staðið upp úr. Spurðir hvort þessi velgengni hafi haft einhver áhrif vilja þeir ekki viðurkenna það.

„Við lifum eins og kóngar. Auddi var að kaupa íbúð með spánýju olíubornu parketti,“ segir Sveppi í hæðnistóni og glottir úr í annað.

„Við lifum ósköp venjulegu lífi, ekkert ólíku og þegar ég var að vinna hjá Wurth. Þetta er ekki eins og í Bandaríkjunum,“ segir Auddi sem starfaði á lager áður en sjónvarpsdraumurinn rættist. Þeir segjast þó stundum fá frítt í bíó.

„Það kemur fyrir að við fáum einhver fríðindi. Tommi á Hamborgarabúllunni bauð mér til dæmis upp á máltíð um daginn,“ segir Sveppi.

„Fenguð þið frían borgara hjá Tomma? Ég hef aldrei fengið frían borgara,“ segir Pétur.

„Þú verður bara að tala við hann,“segir Sveppi og Pétur bætir við:

„Ég skil þetta ekki, ég tala alltaf við hann.“

„Ef þú ert að fiska eftir því hvort við séum ríkir get ég sagt þér að við vöðum ekkert í peningum. Ég hef það þó aðeins betra eftir að ég hætti á lagernum,“ segir Auddi og Pétur segist vera óendanlega ríkur af ást og hamingju.

### Nýtt flaggskip

Þrátt fyrir frægð og frama eru þeir alltaf sömu vitleysingjarnir.

„Ég viðurkenni það fúslega að ég hef minna samband við gömlu vini mína sem er ekki gott,“ segir Sveppi sem er orðinn fjölskyldumaður í Grafarholti og hefur ekki tíma til að stökkva í keilu á hverju kvöldi. Pétur Jóhann er hinsvegar með mjög ákveðnar skoðanir á frægðinni.

„Ég hef tekið eftir mikilli breytingu varðandi konur. Þær horfa meira á mig girndaraugum heldur en fyrir ári síðan,“ segir Pétur og félagar hans eru algerlega sammála þessu.

Þáttur Strákanna verður á dagskrá fram á vor. Þá taka við upptökur á meiri Svínasúpu. Þeir eiga líka venjulega drauma eins og aðrir íslendingar og það er komast í gott sumarfrí.

„Ég veit ekki hvert ferðinni er heitið í sumarfrí. Það getur vel verið að ég fari til Íraks. Það er gott veður þar, hægt að fá mjög hagstæð flugfargjöld, auðvelt að redda sér íbúð og svo er flugeldasýning þar allt árið. Annars skiptir engu máli hvert maður fer ef maður er í nógu góðum félagsskap,“ segir Auddi og glottandi. Þeir félagar hafa miklar væntingar til nýja þáttarins. „Þetta verður náttúrlega flaggskip Stöðvar 2,“ segir Pétur.

„Ég vænti þess bara að þessi þáttur eigi eftir að sameina fjölskyldur fyrir framan skjáinn,“ segir Sveppi.

„Þessi þáttur var eiginlega það sem við þurftum. Það var kominn tími til að fá nýtt ögrandi verkefni. Þetta er í fyrsta sinn í þrjú ár sem við erum stressaðir,“ segir Auddi.

„Þetta er góð áskorun fyrir okkur,“ segir Sveppi.



WALT DISNEY
MEISTARAVERK
GAURAGANGUR í SVEITINNI
SPLUNKUNÝ TEIKNIMYND FRÁ DISNEY
UPPFULL AF FJÖRI, GRÍNI OG SKEMMTILEGUM PERSÓNUM!
KOMIN ÚT Á DVD & VHS MEÐ ÍSLENSKU TALI!
SAM MYNDBÖND



Veitingastaðurinn Laugaás

## Afturhvarf til fortíðar

**Hver og hvar?** Veitingastaðurinn Laugaás, Laugarásvegi 1, 104 Reykjavík.

**Hvernig er stemningin?** Að koma á Laugaás er eins og að ganga aftur í barndóm því veitingastaðurinn hefur ekkert breyst síðan hann opnaði 1979. Rauðköflóttu gardínurnar skapa svolítið sveitalega stemningu sem alls ekki má breyta og borðin með flísunum vekja upp minningar. Það eina sem hefur breyst er að það eru komnir nýir stólar. Laugaás er annálaður fjölskyldustaður og það er gott að koma þangað ef fjölskyldan ætlar að gera sér glaðan dag.

**Matseðillinn:** Það ætti hver fjölskyldumeðlimur að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á Laugaás er veglegur barnamatseðill með hamborgurum og pítsum eins og krökkum þykir gott. Það er þó heldur meira lagt í matseðilinn handa fullorðna fólkinu og þar er lambalæri í alvöru bernaisesósu einn besti maturinn á seðlinum. Það er líka mikið úrval af fiskréttum og öðrum kjötréttum. Svo má ekki gleyma súpu dagsins en hún er ein sú besta í bænum, ekta rjómalöguð og góð.

**Hvað er vinsælast:** Fiskigratínið er einn vinsælasti rétturinn á matseðlinum. Það kostar 1690 krónur og er fáanlegt bæði í hádeginu og á kvöldin.

**Réttur dagsins:** Í hádeginu er boðið upp á rétti dagsins. Það er yfirleitt eitthvert sjávarfang í boði eins og fiskigratín, pönnusteikt ýsa og hvítlaugsristaður steinbítur. Verð á réttum dagsins í hádeginu er frá 1190-1390 krónum. Súpa fylgir með réttum dagsins.

## Mentor frá meistara Lehmann



Vín frá Ástralíu eru fyrir löngu búin að festa sig í sessi hér á landi. Íslenskir neytendur hafa áttað sig á því að þau bjóða gífurlega mikið fyrir peninginn. Vínræktarsvæði Ástralíu eru mörg en fá eiga jafnmikla sögu og Barossa-dalurinn, miðstöð víngerðar í Suður-Ástralíu. Ef einhver einn einstaklingur hefur mótað Barossa umfram aðra þá er það líklega Peter Lehmann sem oft er nefndur baróninn af Barossa. Vín hans hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Í úttekt á vínum Lehmanns í Morgunblaðinu fékk eitt vín, Stonewell Shiraz, fullt hús í stigum en annað vín, Mentor sem byggir á Cabernet Sauvignon og fleiri frönskum þrúgum, fékk nítján stig af tuttugu. Hjá tímaritinu Gestgjafanum hafa bæði Peter Lehmann Shiraz og Peter Lehmann Cabernet Sauvignon verið valin vín mánaðarins og fyrir jólin valdi Þorri Hringsson vínrýnir Peter Lehmann Mentor sem jólavín blaðsins. Mikill „bolti“ eins og vínáhugamenn kalla stór og mikil vín og gefur virkilega mikið fyrir peninginn.

**Verð í Vínbúðum 2.890 kr.**


ÞORRABLÓT

20 - 80 manna hópar

Tökum að okkur Þorrablót fyrirtækja, félagasamtaka, vinahópa, átthagasamtaka o.s.frv.



Hótel Cabin, Borgartúni 32

*Súðin á 6. hæð Hótel Cabin er einstaklega huggulegur veislusalur þar sem hópar njóta næðis en þó er stutt í ys og þys miðborgarinnar.*

*Salatbarinn*

*- ávallt ferskur í hádeginu.*

*Opinn virka daga frá klukkan 11.30 til 14.00*

Pantanir í síma 5116030

www.hotelcabin.is, booking@hotelcabin.is

Hótel Cabin


Nauta– og svínakjötsréttur

# Spænsk kaloríubomba

Kristinn R. Ólafsson, útvarpsmaðurinn og pistlahöfundurinn góðkunni, hefur verið búsettur í Madrídarborg á annan áratug og þekkir því borgina, fólkið og mannlífið manna best. Hann segist þó ekkert hafa spáð neitt sérstaklega mikið í matinn, heldur borði eiginlega allt. „Ég hesthúsa eiginlega allt sem fyrir mig er lagt.“

Kristinn segir matartíma Madrídinga vera vægast sagt mjög undarlega miðað við það sem gerist annars staðar, en þeir borða hádegismatinn sinn um tvö leytið, og kvöldmatinn klukkan tíu á kvöldin. „Reyndar eru samtök hér sem eru að berjast fyrir því að fá þessu breytt, þar sem vinnudagurinn verður mjög langur og sundurslitinn. Þá hefur það líka lagst af að fólk hvíli sig á þessum tíma nema við sem erum svo heppinn að vinna heima,“ segir Kristinn og bætir því við að þessi hefð sé ekki gömul, hún hafi komist á seint á síðustu öld. Spánverjar eru miklir fiskunnendur og stærsti fiskmarkaður Evrópu er í Madríd sem verður að teljast eilítið undarlegt þar sem Madríd er langt inn í landi. “Þá er varla hægt að tala um spænska matargerð, þar sem hvert hérað hefur sína hefð. „Saltfiskurinn er vinsælastur í Katalóníu og Baskahéraði, en sala á fiski hefur þó dalað, enda Spánverjar hættir að vera rammkaþólskir og virða varla föstuna,“ segir Kristinn sem gefur hérna uppskrift að „þjóðarrétt“ Madrídar.



**Callos a la madrile–a**

1/2 kíló nautavinstri
1/2 kíló nautasnoppa
1/2 kíló framlappir
1/2 kíló skinkubein
1/2 kíló svínakryddpysla
Heil blóðkryddpylsa
(gerð úr svínakjöti og hrísgrjónum)
100 gr. af skinku
paprika
einn hvítlaukshaus
einn laukur
paprikukrydd
lárviðarlauf
Chile (þurrkuð paprika)
salt
pipar
ólífuolía
edik



**Frá veitingastað í Madríd**
Matmálstími Spánverja er mjög undarlegur miðað við það sem gerist annars staðar.

„Matreiðslan að þessu tekur nokkuð langan tíma,“ segir Kristinn. „Nautahlutir réttarins eru skornir niður í smá bita og settir í leirpott með köldu vatni, ediki og salti. Þannig eru þeir látnir liggja í klukkutíma til þess að hreinsast.“ Þá segir Kristinn að vatninu sé hellt og nýju vatni komið fyrir í pottinum. Nautabitarnir séu í framhaldi af þessu skolaðir og þrifnir.

„Þeir eru síðan soðnir þangað til suðan kemur upp en þá er aftur skipt um vatn og öllu skellt út í, niðurskornu: skinkubeininu, svínakryddpylsunni, blóðkryddpylsunni, skinkunni, paprikunni, hvítlaukshausnum, lárviðarlaufinu, þurrkuðu paprikunni, og ólífuolíunni.“ Kristinn segir að þetta sé soðið þangað til að vinstrin séu orðin mjúk.“ Rétturinn er yfirleitt borinn fram einn og sér, eða með brauði og góðu víni.“

Kristinn segist hafa smakkað þennan rétt tvisvar og hann sé algjör kaloríubomba. „Þessi réttur er mjög oft borinn fram á þessum tíma þegar það er kalt, svo að þetta er hálfgerður þorraréttur þeirra Spánverja.“



**Frá Madríd**
Sala á fiski hefur dalað því Spánverjar eru löngu hættir að vera rammkaþólskir og virða lítt föstuna.



**Kristinn R. Ólafsson**
„Ég hesthúsa eiginlega allt sem fyrir mig er lagt.“

**Matgæðingurinn** Jói B. auglýsingagerðarmaður og plötusnúður

# Elskar saltkjöt í karrísósu

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti alls ekki verið án osta því ég er alveg sjúkur í þá.



**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég smakka alltaf allan mat en mér finnst hákarl vondur og ég hef aldrei kunnað að meta rjúpur. Mér finnst þær alls ekki góðar.

**Fyrsta minningin um mat?** Ég gleymi seint þeim degi þegar ég smakkaði saltkjöt í karrísósu fyrst en þetta er einn af mínum uppáhaldsmáltíðum sem mamma mín eldar. Ég var þriggja ára og hef haldið tryggð við þennan rétt síðan.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Hana fékk ég þegar ég var búinn að hjóla í tólf tíma austur fyrir fjall frá Reykjavík. Þá elduðum við Heinz spaghettí úr dós. Það var ein besta máltíð sem ég hef fengið.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?** Nóg af svörtum pipar.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Þá elda ég mér oft ekta spagettí bolognese.



**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Ég á alltaf helling af sinnepi af ýmsum gerðum, ost, mjólk og appelsínusafa.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ég hugsa að ég myndi hafa það eitthvað einfalt sem ég fengi ekki leið á. Ætli ég myndi ekki hafa með mér nóg af nautakjöti sem ég gæti eldað á ýmsa vegu.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Þegar ég var í Danmörku einu sinni fékk ég kengúru. Hún var matreidd eins og steik, medium rare í rauðvínssósu.





# Faxe Extra Strong: Uppáhaldsbjór stórtenórs!




Þegar góðan bjór ber á góma er Árni Jóhannsson, stórtenór úr Fóstbræðrum, ekki í nokkrum vafa um að frændur okkar Danir hafi hitt á réttu formúluna. „Faxe Extra Strong 10% er einhver sá besti sem ég hef smakkað,“ segir stórtenórinn. „Hann er einstaklega ljúfur og bragðgóður og það þrátt fyrir að vera 10% að styrkleika. Hann skýtur öðrum sterkum bjórum ref fyrir rass hvað bragðgæði varðar en þeir eru allir einfaldlega rammir þrátt fyrir að vera léttari í áfengismagni. Faxe Extra Strong má neyta við öll góð tækifæri. Fólk komið á minn aldur vill frekar hafa það náðugt heima í stofu og njóta stundarinnar, þá er ekki verra að hafa slíkan kostabjór við hendina í stað þess að belgja sig út með léttari bjórum. Svo er hann einnig frábær með þorramatnum, hefur mikið bragð sem hentar vel á móti slíkum kræsingum og má segja að í bjórnum séu tveir fyrir einn, bjór og snafs á einum stað sökum styrkleikans.“

**Verð í Vínbúðum 399 kr. í 50cl dós**




## Hvað merkir að vera „sommelier“?

**Sommelier** er franskt orð sem hefur verið notað án þess að vera þýtt í flestöllum tungumálum. Íslenskan er svo sveigjanleg og hugtökin tiltölulega auðsköpuð með nýyrðum að þýðingin *„vínþjónn“* fellur einkar vel til að meiningu hins upprunalega orðs. En hvað þýðir eiginlega Sommelier? Orðið er upprunalega úr latínu/frönsku *„somme (sagmarium)“* sem þýddi í upphafi *„burður“* á burðardýri, síðan burðardýrið sjálft og úr því varð fagheiti mannsins sem hafði ábyrgð á burðardýrunum: **somme-lier** (latína: summularius, undirforingi sem sér um matarbirgðir og vopnabúrið). Hann fór svo smám saman að bera ábyrgð á öllu því (matarkyns eða annað) sem fylgdi kónginum eða valdamiklum aðalsmönnum. Hvernig var svo tengingin milli eins konar hestasveins og vínþjóns nútímans?

**Vínþjónustan** sem sérgrein var fyrst færð í annála á 9. öld hjá prinsum og smákóngum í Frakklandi og Ítalíu undir embættisheiti *„échanson“*. Það orð kemur úr germanskri mállýsku (*„skanjo“*) sem var töluð hjá þjóðflokknum *„Francs“* – þeir mynda þá vísi af því sem varð seinna konungsríkið Frakkland. **Echanson** verður sá embættismaður sem sér um vínþjónustu og -birgðir. **Grand Echanson** var þegar á 11. öld mjög eftirsótt embætti við kóngsins háborð. Í því embætti felst auk birgðahalds, umsjón með vínekrum kóngsins og starfsemi vínkaupmanna (skattlagning að sjálfsögðu!). Vínþjónustan sem hafði horfið í hendur undirmanna, kemur aftur í sviðsljósið þegar klaustur verða einna áhrifamest í vínrækt frá 12. öld og yfirtaka rekstur víngerðarinnar.

**Frá þeim tíma** voru tveir embættismenn við matarborð kóngsins ef svo má að orði komast, *„échanson“* sem sá um vínþáttinn og *„sommelier“* sem sá um að leggja á borð og undirbúa þjónustuna.

**Næsta skrefið** er tekið á 16. öld þegar vínkaupmenn opnuðu krár og gistihús þar sem *„échanson“* eða *„sommelier“* verður að almennu starfsheiti en ekki lengur einangrað við borð aðalsins.

**Til gamans** má geta þess að á 18. öld voru vín aldrei drukkin nema blönduð með vatni, flaskan eða ílátið sem geymir vínið var aldrei skilið eftir á borðinu heldur lagt á þjónustuborð til hliðar: gestgjafinn gaf gestunum sínum af matarílátum sem voru skilin eftir á borðinu – en þjónustan snerist eingöngu um vínið. Nýtt starf fór að myndast: kjallarameistari, sem sá um birgðirnar sem geymdar voru í kjallara gistihússins, hann bar vínið upp þegar of mikið var að gera hjá sommelier og aðstoðaði hann í leiðinni – hann bar allan tíma svuntuna sína til að einkenna sig frá öðrum. Það starf (caviste – er enn til en merkir allt annað, vínsölumaður í sérhæfðri búð) víkur smám saman undan og sommelier yfirtekur það mesta úr því: þaðan er komin svuntan sem vínþjónar nútímans bera stoltir og er einkennistákn þeirra.


# Einstakt tilboð!

## Komdu ástinni þinni á óvart

## Helgin 11. - 13. febrúar

*“Á vit hins óþekkta á óráðnum stað”*
(setning úr Kryddlegnum hjörtum, leikstjóri Alfonso Arau, 1992)

*Í tilefni* ***Valentínusardagsins***
*14. febrúar veitum við rómantískum einstaklingum tækifæri á að gera vel við maka sinn.*

***Frí gisting*** *á Hótel Örk ef keyptur er þriggja rétta þemakvöldverður hússins.*

*Verð einungis* ***4.900,-*** *krónur á mann.*
*Morgunverður af hlaðborði innifalinn.*

*Sé keyptur þemakvöldverður bæði kvöldin er verðið einungis 9.500,- krónur á mann og gisting frí frá föstudegi til sunnudags.*

Lifandi tónlist og stuð fram eftir nóttu.

Dagsson 2005





***Como aqua para chocolate***

Tómas Þóroddsson og Jakob V. Arnarson matreiðslumenn á Hótel Örk hafa sett saman matseðil fyrir elskendur, í anda myndarinnar *“Kryddlegin hjörtu”*

**Föstudagur:**

Villisveppasúpa krydduð með lárviðarlaufi

Mexikóskar kjúklingabringur, “hot and spicy”

Súkkulaðipýramídi með jarðaberja- og mangósósu

**Laugardagur:**

Hvítvíns humarsúpa

Glóðarsteikt lambasteik með rósablaðasósu

Súkkulaðitvenna með karamellu

**Upplýsingar og pantanir í síma 483 4700**
**info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is**

HÓTEL ÖRK

www.smyril-line.is









## NJÓTIÐ LÍFSINS UM BORÐ

*Fríið byrjar um leið og þið gangið um borð í Norrænu. Þægilegar vistarverur og fyrsta flokks þjónusta gerir dvöl þína um borð sem ánægjulegasta. Njóttu lífsins í afslappandi umhverfi á meðan þú líður þægilega yfir hafið áleiðis á vit ævintýranna.*

**MATUR**
Glæsilegir veitingasalir Norrænu svíkja engan. Góður matur og þjónusta einkennir veitingastaðina um borð. Hlaðborðið á Buffe Restaurant státar af fjölbreyttu úrvali af kjötréttum, fiski, ostum, salati og eftirrétta hlaðborði. Simmer Dim veitingstaðurinn býður upp á vandaðan matseðil með freistandi réttum og á kaffiteríunni bjóðast einfaldir réttir á góðu verði.

**LEIKAÐSTAÐA FYRIR BÖRN**
Leikja og tölvuleikherbergi er á 5. og 6. dekki. Kúluleikherbergi fyrir 0-7 ára er í kaffiteríunni og geta foreldrar setið og fylgst með börnum að leik.

**AFÞREYING**
Meðan á siglingu stendur er boðið upp á tónlist á barnum og lifandi músík á næturklúbbnum.

**LÍKAMSRÆKT**
Farþegar geta tekið á í líkamsræktinni, tekið góðan sprett á hlaupabrautinni og slappað svo af í sauna, sundlauginni eða í heita pottinum.

**KLEFAR** - Klefarnir eru allir búnir sturtu, wc, skáp, borði og gerfihnattasjónvarpi. Að auki eru allir útklefar búnir ísskáp og glugga. Delux klefar og svítan hafa svo meiri búnað að auki.

**FRÍHÖFN**
Um borð í Norrænu er stór fríhöfn með fjölbreyttu úrvali af tollfrjálsum varningi. Þér býðst að kaupa drykkjarvörur, fatnað, snyrtivörur, matvæli og margt fleira.




# Ferðaáætlun
# Sumar 2005

| HÖFN | Dagur | Staðartími Koma | Staðartími Brottför | mai | júni | | | | júli | | | | | ágúst | | | | | sept. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hanstholm | Laugardag | 17:00 | 21.00 | 28 | 04 | 11 | 18 | 25 | 02 | 09 | 16 | 23 | 30 | 06 | 13 | 20 | 27 |
| Þórshöfn | Mánudag | 06:00 | 08.30 | 30 | 06 | 13 | 20 | 27 | 04 | 11 | 18 | 25 | 01 | 08 | 15 | 22 | 29 |
| Lerwick | Mánudag | 21:00 | 21.30 | 30 | 06 | 13 | 20 | 27 | 04 | 11 | 18 | 25 | 01 | 08 | 15 | 22 | 29 |
| Bergen | Þriðjudag | 12:00 | 15.00 | 31 | 07 | 14 | 21 | 28 | 05 | 12 | 19 | 26 | 02 | 09 | 16 | 23 | 30 |
| Lerwick | Miðvikudag | 01:00 | 01.30 | 01 | 08 | 15 | 22 | 29 | 06 | 13 | 20 | 27 | 03 | 10 | 17 | 24 | 31 |
| Þórshöfn | Miðvikudag | 15:00 | 18.00 | 01 | 08 | 15 | 22 | 29 | 06 | 13 | 20 | 27 | 03 | 10 | 17 | 24 | 31 |
| Seyðisfjörður | Fimmtudag | 08:00 | 12.00 | 02 | 09 | 16 | 23 | 30 | 07 | 14 | 21 | 28 | 04 | 11 | 18 | 25 | 01 |
| Þórshöfn | Föstudag | 05.00 | 08.30 | 03 | 10 | 17 | 24 | 01 | 08 | 15 | 22 | 29 | 05 | 12 | 19 | 26 | 02 |
| Lerwick | Föstudag | 21.00 | 21.30 | 03 | 10 | 17 | 24 | 01 | 08 | 15 | 22 | 29 | 05 | 12 | 19 | 26 | 02* |

* Koma til Hanstholm laugardaginn 3. september er klukkan 16.00

Lágannatími / Háannatími

**Gildir frá 28.05 til 02.09.2005**

Njótum Íslands – Seyðisfjörður á þjóðbraut

# NORRÆNA

## - GÓÐ ÁSTÆÐA TIL AÐ FERÐAST

**Með því að nýta sér ferðaávísanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávísanir frá Mastercard, VR og Eflingu sem greiðslu upp í ferðir. Að auki eru gerðir samskonar samningar um afslátt við önnur verkalýðsfélög sem þess óska.**

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN






## Danmörk
## 26.200

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokaplássi.

**Verð frá kr. 31.900** á mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

**Verð frá kr. 43.600** pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

Verð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars. ( Lágannatímabil )



## Noregur
## 22.200

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í svefnpokaplássi.

**Verð frá kr. 27.200** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

**Verð frá kr. 36.500** pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

VeVerð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars. ( Lágannatímabil )



## Færeyjar
## 16.200

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í svefnpoka-plássi.

**Verð frá kr. 18.400** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

**Verð frá kr. 25.000** pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í 4. m. klefa (inn).

Verð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars. ( Lágannatímabil )



## Hjaltlands-eyjar
## 17.900

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í svefnpokaplássi.

**Verð frá kr. 21.700** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra m. klefa (inn).

**Verð frá kr. 28.900** pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra m. klefa (inn).

Verð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars. ( Lágannatímabil )



## Danmörk -Noregur
## 29.600

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Í Norrænu er gist í 4ra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)

**Verð frá kr. 33.800** pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Í Norrænu er gist í 4ra manna klefa (inn). (Háannatímabil)

Verð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars.



## Færeyjar
## 18.400

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka.
Í Norrænu er gist í 4ra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)

**Verð frá kr. 20.800** pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka.
Í Norrænu er gist í 4ra manna klefa (inn). (Háannatímabil)

Verð miðast við að bóka og staðfesta fyrir 15. mars.

BETRI STOFAN

VISA

SMYRIL LINE ÍSLAND

Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími: 570 8600 · Fax: 552 9450
www.smyril-line.is · email: info@smyril-line.is



**Páll Kristjánsson hnífasmiður**
„Enginn hnífur eins sem keyptur er hjá mér.“

### Páll Kristjánsson á hnífa hjá finnskum safnara

# Meðal þriggja þúsund hnífa

Enn hefur ekki skapast nein sérstök hefð fyrir því að gefa hnífa hérlendis. Hvort hér sé um að ræða arfleifð gamallar hjátrúar eða einhverjar annarrar ástæðu verður ósagt látið. Hins vegar hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar gífurlega mikla hefð og inni í þá hefð hefur Páll Kristjánsson, eini sérhæfði hnífagerðarmaðurinn á Íslandi, verið síðastliðin fimmtán ár. Páll smíðar hnífana sína aðallega úr íslensku hráefni, en blöðin fær hann frá eldsmiðjum á Norðurlöndum. „Ég er samt alltaf að reyna fá hráefni úr mismunandi löndum og nýlega kom vinur minn með flís úr mammúttönn frá Síberíu og ef ég kemst yfir einhver efni á þeim stöðum sem ég er að ferðast þá nota ég þau,“ segir Páll sem byrjaði sjálfur að fikra sig áfram við gerð hnífa, en fór síðan til Danmerkur á námskeið í hnífagerð.

Hann segist hanna hvern hníf fyrir sig, og þannig verði enginn hnífur eins. „Menn geta verið vissir um að enginn hafi eins hníf og þeir sjálfir, þegar þeir kaupa hníf frá mér.“ Páll segist telja að um níutíu og fimm prósent af sinni framleiðslu fari til útlanda, enda sé í nágrannalöndunum mikil hefð fyrir hnífasöfnun og hnífagerð. „Hver dalur í Noregi er með sinn hníf, og þegar Norðmenn eiga stórafmæli fá þeir margir hverjir hníf.“ Þá hafi einnig Lappar sína hefð og í Danmörku hafi þeir sína hnífahefð.



**Hnífar úr smiðju Páls**



Þá hefur Páll selt Finna þrjá hnífa sem er mikill hnífasafnari. „Hann á um þrjú þúsund hnífa, sem hver og einn er geymdur í glerkassa í byggingu sem er stærri en húsið hans,“ segir Páll sem óttast ekki að hnífarnir hans týnist, hver hönnuður hafi sinn kassa. „Hann kaupir flottustu hnífana hvar sem hann kemur.“




# ÞANDI RADDBÖNDIN Í BOÐI BENETTON

**Gunnlaug Þorvaldsdóttir** dvaldi í eitt og hálft ár á Ítalíu þar sem hún söng í verkinu Credo eftir Andreo Molino. Söngur Gunnlaugar er þó ekki hefðbundinn á neinn hátt og er hún sérlega góð í að herma eftir dýrum. Eftir dvölina á Ítalíu hafa opnast margar dyr og er hún að vinna í mörgum spennandi verkefnum. *Marta María Jónasdóttir* upplifði ævintýrið þegar Gunnlaug rifjaði það upp yfir kaffi og beyglu.



**Tónlist og kettir**
Kisur hafa alltaf átt greiða leið að hjarta Gunnlaugar. Þegar hún hélt af stað til Ítalíu átti hún 20 kisur sem hún skildi eftir hjá sambýlismanninum Guðmundi Péturssyni tónlistarmanni.

Tónlistar- og kattarkonan Gunnlaug Þorvaldsdóttir lenti í ævintýri lífs síns þegar hún hélt til Frakklands til að taka þátt í námskeiði Institude for living voice. Það er haldið árlega og er ætlað þeim sem nota röddina sem sitt aðalhljóðfæri. Gunnlaug er þeim hæfileikum gædd að geta framkallað hin ótrúlegustu hljóð og fáir geta hermt eins vel eftir dýrum og hún. Áður en hún hélt út hafði hún gert töluvert af því að semja tónlist.

„Ég var alltaf að leita að einhverju sem myndi henta mér því ég nota röddina svo mikið. Ég vildi þó ekki nota röddina í þessum venjulega tilgangi. Þegar ég heyrði um Institude for living voice hugsaði ég stax að þetta gæti verið eitthvað fyrir mig. Á tónleikunum var ég með spuna þar sem ég notaði eingöngu röddina. Fyrst ætlaði ég að vera með mjög flott frumsamið atriði með undirspili og öllu. Þegar kom á daginn var ég að falla á tíma og því framkallaði ég hálfgerðan gjörning,“ segir hún og byrjar að hlæja.

„Ég get ekki útskýrt hann betur, enda er ég eiginlega búin að gleyma hvað þetta var sem ég gerði á sviðinu.“

Þegar hún kom niður af sviðinu biðu tveir menn eftir henni og báðu hana að koma með sér baksviðs. Þetta voru þeir David Moss, aðstandandi Institude for living voice, og Andreo Molino, yfirmaður tónlistardeildarinnar Fabrica og höfundur verksins Credo.

„Fyrst hélt ég að þeim hefði mislíkað svona svakalega hvað ég var að gera en það var allt annað uppi á teningnum. Þeir buðu mér að koma til Ítalíu til að taka þátt í verkinu Credo, en það hékk einnig á spýtunni að ég hefði tækifæri til að vinna að minni eigin tónlist.“

Hún var ekki lengi að hugsa sig um, fór til Íslands og pakkaði niður og mánuði síðar var hún mætt til Ítalíu.




**Demó af disknum**
Fabrica mun gefa út tónlist Gunnlaugar á þessu ári. Myndin á demóútgáfu disksins er mjög svöl en hún var tekin af japönskum ljósmyndara sem hún kynntist á Ítalíu.

## Snillingur í skrítnum hljóðum

Gunnlaug byrjaði strax að vinna í Fabrica en fyrirtækið er í eigu fatakeðjunnar Benetton og er staðsett rétt fyrir utan Feneyjar.

„Ég var upphaflega ráðin til að taka þátt í Credo, syngja í því verki og gefa frá mér skrítin hljóð,“ segir Gunnlaug en hún var líka að stússast í ýmsum ólíkum hlutum meðan á dvölinni stóð. Einn daginn fékk hún það verkefni að tala inn á Benetton auglýsingar, bæði á íslensku og ensku. Hún skrifaði smásögu um súkkulaði sem hún byggði á eigin reynslu og kom út á prenti. Athygli fjölmiðla var líka mikil og Gunnlaug segir að mikill tími hafi farið í myndatökur og viðtöl. Þetta verkefni teygði anga sína víða en á þessu ári verður gefinn út geisladiskur af Fabrica með frumsömdu efni eftir Gunnlaugu í experimental stíl. í Fabrica voru listamenn frá öllum heimshornum.

„Það var svo skemmtilegt að kynnast öllu þessu ólíka fólki. Í hverjum mánuði komu listamenn í prufur, en færri komust að en vildu. Ég hitti því ógrynni af allskonar hugmynda- og hæfileikaríku fólki. Ég bjó fyrst með strák frá Frakklandi sem vinnur mikið með ljósmyndir og teikningar. Hann hefur verið að vinna mikið fyrir Nike og Louis Vuitton. Seinna bjó ég með grafískum hönnuði frá Noregi og ásláttarleikara frá Senegal sem kom beint úr frumskóginum. Hann lét okkur sitja á gólfinu og borða öll upp úr sömu skálinni þegar hann var búinn að elda sinn Senegal rétt,“ segir hún glaðlega.



**Á sviðinu**
Gunnlaug að syngja í verkinu Credo. Í bakgrunni er mynd af henni sjálfri sem varpað var á risaskjá á tónleikunum.

## Sér lífið í öðru ljósi

Verkið Credo er stórbrotið. Í því spilar 100 manna sinfóníuhljómsveit, ótal söngvarar og sjö leikarar. Hljóðfæraleikarar frá Jerúsalem, Istanbúl og Belfast spila „live“ með í Credo í gegnum gervihnött og er því varpað á risaskjái á sviðinu.

„Hljóðfæraleikararnir frá Jerúsalem, Istanbúl og Belfast dvöldu á Ítalíu um tveggja mánaða skeið. Það var frábært að kynnast þeim og við djömmuðum alltaf saman einu sinni í viku. Þar voru allir á útopnu.“

Verkið Credo var flutt í Þýskalandi og á lestarstöðinni í Róm fyrir alla friðarverðlaunahafa Nóbels. Í júlí verður það flutt í Ástralíu og þá mun Gunnlaug leggja land undir fót til að taka þátt í gleðinni. Hún hlakkar mikið til.

„Í Fabrica fær fólk yfirleitt bara árssamning. Staðurinn er ekki hannaður þannig að maður geti verið þar lengi. Fabrica er staður til að prófa sig áfram og þróast. Eftir tímann í Fabrica sé ég lífið í öðru ljósi.“

## Mamma hans Mura

Í vikunni greindi Fréttablaðið frá því að hinn íslenski fresskötttur, Muri, léki eitt af aðalhlutverkum í myndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur. Muri er einn af köttunum hennar Gunnlaugar og hún segir að hann sé sérstaklega hlýðinn og vel gefinn. Gunnlaug segir þó að kattarstandið sé að fjara út vegna tónlistarinnar.

„Eftir að ég kom heim er ég að vinna við mína eigin tónlist. Ég er til dæmis að gera tónlist fyrir tvær listrænar stuttmyndir sem vinir mínir frá Brasilíu eru að gera, en ég kynntist þeim á Ítalíu. Svo er ég að vinna tónlist fyrir hönnuð í Portúgal. Ég er að gera tískusýningatónlist en hönnuðirnir framleiða undir nafninu Krvkurva. Í framtíðinni ætla ég að halda áfram á þessari braut, nota röddina á minn óhefðbundna hátt og semja tónlist.“




GULI MIÐINN TRYGGIR GÆÐIN

# Sneiddu hjá umgangspestum með Echinaforce



Echinaforce er unnið úr ferskum sólhatti, jurtirnar fara beint af akrinum í vinnslu. Rannsóknir sína að Echinaforce innheldur næstum þrisvar sinnum meira af alkylamíðum en þykkni úr þurrkuðum jurtum. Alkylamíð eru virku efnin sem gagnast gegn kvefi og flensu. Þegar þú færð þér sólhatt til að verjast umgangspestum, mundu að Echinaforce inniheldur meira af virkum efnum.

heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

KRAFTAVERK



Líkamsrækt

# Taktu þér tak!

# Ertu á aldursbilinu 16 til 20?

## Viltu ná kjörþyngd?

### TÆKI OG TÍMAR

Við erum að hefja námskeið fyrir þig sem felur í sér:

- líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- leiðbeiningar um mataræði
- fundi, aðhald, vigtun og mælingar
- ráðgjöf frá stílista um tísku og förðun

### KVÖLDTÍMAR

Um er að ræða 8 vikna námskeið, 3x90 mín. í viku.
Mæting kl. 20:15

Við búum yfir traustri þekkingu og reynslu, hjá okkur ríkir notalegt andrúmsloft og við gætum fyllsta trúnaðar.

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

**Innritun hafin**

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

www.jsb.is

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 802-05

Bílahöllin hf. Bílasala Bíldshöfða
www.bilahollin.is


Honda Civic SI 1400 6/1998 ssk. ek. aðeins 64 þús. ABS, cd., rafdr. rúður/speglar. Verð 690 þús.


MMC Lancer GLXI 1600 9/1994 ssk. ek. 124 þús. Verð 350 þús. VISA/EURO til 36 mán.


Chrysler Cirrus V6 8/1997 ssk. ek. 161 þús. ABS álf. leður ofl. Verð 750 þús.


Toyota Avensis Terra 1800 4/2000 ssk. ek. 69 þús. ABS álf. fjarst.samlæs. samlitur ofl. Verð 1.150 þús.


Honda CRV Advance 8/2003 ssk. ek. 39 þús. ABS álf cd. sumar/vetrardekk ofl. Verð 2.590 þús.


Toyota RAV4 VVTI 4/2003 ssk. ek. 31 þús ABS álf. dr.kúla cd. þjón.bók ofl. Verð 2.390 þús. Erum einnig með RAV4 6/2004 ek. aðeins 1 þús. Verð 2.800 þús.


Toyota Avensis Terra Wagon 1800 7/2002 ssk. ek. 39 þús. ABS. cd. sumar/vetrardekk ofl. Verð 1.680 þús.


Mazda 626 Exclusive 2,0L 4/2001 ssk. ek. aðeins 38 þús. ABS/Spólvörn cd. álf. fjarst. samlæs ofl. Einstakur bíll! Verð 1.350 þús.


M. Benz A-160 Elegance 1/2001 5 gíra, ek. 46 þús. ABS/Spólvörn cd. álf. þjón. bók ofl. Verð 1.450 þús. Tilboð 1.250 þús.


M.Benz C 240 Touring Elegance 11/2004 ssk. ek. 27 þús. ABS/Spólvörn cd. álf. leður lúga aksturstölva ofl. Verð 4.990 þús. Tilboð 4.290 þús.


Renault Megane RT Berline 12/1998, 5 gíra, ek. 105 þús. ABS álf. cd. þjón. bók, ný tímareim ofl. Verð 650 þús.


Opel Omega Turbo Diesel 5/2000 ssk., ek. 196 þús. ABS, álf., cd, góð þjón.bók ofl. Verð 1.590 þús. Tilboð 990 þús.


VW Passat VR6 Syncro 1/1999 ssk., ek. 102 þús. ABS, 16"álf., cd, vindskeið, topplúga, leður, ný tímareim ofl. Verð 1.750 þús.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar


Opel Zafira Comfort 9/2000, ek. 53 þ. km., sjálfskiptur, 7 manna, einn eigandi. V. 1.390 þ.


Chrysler PT Cruiser Limited 2.4 01/2001, ek. 75 þ. km., sjálfskiptur, topplúga, leður, rafmagn í sætum, loftkæling o.fl. V. 1.990 þ.

**Bílasala Matthíasar - Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

bílaland B&L

100% lán til allt að 60 mánaða.


BMW 520I. Nýskr. 08/2000, 2000cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 59 þ. Verð 2.290.000. RO-257. B & L S. 575 1230.


BMW 730I. Nýskr. 06/1995, 3000cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 187 þ. Verð 1.590.000. RK-510. B & L S. 575 1230.


BMW X5. Nýskr. 05/2002, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 55 þ. Verð 5.250.000. UB-861. B & L S. 575 1230.

bílaland B&L

100% lán til allt að 60 mánaða.


BMW X5. Nýskr. 07/2002, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 50 þ. Verð 5.350.000. OM-602. B & L S. 575 1230.


Daewoo Musso. Nýskr. 08/2000, 2900cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 148 þ. Verð 1.590.000. BA-258. B & L S. 575 1230.


Daewoo Tacuma. Nýskr. 10/2002, 2000cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 41 þ. Verð 1.390.000. PZ-792. B & L S. 575 1230.


Hyundai Elantra. Nýskr. 10/1998, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, blár, ekinn 97 þ. Verð 680.000. LY-418. B & L S. 575 1230.


Hyundai Elantra. Nýskr. 06/1998, 1600cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, ljósblár, ekinn 134 þ. Verð 590.000. AD-069. B & L S. 575 1230.


Hyundai Getz, Nýskr. 07/2003, 1300cc, 3ja dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 17 þ. Verð 1.120.000. VY-214. B & L S. 575 1230.


Hyundai Getz. Nýskr. 02/2003, 1300cc, 3ja dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 23 þ. Verð: 1.050.000. PK-755. B & L S. 575 1230.


Land Rover Freelander. Nýskr. 06/2001, 2500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 45 þ. Verð 2.250.000. UZ-299. B & L S. 575 1230.


Lexus. Nýskr. 02/2004, 3000cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár / Svartur, Ekinn 12 þ. Verð 5.500.000. BM-128. B & L S. 575 1230.

bílaland B&L

100% lán til allt að 60 mánaða.


Opel Frontera. Nýskr. 05/1998, 2200cc, 5 dyra, 5 gíra, Blár, Ekinn 90 þ. Verð 1.090.000. MD-295. B & L S. 575 1230.


Renault 19. Nýskr. 10/1994, 1400cc, 4ra dyra, 5 gíra, Rauður, Ekinn 166 þ. Verð 170.000. EB-687. B & L S. 575 1230.


Renault Laguna. Nýskr. 08/2000, 2000cc, 4ra dyra, Beinskiptur, Grænn, Ekinn 133 þ. Verð 1.150.000. RA-377. B & L S. 575 1230.


Ssangyong Musso. Nýskr. 12/2000, 2300cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 54 þ. Verð 1.890.000. YY-570. B & L S. 575 1230.


Toyota Avensis. Nýskr. 04/2000, 1800cc, 4ra dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 72 þ. Verð 1.190.000. LX-159. B & L S. 575 1230.


Toyota Carina E. Nýskr. 03/1997, 2000cc, 4ra dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn 168 þ. Verð 650.000, NF-505. B & L S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

automax.is


Til Sölu Ford F-350 Lariat Luxury, 2005 árg, 6.0L diesel. Nýr bíll. Hlaðinn aukabúnaði, tvílitur og topplúga. Verð 4.390 þ. Uppl. Automax.is S. 899 4681.


Til Sölu Grand Cherokee Limited, HEMI, 2005 árg. Nýr bíll, 25k pakki, tveir litir í boði, hlaðnir aukabúnaði. Verð 4.990 þ. Uppl. Automax.is S. 899 4681.

**Automax**
**Sími: 899 4681**

HEKLA Söluumboð í Reykjanesbæ sími 420 5000


Audi A-6 árg. 2002, ekinn 28 þ. km. Verð 2.950.000.

**Hekla Söluumboð**
**Sími: 420 5000**

BÍLASALAN HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 · Sími 567-4840 og 660-0565


Kai Grand Sportage, árg. '00, ek. 90 þús. km. 5 g., CD, heilsársd., álfelgur, ABS og fl. Verð 1190 þús.


Kia Grand Sportage, árg. 2002, ek. 34 þús. km. 5 g., heilsársd., álfelgur og fl. Verð 1790 þús.


Isuzu Trooper TDI, árg. '99, ek. 125 þús. km. Dísel, 7 manna, heilsársd., álfelgur, CD, reyklaus og fl. Verð 1990 þús. Ath skipti á ód.


Subaru LEgacy GL 2000I, árg. 1999, ek. 132 þús. km. Sjálfsk., vetrard., dr. kúla og fl. Verð 1180 þús. Ath skipti á ód.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

Viðskiptavinir ath. Opið alla daga vikunnar.

Jeep Wrangler 4,0L High output. Árg. '94, ek. 98 þ. Verð 1.150 þ. Topp bíll.

Nissan Micra Visia 1.2l. Nýr bíll, Verð 1.440 þ. Tilboð 1.250 þ.

Ford F-150 Lariat árg. 2004. Ek. 16. þ. Ssk. m/öllu. Verð 3.790 þ. Ath. skipti.

Mitsubishi L200 double Cab turbo. Árg. '98, ekinn 185 þ. 33" dekk, hús og fl. Verð 1.180 þ.

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

SPA R bíll

Nýr Smart Roadster sportbíll með rafknúinni blæju, ABS, Spólvörn, rafm. Rúður samlæsingar CD ofl.of. Til sýnis á staðnum.Verð aðeins: 1890 þús

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi.www.bilasolur.is/magnusson**

Mercedes-Benz Sprinter 211 CDI, árg. 09/2003. Ek. 39.900 km. Dísel, 2500cc. 109 Hö, 5 gíra, ABS, vökvastýri, hátt þak, lengri gerð, viðareinangrun, Intercooler, túrbína, 3 manna. Verð 2.900.000 m/ vsk. Ágúst s. 862 2000, E-mail magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**

TOYOTA Akureyri

Til sölu Polaris Xplorer 250 fyrst skráð 1/2003 fjórhjóladrif, lágt drif, rafstart. Verð kr. 490.000. Vel með farið hjól úr sumarbústaðnum. Toyota Akureyri s. 460 4300.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnesi 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18, laugardaga 13-16.**

12 volt

Jeep Cherokee limited 8/01 ek:45þús mílur. Einn með öllu. Tilboð 2,7. Uppl. í s.896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Snyrting

**Flottar neglur.**
Gott verð. Opið 10-18. Tímapantanir í S. 511 1552. Hágreiðslust. Supernova.

## Spádómar







Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

SPÁSÍMINN 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Miðlun að handan, fáðu svör við spurningum morgundagsins. Tarot, miðlun og fyrirbænir. Opið frá 18-24, Laufey spámiðill. 908 6330.

## Iðnaður

Járnabinding. Get bætt við mig einb. parh. raðh. Uppl. í síma 867 4860 Gunnar.

## Rafvirkjun




Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Trésmíði

Smiðir eða vanir menn óskast í byggingarvinnu. Uppl. í s. 616 1122.

## Viðgerðir

**Almenn rennismíði**
Viðgerðir/viðhald. Áralöng reynsla, vönduð vinnubrögð.
**Renniverk ehf, Súðarvogi 9 Sími 869-1933 & 563-2563**

## Önnur þjónusta

Umboðssala. Viðskiptafr. selur vöru og þjónustu í umboðssölu. Umboðssalan ALLT s. 845 8870, for@for.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Betri heilsa og frábær líðan. Herbalife. Ásdís, 845 2028.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

Óska eftir ódýrum en góðum lyftingabekk, helst svona multibekk þar sem hægt er að stunda niðurtog til dæmis. Einnig yrði yndislegt að fá nokkur lóð....vil athuga allt. S. 822 0557.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

## Snyrting



**Thalasso therapy gjafabréf.**
"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orkugefandi, vökvalosandi. Greifynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




MCSA kerfisstjóranám 270 st á aðeins kr. 209.900. Hefst 7. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

Internetið fyrir byrjendur. VR greiðir 50%. Uppl. í s. 517 1944, Netvistun.is

**Svæðanuddnám**
Svæðanuddnám 7. apríl nk. 3 pláss laus. Sjá heilsusetur.is. Uppl. í símum 552 1850 og 896 9653.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Borðstofuhúsgögn í fallegum, gömlum stíl til sölu á sanngjörnu verði. Stækkanlegt borð, 8 stólar, skenkur og annar skápur með gleri í efri hurðum. Sími 893 1388.

Til sölu v. flutninga 6 ára King Size amerískt rúm. (Akureyri). S. 843 0085.

Hvítur leður hornsófi til sölu. Verð 25 þús. S. 554 4215.

Tvenn Roccoko sófasett til sölu. Vel með farin. Verðtilboð. S. 692 7037.

Nýlegur og vel með farinn 3ja sæta sófi, dökkblá grár, til sölu. Verð 15-20 þúsund. Áhugasamir hafi samband í síma 823 1221.

Til sölu kommóða og fataskápur úr Hirslunni á 20 þús. Kirsuberjaviður. Einnig á sama stað Hornsófasett 210x210 á 20 þús. Uppl. í s. 661 8852.

## Heimilistæki

Til sölu tvær nýlegar frystikistur. 30.000. kr stykkið. Upplýsingar í síma 898 9381.

## Gefins

Svört kanína fæst gefins á gott heimili. Ársgömul. Uppl. í s. 693 8797.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



50% afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 og Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald

Til sölu 9 vikna labradorbl. (labrador/golden)sprautaðir og heilsufarsskoðaðir. S. 899 8190.

Þrjá yndislega fresskettlinga vantar gott heimili. Sjö vikna gamlir. Uppl. í s. 616 6789.

Fæst gefins, Border Collie blandaður hundur. 3ja mánaða. Uppl. í s. 661 4628.

Síamslæða fæst gefins eða í tímabundið fóstur. Litur svartgríma, mjög falleg, 7 ára og má nota til ræktunar. Sími 696 5353 e. hád.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

## Ýmislegt

Til sölu stigi, 2,20x1,60. Kjálkar úr járni og þrep úr spónlagðri eik. Verð tilboð. Uppl. í síma 844 8802 eftir kl. 17.00.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska




**Í hesthúsið !**
Drenmotturnar í hesthúsið komnar aftur, stærð: 75cm x 100cm x 5,5cm. Verð: kr. 5.980. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf. Kjalarnes. 3 herbergja laust Akranes. 3 og 4 hergbergja laust. Þorlákshöfn 2 herbergja laust. S-517 3440. Sjá www.leigulidar.is

Til leigu gott 137 fm full innréttað skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi við Skipholt. Móttaka, 5-6 herbergi, lítil kaffistofa, bílastæði og möguleiki á minna plássi (70 fm.) Guðlaugur s. 896 0747.

Til leigu íbúð með húsgögnum á svæði 111. Leigist frá 1. apríl til 1. okt. Uppl. í s. 852 5559.

Herb. 13 fm, 107 Rvk, separate entry, WC . No smoking. S. 691 1922.

Lítið einbýlishús á góðum stað í Keflavík. Losnar mánaðamótin feb.-mars. Lágmark 3 mán. í senn. Greiðslur í gegnum greiðsuþjónustu skilyrði. Er líka með 80 m2 stúdíóíbúð með klósett aðstöðu laus strax. S. 820 7090.

Til leigu einstaklingsherbergi í Vesturbæ Kópavogs með ísskáp og örbylgjuofni, rúm og ýmis húsgögn geta fylgt ef óskað er. Leiga kr. 20 þús. á mánuði + kr. 20 þús. í tryggingu, allt innifalið. Uppl. í síma 896 5838.

Til leigu 12 fm herb. í risi við Kleppsveg. Uppl. í síma 553 2736.

Herbergi til leigu á Bergþórugötu með sérinngangi, sameiginlegu baðherbergi og möguleika á eldhúsaðstöðu. Leigist á 27 þ. á mán. 2 mán. fyrirfr. Sími 692 1681.

Mjög fín 3ja herbergja 85 fm íbúð til leigu í Hvömmunum í Hafnarfirði. Leigist frá 1. mars - 1. september. Uppl. í síma 555 0922.

Til leigu 3ja Herbergja íbúð í Kópavogi, 70 fm. Verð 80 þús. með hita og rafmagni. Uppl. í s. 660 2824.

53 fm 2ja herb. kjallaríbúð í vesturbænum til leigu. Verð 55 þús. Aðeins reyklausir og reglusamir koma til greina. Uppl. í síma 554 4000.

## Geymsluhúsnæði




## Húsnæði óskast

5 manna fjölskylda óskar eftir einbýli eða raðhúsi til leigu. Fyrirframgreiðsla í boði. Sími 692 1799 & 849 4756.

Átta manna fjölskylda óskar eftir stóru húsnæði sem fyrst. Eigi síðar en 1. maí. Skoða allt landið. Vinsamlegast sendið á wildthing@internet.is.

22 ára kvk. óskar eftir íbúð í Laugardal, Langholti eða Kringlusvæði. Greiðslugeta upp að 75 þús. pr. mán. Verður að vera samþykki fyrir húsaleigubótum. Uppl. í s. 869 6532 Þóra.

## Húsnæði til sölu

**Costa Blanca**
Góðar eignir - gott verð. Allt að 80% lán til 30 ára, mjög lágir vextir. Uppl. í s. 821 5838 Halla.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. Þór s. 899 3760.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Langar þig að vera með í skemmtilegu og gefandi starfi?**
Er að leyta að einstaklingum sem vill kynna og selja náttúrulegar hárhúð og heilsuvörur og förðunarlínuna Unique frá Volare. Volare býður þér verðlaunaðar vörur úr hæðsta gæðaflokki, námskeið, persónulegt samband við leiðtoga þinn, persónulegan frama og m.fl.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 eða volare@centrum.is**

**Viltu vera í vinningsliðinu ?**
Þá getur þú verið sú sem við leitum að. Við erum að leita að sölufulltrúum til að kynna fatalista með frábærum dönskum kvenvörum. Við bjóðum upp á góð sölulaun, frábæran félagsskap og þjálfun.
**Ef þú vilt vita meira hafðu þá samband við okkur hjá ClaMal í síma 565 3900 eða á clamal.is**

**Ræstingar**
- 101 Þingholt - 105 Hlíðar - 108 Bústaðahverfi - 110 Árbær - 112 Höfði
**Einnig óskast fólk á skrá vegna framtíðarverkefna. Nánari upplýsingar fást hjá Margréti í síma 587 1111, kl. 13-16 virka daga. .**



**Charlott' undirföt**
Vegna mikilla anna getum við bætt við okkur sölufulltrúum víðsvegar á landinu til að selja glæsilegan franskan undirfatnað. Vörugæði í hámarki-Auðveld söluvara - Frjáls vinnutími - Miklir tekjumöguleikar. Kennsla og stöðug þjálfun. Áhugasamir sendi tölvupóst á: charlott@simnet.is

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Óskum eftir duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Reynsla í sölumennsku kostur. Uppl. í s. 588 7888.

Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi! Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, unnið er um kvöld og helgar. Föst laun og bónusar. 18 ára aldurstakmark. Frekari upplýsingar virka daga í síma 869 8891 kl. 18-22.

**McDonald's laus störf**
Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og Smáratorg. Líflegur og fjörugur vinnustaður, alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu http://www.mcdonalds.is

Óskum eftir að ráða blikksmiði eða menn vana blikksmíðum. Upplýsingar í síma 557 1555 eða á staðnum. Blikksmiðjan Vík, Skemmuvegur 42, Kóp.

**Kvöld og helgarvinna**
Subway Hringbraut og Austurstræti vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða eyglo@subway.is.

Háseta vantar á línubát, Sigurvon GK, sem rær frá Sandgerði. Uppl. í s. 863 9357.

Óskum eftir að ráða vana bónara. Uppl. á Bónstöð Jobba, Skeifunni 17 eða í síma 568 0230.

Óska eftir ráða hársnyrti í fullt starf. Upplýsingar í síma 861 8050.

Vanir menn óskast í vinnu við steypusögun og kjarnaborun. Uppl. í síma 567 7570.

**Ræstingar.**
Óskum eftir áræðanlegum starfskrafti í 50 % starf á kvöldin og aðra hvora helgi. Uppl. í s. 861 7271 milli 17-20. Moppan ehf.

Háseti vanur línuveiðum óskast á bát á Höfuðborgarsv. S. 895 9115.

## Atvinna óskast

27 ára kk. bráðvantar vinnu. Helst útkeyrslustörf. Er með meirapróf. Uppl. í s. 694 3489.

19 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir kvöld og helgarvinnu, opinn fyrir öllu. Sími 867 9647.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**Jenna Jameson. The Masseuse.**
Mest selda myndin í USA í dag. www.clubjenna.com á DVD 2950 kr. og VHS á 2450 kr. www.grensasvideo.is
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

Tákn um traust
595 9032
Jón Víkingur
Gsm 892 1316
jonvikingur@holl.is
www.holl.is
Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali

## Fyrir byggingamenn – fjárfesta

Tilvalið að breyta og fjölga íbúðum.



Við Háteigsveg, Reykjavík, 274 fm. þar sem hægt er að hafa 3 til 5 íbúðir. Hér er á ferðinni tækifæri fyrir verktaka og smiði.
Verð kr. 36 milj.

Allar nánari upplýsingar veitir Jón Víkingur fasteignaráðgjafi á Hóli í síma 595 9032 eða 892 1316.

## FRÍTT VERÐMAT

VEGNA MIKILLAR HREYFINGAR Á FASTEIGNAMARKAÐI UNDANFARIÐ HEFUR FASTEIGNAVERÐ HÆKKAÐ MIKIÐ Á SKÖMMUM TÍMA. EF ÞÚ ERT Í SÖLUHUGLEIÐINGUM, HAFÐU ÞÁ SAMBAND OG LÁTTU VERÐMETA ÞÍNA EIGN FRÍTT.

BERGLIND S: 822-2435

Berglind Ósk Sigurjónsdóttir,
822-2435,
berglind@remax.is



RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali

## EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Verkamenn

Vantar verkamenn í byggingarvinnu, uppl. gefur Höskuldur í síma 822-4411.

## EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Reykjanesvirkjun

Getum enn bætt við okkur nokkrum smiðum, uppl. gefur Pétur í síma 822-4437.

ÓKEYPIS AÐGANGUR

## 100% Spánn



Kynning á fasteignum

Laugardag og sunnudag
5. og 6. febrúar
Kl. 12 - 17

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6

Norður-Costa Blanca • Suður-Costa Blanca • Costa Calida • Costa Almería

dagnybj@hotmail.com
Sími: 696 1960
www.atlasinternational.com
ATLAS INTERNATIONAL

## EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali



## Viðjugerði - glæsilegt

Vorum að fá í einkasölu sérstaklega vandað um 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Viðjugerði í Reykjavík. Húsið skiptist þannig. Efri hæð: stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús/búr, 2-3 herbergi og baðherbergi. Neðri hæð: forstofa, hol, geymsla/snyrting, gangur, 3-4 herbergi og baðherbergi. Möguleiki er að hafa 3ja herb. íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins. Innbyggður bílskúr. Húsinu hefur verið mjög vel viðhaldið og hefur nýlega verið málað. Falleg gróin lóð. Tvennar stórar svalir. Glæsilegt útsýni er úr húsinu. **Verð 48,5 millj.** 4566

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Öldutúnsskóli

Dönskukennara vantar sem fyrst.

Allar upplýsingar gefur Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri í síma 555 1546/664 5896.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði




Í Hafnarfirði búa um 22 þúsund manns. Bærinn stendur í fallegu umhverfi hrauns og kletta. Hafnarfjörður hefur þá bæjarsál sem einkennir búsetu við sjó og státar um leið af hagkvæmni stærðarinnar og staðsetningar í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Það er gott að búa og starfa í Hafnarfirði.

# F2

## Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

# BYLTING Á FASTEIGNAMARKAÐI

# 55% FLEIRI LESENDUR

Í nýrri Gallup-könnun sem gerð var í október kemur fram að fasteignablað Fréttablaðsins hefur náð yfirburðastöðu á markaðinum og lestur blaðsins aukist mjög síðan í síðustu stóru könnun Gallup í mars 2004.

Samanburður á lestri fasteignablaða Fréttablaðsins og Morgunblaðsins




Allir landsmenn
54% fleiri lesendur

25-54 ára
heimilistekjur meira en 400 þús/mán
55% fleiri lesendur

Það er ekki dýrara að auglýsa í fasteignablaði FB þrátt fyrir að blaðið nái til helmingi fleiri landsmanna en keppinauturinn.

## Er fasteignin þín auglýst á réttum stað?

FRÉTTABLAÐIÐ

# Er of langt gengið í auglýsingunum?

UMRÆÐAN
AUGLÝSINGAR
UMFERÐARSTOFU



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Þessa dagana eru sýndar í sjónvarpinu auglýsingar frá Umferðarstofu sem vakið hafa mikla athygli. Þær hafa fengið mjög jákvæðar undirtektir en þó hafa þær raddir heyrst að of langt sé gengið. Í auglýsingunum eru settar upp aðstæður sem telja má ótrúlegar og jafnvel afkáralegar og hegðun sem væri stórhættuleg ef svo ólíklega vildi til að einhver tileinkaði sér hana. Hugmyndin með auglýsingunum er að sýna fram á að ýmislegt það sem við gerum í umferðinni sé í raun jafn fáránlegt og það sem sést í auglýsingunum.

Það er fáránlegt að maður sem er búinn að „smakka það“ taki sig til og sveifli ungu barni kröftuglega í kringum sig og missi það síðan með skelfilegum afleiðingum líkt og sjá má í einni auglýsingunni. En það er jafn fáránlegt að maður sem er undir áhrifum áfengis, jafnvel eftir eitt glas, setjist undir stýri og aki af stað. Samt sem áður gerist það á hverjum degi.

Í annarri auglýsingu verðum við vitni að glæpsamlegu kæruleysi föður ungs drengs, sem leyfir barninu sínu að leika sér á svölum háhýsis þar sem ekkert svalahandrið er. Ótal dæmi eru til um foreldra sem setja börnin sín ekki í bílstóla, bílbelti eða í annan þann öryggisbúnað sem þarf til að tryggja öryggi þeirra í umferðinni auk þess sem fjöldi fullorðinna ferðast um án þess að nota bílbelti. Í raun er þetta jafn fáránlegt og að leika sér á svölum háhýsis þar sem ekki er svalahandrið og að sama skapi jafn óhugnanlegt. Falli einstaklingur ofan af fjórðu hæð má gera ráð fyrir því að höggið sem hann verður fyrir við lendingu sé á við það högg sem viðkomandi verður fyrir við árekstur á 50 km hraða án bílbeltis.

Á síðasta ári gerði Umferðarstofa könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bifreiðum. Í ljós kom að af 2.778 börnum á aldrinum 1 til 6 ára voru 334 börn án tilskilins öryggisbúnaðar. 12% barnanna voru nánast varnarlaus.

Það er eitt af hlutverkum Umferðarstofu að upplýsa fólk um alvarleika umferðarslysa og gera ökumönnum grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að stjórna ökutæki. Til þess þarf opna umræðu og umbúðalausa. Það er mjög eðlilegt að mönnum bregði við. Upp kemur umræða sem á fullan rétt á sér því á grundvelli hennar gefst enn betra tækifæri til að fræða fólk og upplýsa um umferðaröryggismál.

Það er spurt hvort of langt sé gengið? Það er of langt gengið þegar fjöldi fólks í blóma lífsins lætur lífið eða hlýtur örkuml af völdum umferðarslysa. Það er of langt gengið þegar samanlagður fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra er 168 einstaklingar, samanber upplýsingar slysaskráningar fyrir árið 2003. Í mjög mörgum tilfellum eru þetta slys sem hefði á einfaldan hátt mátt koma í veg fyrir. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við þótt erfitt sé.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.* ■

## AF NETINU

### Logar stafna á milli

Það virðist loga stafna á milli í Framsóknarflokknum. Hver höndin upp á móti annarri og allir að skara eld að sinni köku. Í Reykjavík er sagt að Hvítasunnumenn séu í krossferð gegn Don Alfreð og í Kópavogi tókst tveimur konum að gera hallarbyltingu í kvenfélaginu Freyju með tveimur saumaklúbbum. Er von að spurt sé: Hvað er að gerast hjá Frömurum? Sérstaða Framsóknarflokksins í íslenskum stjórnmálum endurspeglast í því að styrkur flokksins er, vegna hins pólitíska landslags sem ríkjandi er hér, langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Flokkur sem státar af rúmlega 15% fylgi er í lykilstöðu í íslenskum stjórnmálum. Stöðu sem ræðst nær eingöngu af því að hann er eins konar brú milli hægri og vinstri aflanna í landinu. Hinir örfáu virku félagsmenn í flokknum eru nær allir í trúnaðarstöðum. Menn skrá sig í flokkinn og sýna áhuga á vegtyllum og viti menn, vegtyllur fá þeir! Flestir án mikillar fyrirhafnar.

**Arnar Þór Stefánsson á deiglan.com**

### Fréttaskýringar Ríkisútvarpsins

Fyrir nokkrum mánuðum treysti fréttastofa Ríkisútvarpsins sér ekki til að ráða fréttakonu sem tekið hafði að sér launuð verkefni fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð fyrir síðustu alþingiskosningar. Til þessara verkefna hafði hún verið ráðin vegna faglegrar þekkingar sinnar. Hún var hins vegar látin gjalda þess við starfsumsókn sína hjá RÚV. Af minni hálfu er framkoman í hennar garð ekki útrætt mál og Ríkisútvarpinu til vansa. Meðal annars í ljósi þessa skýtur skökku við að Ríkisútvarpinu skuli finnast sjálfsagt mál að leita í smiðju [bandaríska] hernámsliðsins um sérþekkingu á málefnum Íraks. Hefur verið gerð tilraun til að ræða við fulltrúa andófsaflanna, eða aðstandenda fólks sem sætir pyntingum í fangelsum hernámsliðsins, eða fréttamennina sem bera Allawi – sem Bandaríkjamenn hygla hvað mest í Írak – þeim sökum að hafa drepið með eigin hendi fanga í fangelsi í Írak fyrir skemmstu? Hvert skyldi vera álit sérlegs fréttaskýranda Ríkisútvarpsins á því að sá maður skuli ekki einu sinni þurfa að svara til saka? Það gæti verið fróðlegt að heyra hann tjá sig um það efni í næsta pistli.

**Ögmundur Jónasson á ogmundur.is**

### Framsókn og smölun

Það er í bændaeðlinu að smala. Rollurnar fara til fjalla á vorin og eru þar allt sumarið að éta gras og horfa upp í loftið. Á haustin er sendur af stað leitarflokkur sem smalar rollunum niður fjallið og í réttir. Svona hefur þetta gengið síðan land var byggt og ekkert athugavert við það. Það er ekkert að því að smala?

Undanfarnar vikur var smalað á tvo framsóknarfundi í Kópavogi, það var unglíðafélagið og svo kvennafélagið, en þar var fjörutíu konum smalað á fund og þær kusu. Sumir halda því fram að Páll og Árni Magnússynir hefðu staðið að baki kvennasmöluninni til að afla meira fylgis fyrir Pál fyrir komandi sveitastjórnarkosningar en eiginkonur þeirra bræðra voru framarlega í þessum hóp.

**Hákon Skúlason á suf.is**

## Leiðrétting

Í Fréttablaðinu á mánudaginn voru gerð þau mistök að sagt var að lopapeysa sem Cintamani framleiðir kosti 19.960. Það er rangt því peysan kostar 16.960 krónur.



ENNEMM / SIA / NM15063

Fáðu ráðgjöf um hvaða þjónusta hentar þínu fyrirtæki í næsta útibúi KB banka.

KB ATVINNULÍF

Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

• Viðskiptareikningur • Innheimtuþjónusta • Ábyrgðir • Atvinnutryggingar VÍS • Starfsmannatryggingar
• Rekstrarleiga atvinnuhúsnæðis • Fjármögnun atvinnutækja • Kreditkort • Innlán • Útlán

KB BANKI – kraftur til þín!

| MÁNUDAGA | ÞRIÐJUDAGA | MIÐVIKUDAGA | FIMMTUDAGA | FÖSTUDAGA | LAUGARDAGA | SUNNUDAGA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fréttir | Fréttir | Fréttir | Fréttir | Fréttir | Fréttir | Fréttir |
| Ísland í dag | Ísland í dag | Ísland í dag | Ísland í dag | Ísland í dag | Ísland í dag | Ísland í dag |
| Strákarnir | Strákarnir | Strákarnir | Strákarnir | The Simpsons | Whose Line is it Anyway? | Home Improvement |
| The Block | Amazing Race | You Are What You Eat | American Idol | Joey | Hollywood-bíó | Sjálfstætt fólk |
| Einu sinni var | Las Vegas | Lorem Ipsum | Jag | Idol-Stjörnuleit | Hollywood-bíó | Cold Case 2 |
| The Guardian | The 4400 | Extreme Makeover | Silent Witness | Punk'd | Hollywood-bíó | Twenty Four |
| 60 Minutes | The Wire | Life Begins | | Idol-Stjörnuleit | | Nip/Tuck |
| | | Oprah Winfrey | | The Sketch Show | | |

## FÖSTUDAGA
Hann er ekki beittasti hnífurinn í skúffunni




## MÁNUDAGA
Eva María og málin sem settu svip á fortíðina




## ÞRIÐJUDAGA
Spennan eykst í mesta kapphlaupi allra tíma




## MIÐVIKUDAGA
Færustu lýtalæknar í heimi breyta útvöldum



M12 ÁSKRIFENDUR FÁ STÖÐ 2, STÖÐ 2+ OG STÖÐ 2 BÍÓ FYRIR AÐEINS 4.286 KR. Á MÁNUÐI.*

*ÚTSENDINGARSVÆÐI: DIGITAL ÍSLAND OG ÖRBYLGJUSVÆÐI.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

# NÚ VEISTU HVAÐ ÞÚ VERÐUR AÐ GERA Í FEBRÚAR!

Ótrúleg veisla á dagskrá Stöðvar 2 alla daga

## FÖSTUDAGA
Spennan vex og þú ræður úrslitum!




## MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA
Fyndnustu strákar Íslands




## SUNNUDAGA
Niðurtalningin er hafin!




## FIMMTUDAGA
Stærsta Idol keppni í heimi




GOTT FÓLK MCCANN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** X3.692 **-0,23%**

**Fjöldi viðskipta:** 312
**Velta:** 8.549 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Íslandsbanki** | 1,28% | **Actavis** | -1,92% |
| **Nýherji** | 0,88% | **Straumur** | -1,44% |
| **Össur** | 0,61% | **Bakkavör** | -1,20% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,80 -1,92% ... Atorka 6,15 -0,81% ... Bakkavör 24,60 -0,61% ... Burðarás 12,95 -0,77% ... Flugleiðir 13,75 -0,36% ... Íslandsbanki 11,90 +1,28% ... KB banki 499,00 -0,20% ... Kögun 46,30 -0,86% ... Landsbankinn 14,25 -0,35% ... Marel 52,50 -1,13% ... Medcare 5,91 -1,17% ... Og fjarskipti 3,70 – ... Samherji 11,35 +0,44% ... Straumur 10,30 -1,44% ... Össur 83,00 +0,61%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Berlingur í stuði

Heilsíðuauglýsing KB banka í dönskum blöðum þar sem kynntar eru helstu tölur úr góðu uppgjöri bankans vakti athygli. Augljóst má telja að auglýsingin var svar við umfjöllun Berlingske Tidende um íslenskt fjármálalíf. Berlingi rann líka blóðið til skyldunnar og birti frétt um málið. Þar gætir enn þeirrar þráhyggju Berlings að KB banki hafi fjármagnað kaup Íslendinga á Magsin du Nord, en þau kaup virðast hafa snert viðkvæma taug í brjósti yfirstéttar dansks viðskiptalífs. Straumur fjármagnaði kaupin og í KB banka sjá menn engan akk í því að stela heiðrinum.
Berlingur hefur það eftir Sigurði Einarssyni að auglýsingin sé til þess að fólk geti séð staðreyndir um rekstur bankans. Það túlkar Berlingur með því að segja að bankinn geri tilraun til að þagga niður í gagnrýni með auglýsingum og ítrekar síðan kenningar sínar um að íslenskt viðskiptalíf byggi á köngulóarvef örfárra einstaklinga og hækkanir á gengi íslenskra fyrirtækja byggi á svipuðum forsendum og netbólan um árið.



### Bankastjórarnir ritskoðaðir

Landsbankinn hélt blaðamannafund í London fyrir íslenska blaðamenn vegna kaupanna á Teather & Greenwood. Fulltrúar breska verðbréfafyrirtækisins voru á staðnum og kynntu sín sjónarmið vegna yfirtökunnar. Fundurinn var á ensku sem er sjálfsögðu kurteisi við forsvarsmenn Teather & Greenwood. Það var þó ekki einungis kurteisin sem réði tungumálinu. Íslensku blaðamönnunum var gerð grein fyrir því að engin samskipti fundarins mættu vera á íslensku. Á staðnum var fulltrúi Barclays banka og var hlutverk hans að gæta þess að ekkert kæmi fram á fundinum sem ekki væri að finna í kynningu bankans á yfirtökutilboðinu.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Áning ehf.**, sem er meðal annars eigu **Benedikts Jóhannessonar** og **Þórðar Sverrissonar** stjórnarmanna í **Nýherja**, jók í gær hlut sinn í **Nýherja** úr 10,92 í 18,4 prósent. Það var **Íslandsbanki** sem seldi hlut sinn.

Í gær hækkaði **FTSE** vísitalan í Lundúnum um 0,20 prósent. Þýska **Dax** vísitalan hækkaði um 0,38 prósent og í Japan hækkaði **Nikkei** vísitalan um 0,20 prósent.

Verð á hráolíu lækkaði á mörkuðum í gær og fór verð á tunnu niður fyrir 47 Bandaríkjadali.

Hlutabréf í **Google** ruku upp á markaði í Bandaríkjunum í gær eftir að uppgjör fyrir síðasta ársfjórðung var birt. Hagnaður félagsins nam um 12 milljörðum króna sem er sjöföldun frá árinu 2003.

# Nýta þarf tækifæri í skattkerfinu

**Skýra þarf skattareglur og einfalda skattkerfi ef takast á að laða fjármagn til landsins. Þetta gildir bæði um eignarhaldsfélög Íslendinga sem skráð eru erlendis og erlend fyrirtæki sem myndu nýta hagstætt skattaumhverfi til að stofna fyrirtæki hér á landi.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÖFUÐSTÖÐVAR Í HÖFN** Helga Zharov, Þór Sigfússon og Bjarnfreður Ólafsson telja hættu á því að Ísland verði undir í samkeppni um að fyrirtæki séu með höfuðstöðvar sínar hér á landi. Með einfaldari og skýrari skattareglum megi styrkja samkeppnisstöðu landsins og lokka heim erlend eignarhaldsfélög innlendra aðila, auk þess að freista erlendra fyrirtækja til að hafa starfsemi hér á landi.

Verslunarráð Íslands segir að með einföldu skattkerfi, skýrum reglum og lágri skattaprósentu megi opna möguleika á því að gera Ísland að öflugri alþjóðamiðstöð fjármála.

Skattar á fyrirtæki hér á landi eru lágir í samanburði við nágrannalöndin, eða átján prósent. Á móti lágum sköttum kemur hins vegar skattlagning söluhagnaðar í fyrirtækjum sem fyrirfinnst óvíða í nágrannalöndum okkar. „Þegar menn reikna dæmið til enda þá verður niðurstaðan óhagstæðari hér en í landi þar sem söluhagnaðurinn er ekki skattlagður, þótt fyrirtækjaskatturinn sé hærri,“ segir Bjarnfreður Ólafsson, lögmaður sem sinnir skattaráðgjöf. Hann ásamt Helgu Zharov, lögfræðingi hjá Íslenskri erfðagreiningu sátu í hópi Verslunarráðs sem fór yfir skattareglur hér á landi.

Helga segir vaxandi alþjóðaviðskipti kalla á skýrar skattareglur. Fyrirtæki þurfi að fá skýr og skjót svör við spurningum sínum um skattlagningu. „Vandamálið er oft að ekki hefur reynt á tiltekin atriði í skattamálum og skattayfirvöld geta ekki svarað hvernig eigi að meðhöndla tiltekin atriði. Samningar liggja á borðinu og ekki er hægt að bíða eftir að fá svör um skattalega meðferð, hugsanlega nokkrum mánuðum síðar.“ Hún segir því miklu skipta að reglurnar séu skýrar og það sé þáttur í því gagnsæi sem menn vilji hafa almennt í viðskiptum. „Það sem við leggjum til er að skattareglurnar séu í samræmi við þær skattareglur sem menn þekkja annars staðar frá.“

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins segir löngu komin tíma til að stjórnvöld móti skýar stefnu í skattamálum og grípi til skipulegra aðgerða til þess að laða til landsins erlent fjármagn og auðvelda innlendum útrásarfyrirtækjum enn frekar að hasla sér völl erlendis gegnum innlend eignarhaldsfélög. „Við höfum kosið að hafa yfirskriftina á kynningu þessara tillagna -Ísland – Höfn höfuðstöðva, til þess að leggja áherslu á það að við keppum við aðra um það að höfuðstöðvar íslenskra alþjóðafyrirtæki verði hér á landi.“

Nú þegar eru um tugur erlendra fyrirtækja með starfsemi hér á landi vegna hagstæðra fyrirtækjaskatta.Skatttekjur af þeim voru um 350 milljónir króna. Verslunaráðið bendir á að slíkum félög hafi ekki fjölgað um skeið, en telja að með þeim breytingum sem þeir leggja til gæti þeim fjölgað. Lækkun skatta og einföldun þeirra myndi því ekki þýða tekjutap fyrir ríkið. Ráðið bendir á að samkeppni í hagstæðara skattaumhverfi fari vaxandi og mikilvægt að nýta sér sóknarfærin sem þarna liggi.

Skattayfirvöld hafa að undanförnu sett fram þá skoðun að alþjóðavæðingin hefði aukið skattsvik. Þau Bjarnfreður, Helga og Þór lögðu á það áherslu að skattsvik eigi ekki að líða, en koma þyrfti í veg fyrir tortryggni og misskilning milli atvinnulífsins og skattayfirvalda. Mikilvægt væri því að auka og bæta samskipti atvinnulífs og skattayfirvalda og stuðla að gagnkvæmri virðingu þessara aðila.

**haflidi@frettabladid.is**



**SKOÐA STARFSEMINA** Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristánsson, bankastjórar Landsbankans, á skrifstofum Teather & Greenwood í gær.

## Töluverð umfjöllun

Breskir fjölmiðlar fjölluðu töluvert um kaup Landsbankans á verðbréfastofunni Teather & Greenwood í gær.

Í Financial Times var því haldið fram að tilboð Landsbankans í hlutabréfin væri hátt en bent á að tenging verðbréfastofunnar við Landsbankann gæti skapað grundvöll til frekari fjárfestinga Landsbankans í fjármálafyrirtækjum. Verðið sem Landsbankinn greiðir er um sjötíu prósentum hærra en meðalverð á bréfum Teather and Greenwood á markaði síðustu þrjá mánuði.

Daily Express lýsti kaupunum þannig að víkingainnrásin hefði fellt enn eitt fyrirtæki undir íslenskt eignarhald. **- þk**


Leiðtogaþjálfun fyrir konur



Nú gefst íslenskum konum tækifæri til þess að vinna með hinum virta prófessor Paul Claudel sem hefur víðtæka alþjóðlega reynslu í að þjálfa stjórnendur fyrirtækja í leiðtogafræðum. Paul Claudel hefur sýnt því mikinn áhuga að vinna með íslenskum kvenstjórnendum, því eins og hann segir sjálfur: „Það býr mikill kraftur í íslenskum konum, þar liggja aukin tækifæri fyrir atvinnulífið.“

Með því að halda námskeið eingöngu fyrir konur gefst tækifæri til að einblína á þá þætti leiðtogaþjálfunar sem eru þeim mikilvægastir, auk þess er þetta kjörinn vettvangur fyrir þær til að efla eigið tengslanet.

*„Leiðbeinandinn hefur mikla þekkingu og umfram allt reynslu á þessu sviði og miðlar henni af mikilli skynsemi. Engir stælar sem trufla. Námskeiðið var afar vel undirbúið, góðar raunhæfar æfingar sem auðvelt var að heimfæra á eigin reynsluheim, og skipulag tíma mjög gott (ekki dauð mínúta).“*
Starfsmaður KB banka

Dagsetningar: 10. febrúar kl. 15:00 - 21:00
11. febrúar kl. 08:30 - 16:30



**Leiðbeinandi á námskeiðinu er Paul Claudel.**
Paul Claudel kennir við Háskólann í Aix-en-Provence í Frakklandi og starfar einnig sjálfstætt sem alþjóðlegur ráðgjafi. Paul hefur kennt víða um heim og m.a. starfað með Nokia, Alcatel, Nestlé og nú síðast KB banka við að innleiða leiðtogahugsun og þróa leiðtogahæfileika stjórnenda. Einnig hefur Paul unnið með Háskólanum í Reykjavík að því að þjálfa MBA nemendur í leiðtogafræðum.

Nánari upplýsingar veita:
**Ágústa Jónsdóttir,** sími: 599 6424, agusta@ru.is
**Guðrún Helga Hamar,** sími: 599 6404, helga @ru.is
Skiptiborð: 599 6200

**stjornendaskoli.is**

STJÓRNENDASKÓLI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



Gert er ráð fyrir að aukning einkaneyslu á árunum 2004-2006 verði 6,5 prósent að meðaltali á ári. Jafnframt er gífurlegur vöxtur fjármunamyndunar, ekki síst vegna fjárfestingar í virkjun og álveri á Austurlandi. Spáð er að hún verði tæp 16 prósent á ári á tímabilinu 2004-2006.

# Hagvöxtur næstu ár

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**
KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Hagvöxtur hér á landi er mjög hár um þessar mundir og útlit fyrir að hann haldist hár á næstunni. Í nýrri spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur áranna 2004-2006 verði 5,3 prósent að meðaltali. Til samanburðar er hagvöxtur þessara ára 3,2 prósent að meðaltali í ríkjum OECD. Eina aðildarríkið með hærri meðalvöxt en Ísland í spá OECD er Tyrkland með meðalhagvöxt upp á 7,3 prósent þessi þrjú ár.

Hér á landi er mestur vöxtur einkaneyslu og fjármunamyndunar. Af einstökum ráðstöfunarliðum landsframleiðslu vegur vöxtur einkaneyslu þyngst. Gert er ráð fyrir að aukning einkaneyslu á árunum 2004-2006 verði 6,5 prósent að meðaltali á ári. Jafnframt er gífurlegur vöxtur fjármunamyndunar, ekki síst vegna fjárfestingar í virkjun og álveri á Austurlandi. Spáð er að hún verði tæp 16 prósent á ári á tímabilinu 2004-2006. Þessi mikli vöxtur kemur óhjákvæmilega fram í aukinni framleiðsluspennu. Þannig sýnir spá fjármálaráðuneytisins að framleiðsluspenna verði á bilinu 1-1,5 prósent af landsframleiðslu á árunum 2005-2006 sem er aukning frá árinu 2004. Í spá Seðlabankans sem birt var í desember sl. er einnig gert ráð fyrir aukinni framleiðsluspennu. Seðlabankinn gerir ráð fyrir svipuðum hagvexti og fjármálaráðuneytið, eða 5,5 prósent að meðaltali árin 2004-2006. Á hinn bóginn reiknar hann með mun meiri framleiðsluspennu, eða á bilinu 3,5-5 prósent af landsframleiðslu. Þegar reiknað er með hagvexti yfir 5 prósent þrjú ár í röð, þá má búast við meiri framleiðsluspennu en sem nemur 1-2 prósentum af landsframleiðslu.

Einn af fylgifiskum þessa hagvaxtarskeiðs og ríkt merki þess að vöxturinn er ekki í jafnvægi, er mikill og vaxandi viðskiptahalli. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að hann verði yfir 10 prósent af landsframleiðslu að meðaltali á árunum 2004-2006. Á árinu 2006 er gert ráð fyrir halla sem nemur 12,8 prósentum af landsframleiðslu. Þetta er ekki mesti halli sem mælst hefur, heldur er jafnað metið frá árinu 1947. Til samanburðar er gert ráð fyrir að viðskiptahalli meðal OECD-ríkja nemi að meðaltali 1,3 prósent á árunum 2004-2006. Aftur eigum við metið meðal OECD-ríkja, þótt þetta met verði að teljast heldur vafasamara. Næst okkur eru Ungverjar með viðskiptahalla sem nemur 8,6 prósentum af landsframleiðslu. Á hinum endanum eru Norðmenn sem reikna með að skila afgangi á viðskiptum við útlönd sem nemur yfir 15 prósentum af landsframleiðslu. Mesti afgangur sem sést hefur á viðskiptajöfnuði hér á landi nam 3 prósentum af landsframleiðslu á árinu 1962.

Ljóst er að með hagvöxt umfram framleiðslugetu, aukna verðbólgu og vaxandi viðskiptahalla verður eitthvað að gefa eftir. Spurning er einungis hvað gefur fyrst eftir og hvenær.




Góðir skór

asics - scarpa - ecco - adidas - footprint - tatami - teva - minibel - bundgaard

ÖSSUR
Life Without Limitations



STARFSMENNTARÁÐ



Opinn fundur

Starfsmenntaráðs verður haldinn þriðjudaginn 8. febrúar 2005, kl. 12:00-13:30 á Kaffi Reykjavík, Vesturgötu 2, Reykjavík.

Dagskrá:

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2004.

Áherslur Starfsmenntaráðs við úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2005.

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það úthlutar styrkjum til starfsmenntunar og er stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar.

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.



Aðalfundur Straums Fjárfestingarbanka

Aðalfundur Straums Fjárfestingarbanka hf. verður haldinn á morgun, föstudaginn 4. febrúar kl. 11:00 á Nordica hótel, í sal F-G.

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 13. gr. samþykkta bankans.
2. Tillaga um breytingu á 2. mgr. 4. gr. samþykkta bankans þess efnis að stjórn verði veitt heimild til að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár um allt að 1.500 milljónir króna að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Í tillögunni felst að hluthafar falli frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum.
3. Tillaga um heimild stjórnar bankans til kaupa á eigin bréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
4. Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur bankans og endanlegar tillögur liggja fyrir á skrifstofu hans að Borgartúni 30, 7. hæð. Gögn þessi er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðu bankans, www.straumur.net.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 10:00 á fundardegi, föstudaginn 4. febrúar n.k.

Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf.

Straumur
FJÁRFESTINGARBANKI



F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

**BUDDY HOLLY (1936-1959)**
lést þennan dag í flugslysi.



*„Svona tónlist kunnum við að meta. Djass er bara fyrir heimakæra.“*

*- Orðin hér að ofan hafði Buddy Holly um „vagg og veltu“ en hann var einn af frumkvöðlum rokktónlistar á sjötta áratugnum. Meðal laga hans eru „That'll Be the Day“, „Not Fade Away“ og „Peggy Sue“. Hann viðhafði hikstakenndan söngstíl og einkennismerki hans voru gleraugu með þykkri umgjörð.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Tunglfarslending heppnaðist

Þennan dag árið 1966 heppnaðist Sovétríkjunum farsællega að stýra ómönnuðu geimfari að nafni Lunik 9 inn til lendingar á svæði sem nefnist „Vindahafið“ á tunglinu.
Eftir lendinguna opnaðist á farinu hringlaga hylki, líkt og þegar blóm opna krúnu sína, þannig að úr varð loftnet og farið hóf að senda ljósmyndir og sjónvarpsefni til jarðarinnar. Var þetta í fyrsta sinn sem sjá mátti tunglið frá yfirborði þess. Svæðið sem hægt var að skoða var vestan við gíganna Reiner og Marius.
Farinu, sem vó um 100 kíló, var skotið frá jörðu 31. janúar, en Lunik 9 var þriðja stóra tunglferðin í geimáætlun Sovétríkjanna. 14. september árið 1959 var Lunik 2 fyrsti manngerði hluturinn til að ná til tunglsins þegar hann skall á yfirborði þess og 7. október sama ár flaug Lunik 3 umhverfis tunglið og sendi aftur til jarðar fyrstu myndirnar af myrku hlið tunglsins.
Á síðari hluta sjötta og fyrri hluta sjöunda áratugar síðustu aldar voru Bandaríkin ávallt skrefi á eftir Sovétríkjunum í að verða fyrri til að ná áföngum í geimferðum. Júrí Gagarín var til að mynda fyrsti geimfarinn. Með Apollo-tungláætluninni tókst Bandaríkjunum þó að snúa við spilinu og urðu fyrri til að koma mönnum á tunglið á síðari hluta sjöunda áratugarins.



**3. FEBRÚAR 1966**

## MERKISATBURÐIR

**1937** Norðurljósahjálmur sást í Eyjafirði þar sem ljósunum stafaði í allar áttir út frá einum dimmum depli.
**1944** Hótel Ísland, stærsta timburhús Reykjavíkur, brann. Einn fórst en yfir 40 var bjargað.
**1981** Litla-Brekka við Suðurgötu, síðasti torfbærinn í Reykjavík, var rifin.
**1991** Eitt mesta fárviðri í manna minnum gekk yfir Ísland. Eignatjón var á annan milljarð en engin alvarleg slys.
**1996** Jarðskjálfti gengur yfir Lijiang í Kína og verður að minnsta kosti 210 manns að bana og um 3.700 slasast.
**1998** Bandarísk herflugvél slítur í sundur dráttarvír fólksflutningavagns á skíðastað í norðurhluta Ítalíu með þeim afleiðingum að tuttugu manns hrapa til bana. Flugmaðurinn var sýknaður í herrétti.

## AFMÆLI



**Sigrún Júlíusdóttir**, prófessor í félagsráðgjöf, er 61 árs í dag.



**Jón Karl Helgason** kvikmyndagerðarmaður er fimmtugur í dag.

**Bjarni Felix Bjarnason** myndatökumaður er 37 ára í dag.



**Andrea Róbertsdóttir** dagskrárgerðarmaður er þrítug í dag.



**Ragnar „Rassi prump“ Kjartansson** listamaður er 29 ára í dag.

## ANDLÁT

**Þuríður Sigurðardóttir**, Snorrabraut 56, Reykjavík, lést miðvikudaginn 19. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
**Svava Skúladóttir**, áður í Hátúni 10a, Reykjavík, lést sunnudaginn 23. janúar.
**Ólafur Guðmundsson**, Framnesi, Hvammstanga, lést miðvikudaginn 26. janúar.
**Sigþór Lárusson** lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum fimmtudaginn 27. janúar.
**Halldór Steinsen** læknir, Tjarnarflöt 11, Garðabæ, lést sunnudaginn 30. janúar.
**Ingibjörg Örnólfsdóttir**, Sunnubraut 26, Akranesi, lést sunnudaginn 30. janúar.
**Hildur B. Kærnested** lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2 mánudaginn 31. janúar.
**Svanborg Tryggvadóttir**, Aðalstræti 8, Reykjavík, lést mánudaginn 31. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jóhannes Oddsson** glerskurðarmeistari, Vesturgötu 57A, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.
13.30 **Ari Ásmundur Þorleifsson**, frá Naustahvammi, Norðfirði, Lóurima 6, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.
14.00 **Lilja Kolbrún Steindórsdóttir**, Varmalandi, Laugarbakka, verður jarðsungin frá Melstaðarkirkju.
15.00 **Henný Dagný Sigurjónsdóttir**, áður á Laugarnesvegi 42, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

TÍMAMÓT: TOGARAÚTGERÐ Í LANDINU 100 ÁRA

# Efnt til samkeppni

Sjávarútvegs- og menntamálaráðuneyti standa fyrir samkeppni meðal grunnskóla landsins á þessu skólaári um verkefni sem ber yfirskriftina Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð. Þetta er gert í tilefni af því að 6. mars næstkomandi verða liðin 100 ár frá því fyrsti íslenski togarinn, Coot, kom til heimahafnar í Hafnarfirði.

Verkefni skólanna verður að útbúa sjávarútvegsvef um efnið en afraksturinn á svo að kynna í tengslum við sjómannadaginn. „Verðlaun verða svo veitt á sjávarútvegssýningunni í Kópavogi í september,“ sagði Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra á blaðamannafundi sem ráðuneytin tvö boðuðu til í gær í Kænunni við höfnina í Hafnarfirði. En í vikunni verða send út bréf til allra grunnskóla landsins þar sem verkefnið verður kynnt skólastjórnendum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði verkefnið falla að aðalnámskrá grunnskóla og í raun hægt að tengja það mörgum námsgreinum. „Mjög mikilvægt er að við tengjum börnin undirstöðugreininni sem fleytt hefur okkur til þess nútímasamfélags sem við þekkjum í dag,“ sagði hún og taldi einnig lykilatriði að tengja verkefnið upplýsingatækni sem lögð hafi verið mikil áhersla á í menntakerfinu. Verkefnið verður ekki afmarkað frekar utan yfirskriftarinnar og hafa grunnskólarnir sjálfdæmi um útfærsluna. Þannig má ákveða umfang verkefnisins í hverjum skóla og ákveða hvort það verði unnið af ákveðnum bekkjum, árgöngum eða verði samvinnuverkefni fleiri aldurshópa.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú bestu verkefnin og munu þau koma í hlut viðkomandi skóla, en sérstakri dómnefnd verður falið að meta verkefnin. Tekið verður mið af framsetningu, hugmyndavinnu, fræðslugildi, efnistökum, heildarsvip og fleiri þáttum. Fulltrúum skólanna í þrem efstu sætunum verður síðan boðið á sjávarútvegssýninguna í september 2005 þar sem verðlaunin verða afhent.

Þá eru í burðarliðnum fleiri viðburðir í tengslum við afmælisárið. Sjávarútvegsráðuneytið hefur ákveðið að efna til sérstakrar ráðstefnu um framtíð sjávarútvegsins 4. mars og verður hún haldin á Hótel Nordica í Reykjavík. „Þar verður fjallað um þróun sjávarútvegs á Íslandi og einnig gerð tilraun til að skyggnast fram í tímann um þróun smásöluverslunar í heiminum,“ sagði Árni Mathiesen, en meðal fyrirlesara verða Johann Lindenberg, stjórnarformaður Unilever í Þýskalandi, Quentin Clark, yfirmaður innkaupa á sjávarfangi hjá Waitrose í Bretlandi og Magnús Gústafsson, forstjóri Icelandic í Bandaríkjunum. „Svo verða þarna einnig meðal fyrirlesara Þorsteinn Már Baldvinsson og Elvar Aðalsteinsson útvegsmenn.“

Í tilefni af 100 ára afmælinu hefur bókafélagið Ugla einnig ákveðið að gefa út á ný bók Ásgeirs Jakobssonar um upphaf togveiða við Ísland, Kastað í flóanum, sem út kom árið 1966. Inn í nýju útgáfuna eru fléttaðir kaflar um útgerð Coots úr bók höfundar Hafnarfjarðarjarlinum, Einars sögu Þorgilssonar sem út kom 1987, en Sjávarútvegsráðuneytið og Landssamband íslenskra útvegsmanna styrkja útgáfu bókarinnar. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BLAÐAMANNAFUNDUR Í KÆNUNNI** Bjarni Þór Jónsson, umboðsmaður Nexus Media sem sér um Sjávarútvegssýninguna þriðja hvert ár, Guðrún Lárusdóttir stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis og Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur og sagnfræðingur.



TEIKNING/BJARNI SÆMUNDSSON FISKIFRÆÐINGUR

**TOGARINN COOT** Teikningin er fengin úr bókinni Aldan 100 ára: Saga Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar 1893-1993, eftir Lýð Björnsson.

# Sýning á servíettum

Í anddyri Bókasafns Akraness stendur nú yfir safnarasýning þar sem Margrét Gunnardóttir, starfsstúlka á Sjúkrahúsi Akraness, sýnir servíettur sem hún hefur safnað frá 6 ára aldri, eða í yfir fjörutíu ár. Þá sýnir Margrét einnig hluta af pennasafni sínu.

Á vef Akranesbæjar kemur fram að Margrét eigi í fórum sínum um 7.000 servíettur af ýmsum gerðum, en meðal annars eru sýndar í anddyri bókasafnsins elstu servíetturnar úr safninu. Sýningin er opin á afgreiðslutíma safnsins og lýkur í lok febrúar. ■



**FORMAÐUR BÍ** Róbert Marshall, formaður Blaðamannafélagsins, sagði nýlega upp sem fréttamaður á Stöð 2 eftir mistök í starfi.

# Ræða ábyrgð fréttamanna

Í kvöld efnir Blaðamannafélag Íslands til svokallaðs pressukvölds, en slík kvöld hafa verið haldin nokkrum sinnum á ári þar sem blaða- og fréttafólk ræðir fagleg málefni innan stéttarinnar, oft í tengslum við nýliðna atburði eða hluti sem ofarlega eru á baugi. Yfirskrift pressukvöldsins í kvöld er: Orð og ábyrgð – Ábyrgð fréttamanna og vinnubrögð á fjölmiðlum!

Framsögumenn á pressukvöldi Blaðamannafélagsins verða Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, Pétur Gunnarsson, ritstjóri vefritsins Tímans og skrifstofustjóri Framsóknarflokksins, og Björg Eva Erlendsdóttir, fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Samkoman hefst klukkan átta og fer fram í hliðarhergi Thorvaldsens-bars við Austurvöll í Reykjavík. ■


**Eldri borgarar**
**Eldri borgarar**
**Ferðaklúbbur eldri borgara**
auglýsir 11. daga ferð til Færeyja með Norrænu þann 24.maí til 3. júní.
Farið verður í skoðunarferðir m.a. til Suðureyjar, um Vestmannabjörgin, Klakksvíkur og fleira.
Innifalið í verði er: rúta, gisting, kvöldverðir, siglingar og leiðsögn um Færeyjar. Gist er eina nótt á Akureyri, ein nótt á Hótel Vagar og 5 nætur á Hótel Færeyjar og eina nótt á Hótel Skaftafelli á heimleið.
Verð pr. mann er kr. 109.000
Allir eldri borgarar velkomnir.
Nánari uppl. og skráning er hjá Hannesi í síma 892-3011
**Sumarferðirnar verða auglýstar síðar.**
**Ferðaklúbbur Eldri borgara.**




✝

*Okkar kæra*

**Sigurbjörg Guðjónsdóttir**

lést að Sólvangi, Hafnarfirði, laugardaginn 29. jan. sl.

Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 4. feb. kl. 13.00.

**Guðrún Bjarnadóttir, Geir Þórólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Guðjónsdóttir.**

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1368** Karl VI Frakklandskonungur

**1809** Felix Mendelssohn tónskáld



**1874** Gertrude Stein rithöfundur



**1894** Norman Rockwell listamaður

**1898** Alvar Aalto arkitekt og hönnuður

**1907** James Michener rithöfundur



**1947** Dave Davies gítarleikari Kinks



**1950** Morgan Fairchild leikkona



**1965** Maura Tierney leikkona


Farsími
fyrir allar aðstæður
GSM sími með myndavél og MP3 spilara
Staðreyndir um Samsung!
Annar stærsti farsímaframleiðandi heims! Lægsta bilanatíðni í farsímum!
Stærsti minnisframleiðandi heims! Stærsti flatskjáframleiðandi heims!
Innbyggð stafræn myndavél 1.3 Megapixel myndavél með ljósi, aðdrætti, næturstillingum og birtustilli.
Tri-Band (900/1800/1900) Þennan síma getur þú notað allstaðar í heiminum.
SMS
Íslensk orðabók í SMS Vertu fljótur að pikka inn SMS með nýju íslensku hraðritunarkerfi.
Hátalari Hlustaðu á myndbönd eða MP3 lög án þess að gefa eftir hljómgæði.
64 Polyphonic hringitónar Hafðu flott lög fyrir hringingu. Veldu uppáhalds MP3 lagið þitt og notaðu.
262.000 lita TFT skjár 176 x 220 pixlar Meiri skerpa, bjartari litir, flottari skjár!
96 MB
96 mb innra minni. Geymdu allt sem þú vilt inná símanum. MP3 lög, fyndin myndbönd eða allt að 1.000 myndir
Tölvupóstur Taktu skrifstofuna með þér hvert sem þú ferð! Fáðu tölvupóstinn beint í síman!
MMS
MMS Sendu ljósmyndirnar beint úr símanum í tölvupósti eða sms-i.
Handfrjáls búnaður fylgir Vertu löglegur í umferðinni.
GPRS - Háhraðatenging Gerir þér kleift að vera nettengdur með fartölvunni hvar sem er í heiminum!
Rafhlöðuending Allt að 300 klst í bið og 6 klst í tal
RAUNSTÆRÐ
Stærð 93 x 45 x 23 mm
Þyngd 99 grömm
VAR AÐ LENDA
*4.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
59.988
STAÐGREITT
Samsung dagar í BT
SAMSUNG
Samsung SGH-E330
SGH-E330
• Dual band
• MMS/GPRS/Java
• T9 með íslenskri orðabók
• 65K Litaskjár 6.7 Mb minni
• VGA myndavél með ljósi/Zoom/Multishot
• Númerabirtir með mynd á ytri skjá
• Speaker phone
• Voice clarity umhverfishljóðsíun
• Handfrjáls búnaður fylgir
• 85 grömm
Takmarkað magn
27.999
SAMSUNG
Samsung SGH-X460
SGH-X460
• Dualband 900/1800
• Full MMS (Upptaka, myndir og tónar)
• Innri skjár: 65.000 lita / Ytri skjár s/h
• GPRS Class 10, 40 polyfóna hringitónar
• Java, Infra-rautt tengi, WAP 2.0
• 1000 nafna símaskrá
• Skeiðklukka, niðurteljari 2 vekjarar
• T9 Styður séríslenska stafi
• 75 gr
19.999
ótrúlegt tilboð
SAMSUNG
Samsung SGH-A800
SGH-A800
• Dual Band (900 og 1800 Mhz)
• Þyngd: 68 gr.
• Biðtími: 90 - 110 klst.
• Taltími: 150 - 180 mín.
• Polifoniskir hringitónar
• Númeraminni í síma: 2000
• SMS minni 200 skilaboð
• EMS, WAP 1.2.1
• Handfrjálsbúnaður fylgir
12.999
Botn verð
BT
*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

**sport**
sport@frettabladid.is

**Við hrósum ...**

... hinum unga Hjálmari Þórarinssyni fyrir frábæra frammistöðu í fyrsta leik sínum með skoska félaginu Hearts. Hann skoraði mark í leik liðsins gegn Motherwell í skoska deildarbikarnum



*„Á öllum sínum ferli hefur hann skorað 9,3 mörk að meðaltali á tímabili. Helmingur þessara marka er ekki einu sinni í efstu deild. Það er engan veginn nógu gott fyrir framherja hjá félagi eins og Newcastle.“*

***Graeme Souness, knattspyrnustjóri Newcastle, sendi Craig Bellamy kaldar kveðjur eftir að hann yfirgaf félagið***



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

31 1 2 **3** 4 5 6

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 20.00 **Afturelding** og **Fram** eigast við á Varmá í 1. deild karla í handknattleik.
- 20.15 **ÍS** og **Keflavík** eigast við í Kennaraháskólanum í 1.deild kvenna í körfuknattleik.

### SJÓNVARP

- 14.50 **Handboltakvöld** á Rúv.
- 15.10 **HM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Svíþjóðar** og **Þýskalands**.
- 16.45 **HM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Grikklands** og **Tékklands**.
- 18.00 **Olíssport** á Sýn.
- 19.15 **The World Football Show** á Sýn. Fótbolti um víða veröld.
- 19.45 **Inside the US PGA Tour 2005** á Sýn. Sýnt frá bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 20.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 21.00 **Íslandsmótið í bekkpressu** á Sýn.
- 21.30 **World's Strongest Man 2004** á Sýn. Sterkasti maður heims 2004.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.

# Hvaða leikmenn eiga að vera í vörninni?

**Fréttablaðið fékk þrjá þjálfara í efstu deild karla til að stilla upp varnarlínu íslenska landsliðsins eins og þeir vilja sjá hana. Ekki eru allir á sama máli um hvaða afbrigði henti liðinu best.**

**HANDBOLTI** Mikið hefur verið rætt og skrifað um varnarleik þann sem íslenska landsliðið bauð upp á í Túnis þar sem HM í handbolta fer fram þessa dagana. Flestir eru sammála um að hann hafi ekki verið burðugur – í reynd sá versti sem sést hefur frá íslensku landsliði í áraraðir.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri einstaklega erfitt að að púsla saman góðri vörn hjá liðinu þar sem það væri einfaldlega verulegur skortur á góðum íslenskum varnarmönnum í dag. Viggó lét lið sitt spila ýmis afbrigði af varnarleik í Túnis; best gafst 5-1 vörnin með annaðhvort Arnór Atlason eða Alexander Peterson sem fremsta mann, en allir geta verið sammála um að 3-2-1 vörnin, sem Viggó hefur látið lið sín spila í gegnum tíðina, var skelfileg og gekk engan veginn upp á mótinu. Viggó hefur sagt að hann hafi ekki mannskap til að leika hina flötu 6-0 vörn sem íslenska liðið hefur venjulega spilað í gegnum tíðina og því kjósi hann að notast ekki við það varnarafbrigði.

Skiptar skoðanir eru um hvernig menn vilja sjá varnarlínu íslenska liðsins og fékk Fréttablaðið þrjá kunna þjálfara til að stilla upp varnarlínunni eins og þeir vilja sjá hana. Þetta eru þeir Júlíus Jónasson, þjálfari ÍR, Árni Stefánsson, þjálfari FH, og Sigurður Bjarnason, fyrrum þjálfari Stjörnunnar. Allir hafa þeir mismunandi sýn á því hvers konar varnartaktík henti liðinu best og vilja allir sjá ákveðnar mannabreytingar í vörn liðsins. Gengið var út frá því að þeim stæði allir heilir leikmenn til boða, auk þess sem Jalesky Garcia var gjaldgengur þar sem ekki eru allir á einu máli um hvernig tekið var á því máli áður en keppnin hófst.

vignir@frettabladid.is



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Átti í mesta basli með að finna þá varnaraðferð sem hentaði íslenska liðinu best á HM í Túnis. Fréttablaðið/Andreas Walz



**VÖRN SIGURÐAR:**
Flöt 6–0






**VÖRN ÁRNA:**
3–2–1






**VÖRN JÚLÍUSAR:**
Aggresív 6–0




## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BIRMINGHAM–SOUTHAMPTON | 2–1 |

1-0 Pandiani (12.), 2-0 Blake, víti(41.), 2-1 Camara (52).

| | |
|---|---|
| FULHAM–ASTON VILLA | 1–1 |

0-1 Angel (55.), 1–1 Lee Clark (90.)

| | |
|---|---|
| MAN. CITY–NEWCASTLE | 1–1 |

0-1 Shearer (9.), 1-1 Fowler, víti (49.).

| | |
|---|---|
| BLACKBURN–CHELSEA | 0–1 |

0-1 Robben (5.)

| | |
|---|---|
| EVERTON–NORWICH | 1–0 |

1–0 Duncan Ferguson (78.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 25 | 20 | 4 | 1 | 49–8 | 64 |
| **MAN. UTD** | **25** | **15** | **8** | **2** | **41–16** | **53** |
| ARSENAL | 25 | 15 | 6 | 4 | 55–29 | 51 |
| **EVERTON** | **25** | **14** | **5** | **6** | **29–25** | **47** |
| LIVERPOOL | **25** | **12** | **4** | **9** | **38–26** | **40** |
| **MIDDLESB.** | **25** | **10** | **7** | **8** | **40–35** | **37** |
| CHARLTON | 25 | 11 | 4 | 10 | 29–35 | 37 |
| **BOLTON** | **25** | **10** | **6** | **9** | **34–32** | **36** |
| TOTTENH. | 25 | 9 | 6 | 10 | 30–29 | 33 |
| **MAN. CITY** | **25** | **8** | **8** | **9** | **31–27** | **32** |
| A. VILLA | 25 | 8 | 8 | 9 | 28–30 | 32 |
| **PORTSM.** | **25** | **8** | **6** | **12** | **28–35** | **30** |
| NEWCASTLE | 24 | 7 | 8 | 9 | 35–41 | 29 |
| **FULHAM** | **25** | **8** | **5** | **12** | **32–41** | **29** |
| BIRMINGH. | 25 | 7 | 8 | 10 | 29–31 | 29 |
| **BLACKB.** | **25** | **5** | **10** | **10** | **21–35** | **25** |
| C. PALACE | 25 | 5 | 7 | 13 | 29–39 | 22 |
| **SOUTH.** | **25** | **3** | **9** | **13** | **26–41** | **18** |
| NORWICH | 25 | 2 | 11 | 12 | 23–47 | 17 |
| **WBA** | **25** | **2** | **11** | **12** | **21–46** | **17** |

### *DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| GRÓTTA/KR–FRAM | 29-20 |

**Mörk Gróttu/KR:** Arna Gunnarsdóttir 7, Ragna Karen Sigurðardóttir 7, Eva Margrét Kristinsdóttir 5, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Árdís María Erlingsdóttir 2, Gerður Rún Einarsdóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2.

**Mörk Fram:** Sara Sigurðardóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Eva Hrund Harðardóttir 3, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3, Elísa Ósk Viðarsdóttir 1, Guðrún Þóra Halldórsdóttir 1, Marthe Sördal 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 14 | 13 | 0 | 1 | 423–326 | 26 |
| **ÍBV** | **14** | **11** | **0** | **3** | **419–364** | **22** |
| STJARNAN | 14 | 8 | 1 | 5 | 367–336 | 17 |
| **VALUR** | **14** | **8** | **0** | **6** | **343–339** | **16** |
| FH | 13 | 4 | 2 | 7 | 348-382 | 10 |
| **VÍKINGUR** | **13** | **4** | **0** | **9** | **318–348** | **8** |
| GROTTA/KR | 14 | 3 | 0 | 11 | 313–362 | 6 |
| **FRAM** | **14** | **2** | **1** | **11** | **306–381** | **5** |

Chelsea sigraði enn eina ferðina í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöld:

# Hélt hreinu áttunda leikinn í röð

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho og lærisveinar hans í Chelsea eru komnir með aðra hönd á Englandsmeistaratitilinn eftir 1–0 sigur gegn Blackburn í gærkvöld. Eftir leikinn í gær er Chelsea komið með 11 stiga forystu á toppi deildarinnar og fátt í spilamennsku liðsins sem bendir til þess að þeir verði stöðvaðir.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea og lagði upp sigurmark leiksins fyrir hollenska snillinginn Arjen Robben. Frank Lampard átti langa sendingu upp völlinn sem Eiður Smári skallaði fyrir fætur Hollendingsins sem var ekki í vandræðum með að skora.

Robben fór síðan meiddur af velli á 11. mínútu. Eiði Smára tókst heldur ekki að klára leikinn en honum var skipt út af á 82. mínútu fyrir Mateja Kezman.

Það sem gerði þennan leik enn merkilegri fyrir Chelsea var sú staðreynd að hinn ótrúlegi markvörður liðsins, Petr Cech, bætti met Danans Peters Schmeichel yfir flestar mínútur sem markvörður í ensku úrvalsdeildinni hefur haldið hreinu en það met setti Schmeichel árið 1997.

Schmeichel hélt hreinu í 694 mínútur þá leiktíð en Cech er nú þegar búinn að halda hreinu í 781 mínútu sem er með hreinum ólíkindum. Hann hefur haldið hreinu í átta leikjum í röð og sá síðasti til að skora gegn Tékkanum stóra var Thierry Henry 12. desember síðastliðinn. Í raun er Henry sá eini sem hefur skorað hjá Cech í deildinni síðan 20. nóvember.

Cech er samtals búinn að halda hreinu í 19 af 25 leikjum Chelsea á leiktíðinni.




**SJÓÐHEITUR** Arjen Robben reyndist Chelsea dýrmætur enn eina ferðina í gærkvöld þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Blackburn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Ítalska A-deildin*

| | |
|---|---|
| FIORENTINA–PALERMO | 1-2 |

0-1 Lucatelli, sjálfsmark (58.), 0-2 Gonzalez (68.), 1-2 Miccoli (70.).

| | |
|---|---|
| INTER–ATALANTA | 1-0 |

1-0 Martins (31.)

| | |
|---|---|
| JUVENTUS–SAMPDORIA | 0-1 |

0-1 Diana (33.).

| | |
|---|---|
| LAZIO–BRESCIA | 0-0 |
| LECCE–ROMA | 1-1 |

0-1 Giacomazzi, sjálfsmark (49.), 1-1 Vucinic (78).

| | |
|---|---|
| LIVORNO–REGGINA | 1-1 |

0-1 Paredes (15.), 1-1 Vidigal (84.)

| | |
|---|---|
| MESSINA–AC MILAN | 1-4 |

0-1 Crespo (8.), 0-2 Tomasson (17.), 1-2 Zampagna (29.), 1-3 Crespo (63.), 1-4 Tomasson (90.).

| | |
|---|---|
| SIENA–CAGLIARI | 2-2 |

1-0 Chiesa (4.), 2-0 Flo (37.) 1-2 Lopez (58.), 2-2 Bianchi (84.).

| | |
|---|---|
| UDINESE–CHIEVO | 3-0 |

1-0 Jankulovski (47.), 2-0 Moro, sjálfsmark (52.), 3–0 Iaquinta (82.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| JUVENTUS | 22 | 15 | 5 | 2 | 38–13 | 50 |
| **AC MILAN** | **22** | **13** | **6** | **3** | **39–15** | **45** |
| INTER | 22 | 8 | 14 | 0 | 42–27 | 38 |
| **UDINESE** | **22** | **11** | **4** | **7** | **31–21** | **37** |
| **SAMPDORIA** | **22** | **10** | **5** | **7** | **23–17** | **35** |
| ROMA | **22** | **9** | **7** | **6** | **41–33** | **34** |
| **PALERMO** | **22** | **8** | **8** | **6** | **21–16** | **32** |
| REGGINA | 22 | 8 | 7 | 7 | 21–22 | 31 |
| CAGLIARI | 22 | 8 | 6 | 8 | 30–35 | 30 |
| **LECCE** | **22** | **7** | **8** | **7** | **38–39** | **29** |
| BOLOGNA | 21 | 7 | 6 | 8 | 21–20 | 27 |
| **MESSINA** | **22** | **7** | **6** | **9** | **27–36** | **27** |
| LIVORNO | 22 | 7 | 6 | 9 | 25–29 | 27 |
| **CHIEVO** | **22** | **6** | **7** | **9** | **20–32** | **25** |
| LAZIO | 22 | 6 | 6 | 10 | 28–33 | 24 |
| **FIORENTINA** | **22** | **5** | **8** | **9** | **21–27** | **23** |
| PARMA | 21 | 5 | 7 | 9 | 21–32 | 22 |
| **SIENA** | **22** | **3** | **11** | **8** | **18–30** | **20** |
| BRESCIA | 22 | 5 | 5 | 12 | 15–28 | 20 |
| **ATALANTA** | **22** | **1** | **8** | **13** | **15–30** | **11** |

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Fregnir herma að **Rudy Tomjanovich**, þjálfari Los Angeles Lakers í NBA-körfuboltanum, ætli að hætta að þjálfa liðið vegna hrakandi heilsufars. Samkvæmt talsmanni Lakers hefur ekkert verið ákveðið að svo stöddu en þjálfarinn athugar nú vandlega þá kosti sem eru í boði. Þó nokkrir þjálfarar hafa nú þegar verið orðaðir við Lakers, t.d. **Mike Krzyzewski**, þjálfari Duke-háskólans og **Jim Calhoun** hjá Connecticut.



**Patrick Vieira**, fyrirliði Arsenal, neitar að hafa hótað **Gary Neville** fyrir leik Arsenal og Manchester United. **Vieira** er sagður hafa ógrað **Neville** þegar leikmenn gerðu sig líklega til að hlaupa inn á völlinn. **Vieira** lenti svo í stimpingum við **Roy Keane** og þurfti dómari leiksins að stía þá í sundur. „Ég hótaði ekki neinum. Leikmennirnir eru nógu stórir til að hugsa um sig sjálfir," sagði **Vieira**.



Lið Detroit Pistons fór í heimsókn í Hvíta húsið til **George Bush** Bandaríkjaforseta. **Chauncey Billups** afhenti forsetanum Pistons-búning með númerinu 04 aftan á. **Bush** þakkaði pent fyrir sig og óskaði Pistons-mönnum til hamingju með titilinn. „Enginn bjóst við að þið mynduð vinna þannig að ég veit hvernig ykkur líður," sagði **Bush**.



**Emmitt Smith**, leikmaður Arizona Cardinals í NFL-deildinni, er sagður ætla að hætta í bandaríska fótboltanum. **Smith** vann á sínum tíma þrjá titla með Dallas Cowboys á 10. áratugnum en skipti yfir í Cardinals árið 2003. Hann þvertók fyrir að skórnir væru á leiðinni á hilluna. „Sáuð þið tímabilið mitt í fyrra? Finnst ykkur ég vera tilbúinn að hætta?" sagði **Smith** sem er 35 ára gamall og segist eiga nóg eftir.



**Terrell Owens** hjá Philadelphia Eagles í NFL verður að öllum líkindum orðinn heill þegar liðið mætir New England Patriots í Ofurskálinni á sunnudaginn. **Owens** fótbrotnaði í síðasta mánuði en segist engu að síður vera tilbúinn í slaginn. „Hér er ég, ég ætla að spila og ekkert múður," sagði **Owens**. Læknar Eagles-liðsins fullyrtu að piltinum þyrfti lengri tíma til að ná bata en **Owens** lét það sem vind um eyrun þjóta. „Ég virði skoðanir læknanna en enginn þekkir líkama minn betur en ég sjálfur."



Rifrildið milli knattspyrnustjórans **Graeme Souness** og **Craig Bellamy** ætlar engan endi að taka þrátt fyrir að **Bellamy** sé haldinn á brott frá Newcastle og genginn til liðs við Celtic. **Souness** lét hafa eftir sér á dögunum að **Bellamy** hefði ekki verið nógu góður fyrir lið sitt. „Pilturinn hefur skorað 9,3 mörk að meðaltali á tímabili á ferlinum. Hann er ekki nógu góður fyrir okkur því við þurfum framherja sem er nærri 20 marka múrnum," sagði **Souness**.






**NORÐMENN FAGNA** Markvörðurinn Steinar Ege, varnartröllið Johnny Jensen og Borge Lunde sjást hér fagna sigrinum gegn Svíum. Fréttablaðið/AP

# Geta orðið heimsmeistarar

**Sænska hetjan Staffan Olsson hefur trú á Norðmönnum á heimsmeistaramótinu í handbolta sem fram fer í Túnis.**

**HM Í HANDBOLTA** Sænska handboltagoðsögnin Staffan Olsson segist ekki hafa verið hissa á því að Norðmenn hafi unnið Svía á heimsmeistaramótinu í handbolta í Túnis á þriðjudagskvöldið.

„Ég ætla ekki að monta mig en ég benti á styrk Norðmanna í tveimur dagblöðum áður en heimsmeistaramótið byrjaði og varaði sænska liðið við þeim," sagði hinn fertugi Olsson sem er hættur að spila með sænska landsliðinu eftir tæplega tveggja áratuga nær samfellda sigurgöngu. Sigurganga sænska liðsins hófst á heimsmeistaramótinu í Tékkóslóvakíu árið 1990 og Olsson er á því að Norðmenn geti leikið það eftir í Túnis og á næstu árum.

„Norska liðið með fimm til sex frábæra leikmenn sem spila með bestu liðum Evrópu og í liðinu er góð blanda eldri og yngri manna. Flestir leikmanna liðsins eru á aldrinum 27 til 32ja ára og eru með alþjóðlega reynslu. Ég hef reyndar beðið eftir því í nokkurn tíma að norska liðið slái í gegn."

Olsson sagði norska liðið betra en það sænska í dag. „Þetta norska lið er líka reynslumeira og samstilltara en við vorum árið 1990 og miðað við ganginn og sjálfstraustið sem er í liðinu núna er ekkert ómögulegt. Ég ætla ekki að spá því að Norðmenn verði heimsmeistarar en þeir gætu orðið það," sagði Olsson.

oskar@frettabladid.is



**STAFFAN OLSSON** Hefur haft tröllatrú á Norðmönnum í nokkurn tíma og varaði sænska landsliðið við því norska fyrir heimsmeistaramótið.

Reshea Bristol líklega á leið til Keflavíkur:

# Vill koma á nýjan leik til Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Ágætis líkur eru á að Reshea Bristol, sem lék með meistaraflokki kvenna í Keflavík fyrri lungann úr tímabilinu í 1. deild kvenna, muni snúa aftur til Keflavíkur.

Bristol þurfti frá að hverfa eftir að fjölskylda hennar lenti í bílslysi og var hún kvödd heim af sínum nánustu eftir það. Í hennar stað kom LaToya Rose en hún bjó ekki yfir þeim eiginleikum sem Keflvíkingar leituðust eftir og var látin fara eftir tvo leiki.

Þessar þreifingar hafa reynst Keflavíkurstúlkum dýrkeyptar en þær hafa tapað þremur síðustu leikjum, þar af undanúrslitum bikarkeppninnar. Liðið tapaði hins vegar ekki leik með Bristol innanborðs enda skilaði hún liði sínu 21,5 stigum, 8,4 fráköstum, 7,75 stoðsendingum og 6,75 stolnum boltum að meðaltali í leik.

Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Keflavíkur, sagði í samtali við Fréttablaðið að málið væri á lokastigi. „Hún vill koma aftur og er að kanna hvort aðstæður leyfi það," sagði Sverrir. „Fari svo að hún komi ekki munum við leita okkar að nýjum erlendum leikmanni."

smari@frettabladid.is




**RESHEA BRISTOL, FYRRUM LEIKMAÐUR KEFLVÍKINGA** Keflavík tapaði ekki leik með Bristol innanborðs áður en hún þurfti frá að hverfa.



**ÁSGEIR ELÍASSON** Þjálfari Þróttar ætlar að fá einn nýjan framherja til að styrkja liðið fyrir Landsbankadeildina í sumar.

Landsbankadeild karla:

# Þróttur að fá liðsstyrk

**FÓTBOLTI** Lið Þróttar í knattspyrnu er komið langt á veg í viðræðum við erlendan framherja um að hann spili með liðinu í sumar í Landsbankadeildinni. Að sögn Guðmundar Vignis Óskarssonar, framkvæmdastjóra félagsins, er um að ræða mjög sterkan leikmann en hann sagði jafnframt að málið sé á því stigi að hann geti hvorki gefið upp nafn hans né þjóðerni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er að um að ræða öflugan framherja frá einu af Norðurlöndunum sem skorað hefur mikið af mörkum á sínum ferli. Þróttarar höfðu áður fengið serbneska varnarmanninn Dusan Jaic til liðs við sín og segir Guðmundur Vignir að ef samningar náist við erlenda framherjann hafi liðið lokið sér af á leikmannamarkaðnum fyrir sumarið. ■



**ARSENE WENGER** Knattspyrnustjóri Arsenal hefur gefist upp í baráttunni gegn Chelsea.

Arsene Wenger:

# Játar sig sigraðan

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur gefið upp alla von um að lið hans hampi meistaratitlinum á Englandi í vor. Eftir tapið gegn Manchester United í fyrrakvöld metur hann stöðuna svo að Arsenal sé orðið of langt á hæla Chelsea til að hægt sé að vinna forskotið upp.

„Við ætlum ekki að gefast upp en forskot Chelsea er einfaldlega orðið of mikið. United á veika von um að ná þeim en ég held að Chelsea eigi titilinn vísann núna. Það er þó mikið stolt í okkar herbúðum og við munum því halda áfram að berjast," sagði Wenger.

Knattspyrnustjórinn vildi ekki kenna markverði sínum Almunia um þriðja mark United í leiknum, þar sem hann þótti gera mistök sem kostuðu mark og kenndi frekar vörninni í heild um ósigurinn.

„Vörn okkar var slök í fyrsta, öðru og þriðja marki þeirra og þessi mistök sem við vorum að gera eru eitthvað sem við vorum ekki að gera á síðasta tímabili. Eftir að United gerði þriðja markið var svo eins og sjálfstraust minna manna dvínaði og niðurstaðan var þægilegur sigur Manchesterliðsins." ■




FÖRÐUNARSKÓLI
MAKE UP FOR EVER
á Íslandi



13 vikna nám í ljósmynda- og tískuförðun hefst 14. febrúar.

Skráning og upplýsingar eru í síma 564 0406 og á makeup@fjoltengi.is. Góð greiðslukjör.

FÖRÐUNARSKÓLI MAKE UP FOR EVER á Íslandi

Hamraborg 7
Hamrabrekkumegin.
Sími 564 0406



# STUÐ MILLI STRÍÐA : Ég varð aldrei kóngur

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** RIFJAR UPP ÖSKUDAGA



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það fer að koma öskudagur. Ein af mínum fyrstu minningum er dagurinn sem amma klæddi mig í hvítan prinsessukjól og málaði mig. Svo gengum við niður í miðbæ Akureyrar, einhver laumaðist til að næla í okkur öskupoka og svo var kötturinn sleginn úr tunnu. Ég man reyndar ekki eftir að hafa tekið þátt í því athæfi. Líklega var ég of mikil prinsessa í fína hvíta kjólnum. En þegar ég var eldri reyndi ég hvað ég gat að verða tunnu- eða kattarkóngur þegar kötturinn var sleginn úr á Dalvík.

Öskupokarnir eru svo gott sem horfnir, enda ekki hægt að lauma neinu á fólk með nútíma öryggisnælum. Tunnurnar hafa líka mikið breyst í aldanna rás. Einhver hefur sagt mér að í tunnunum hafi verið dauður köttur. Um það veit ég ekki. Hins vegar var lengi vel dauður mávur sem hékk í tunnunni. Það veit ég að er satt, því það var í tunnunum þegar ég var að slá. Svo eitt árið var skipt um. Kannski fannst einhverjum of mikið lagt á börnin að hafa hræ hangandi í tunnunni. Kannski vildi fólk bara vera gott við börnin og fylla hana með einhverju góðgæti. Eitt árið var nefnilega engan máv að finna, heldur hrundu Svalafernurnar út, þegar botninn datt. Það eyðilagði alveg von um einn konungstitilinn. Það er ekki hægt að verða kattarkóngur þegar enginn er kötturinn (eða ígildi hans). Svalinn eða nammið slær út heiðurinn að fá að verða kattarkóngur. Þetta var reyndar titill sem ég fékk aldrei og það er lítil von til þess að ég nái konungstign héðan af.

Eftir átökin var svo farið og sungið í búðum. Og við fengum að klára að syngja lögin okkar. Þrátt fyrir að allir krakkarnir hafi komið á undan okkur og sungið. Við fórum saman í sönghópum, sem tók langan tíma að skipuleggja og æfa. Ekki var hægt að ætlast til að fá nammi fyrir falskt lag sem enginn í hópnum kunni. Fyrir hönd allra þeirra sem fá að njóta söngs á öskudag, vona ég að krakkarnir taki þetta til íhugunar. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ÞÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




MANSTU EFTIR SYKRI?




EKKI ÉG HELDUR

ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR

ENNEMM / SÍA / NM14886

■ SÖNGLEIKUR

# Rokkguðir og glyspíur í frumskóginum

Nemendamót Verzlunarskóla Íslands er í kvöld og hafa krakkarnir sett upp heljarinnar sýningu í Loftkastalanum í tilefni þess. Tvær sýningar eru í kvöld fyrir nemendur skólans en fyrsta sýning fyrir almenning er á sunnudaginn næstkomandi.

„Æfingarnar og allt í kringum sýninguna hefur gengið svakalega vel. Myndband við íslenska útgáfu af laginu Welcome To The Jungle er komið í spilun á Popptíví en það er Friðrik Dór Jónsson sem syngur lagið," segir Valgerður Halldórsdóttir markaðsstjóri sýningarinnar. Söngleikir Verzlunarskólans hafa verið gífurlega vinsælir í gegnum árin og hefur sýningum á sumum stykkjunum jafnvel verið haldið áfram langt fram á sumar.

Margir hæfileikaríkustu söngvarar og leikarar landsins hafa stigið sín fyrstu skref í leikritum skólans og til dæmis er ein Idol stjarnan, Aðalheiður Ólafsdóttir, gömul stjarna úr sýningum Verzlunarskólans. Sýningin í ár nefnist Welcome To The Jungle og er þemað í ár glysrokk tímabilsins þegar hljómsveitir eins og Guns'n'Roses, Kiss, Aerosmith og Bon Jovi voru í eldlínunni. Krakkarnir stefna á að sýna 19 sýningar en ef vel gengur gætu fleiri sýningar bæst við.

Að sögn Valgerðar er sýningin stórglæsileg í ár. „Strákarnir hafa umbreyst í stælta rokkguði og stúlkurnar í glyspíur og þetta er jafnvel stærsti söngleikur Verzló hingað til. Við vonum að flestir mæti á þessa hressu sýningu okkar sem er stútfull af stuðlögum og flottum dönsum."

**hilda@frettabladid.is**



**WELCOME TO THE JUNGLE** Verzlunarskóli Íslands frumsýnir söngleikinn í dag og er fyrsta sýning fyrir almenning á sunnudaginn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Angelina Jolie** segist fá meira út úr sjálfboðastarfi sínu sem fulltrúi Sameinuðu Þjóðanna en að leika. Jolie hefur ferðast víða um heim ásamt syni sínum til að hjálpa fátæku fólki og líkar það ákaflega vel. Hún segist oft eiga erfitt með að byrja að leika í bíómynd eftir að hafa starfað sem sjálfboðaliði því það starf sé mun meira gefandi.



**Sacha Baron Cohen**, sem sló í gegn sem Ali G, flettir fasteignablöðum um þessar mundir í leit að nýju húsi ásamt unnustu sinni Isla Fisher. Ástæðan er sú að þau skötuhjú bjuggu í glæsivillu Jennifer Aniston í Hollywood, sem vill nú fá hana til baka eftir skilnaðinn við Brad Pitt. Cohen og Isla ætla að ganga upp að altarinu á þessu ári í heimabæ hennar, Perth í Ástralíu.



Skoska hljómsveitin **Franz Ferdinand** hefur verið tilefnd til fimm NME-verðlauna. Sveitin er m.a. tilefnd sem besta breska hljómsveitin ásamt Kasabian, The Libertines, Muse og Snow Patrol. Verðlaunin verða afhent í London 17. febrúar.



Fyrsta smáskífulag rapparans **50 Cent** af nýjustu plötu sinni, The Massacre, nefnist Candy Shop og kemur það út 7. mars. Platan sjálf kemur út tveimur vikum síðar.



**Kate Winslet** hefur keypt tæplega þriggja milljón dollara íbúð í New York. Hún keypti íbúðina með eiginmanni sínum, **Sam Mendes.** „Kate féll kylliflöt fyrir Chelsea svæðinu í New York og ákvað að kaupa íbúð þar. Þessi staður verður henni alltaf kær," sagði heimildamaður. Kate fæddi son sinn Joe síðast þegar hún bjó í New York.



**Beyoncé Knowles** hefur beðið Coldplay söngvarann **Chris Martin** að syngja dúett með sér. „Ég hef gert nokkra dúetta í gegnum árin en vildi gjarnan vinna með Coldplay. Það væri frábært að fá tækifæri til þess að syngja með Chris," sagði Beyoncé. Chris hefur þegar sungið dúett með söngkonunni Jamelia.





# tónlist

**Í spilaranum hjá ritstjórninni**

**... and you will know us by the trail of dead:** Worlds Apart, **Xiu Xiu:** Fabulous Muscles, **Vilhjálmur Vilhjálmsson:** Hananú og **Chemical Brothers:** Push the Button.

*„Everybody wants to be from the ghetto, but nobody wants to be poor.“*

*- Dizzie Rascal hittir naglann á höfuðið á síðustu plötu sinni Showtime.*

## Usher með fimm tilnefningar

Tónlistarmaðurinn Usher hefur verið tilnefndur til fimm Soul Train-verðlauna en þau verða afhent í Hollywood þann 28. febrúar.

Hann er meðal annars tilnefndur fyrir bestu R&B plötuna og fyrir bestu smáskífuna. Nýliðinn Ciara, sem hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu, kemur næst á eftir Usher með fjórar tilnefningar. Alicia Keys er tilnefnd til þriggja verðlauna, en hún gaf út plötuna The Diary of Alicia Keys fyrir nokkru síðan. ■



**USHER** Usher er tilnefndur til fimm Soul Train-verðlauna.



**BJÖRK** Er í aðalhlutverki í kvikmyndinni Gargandi snilld eftir Ara Alexander. Hún gegnir hlutverki einhvers konar sögumanns.

Heimildarmyndin Gargandi snilld, sem fjallar um íslenska tónlist í gegnum aldirnar, verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg á morgun.

# Engir álfar og tröll

Á föstudag verður heimildarmyndin Gargandi snilld frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg. Þetta er án efa viðamesta kvikmynd sem gerð hefur verið um íslenska tónlist. Hún hefur verið ein tvö ár í vinnslu og er framleidd af Sigurjóni Sighvatssyni ásamt ZikZak og leikstýrt af Ara Alexander.

Kvikmyndatökur hafa staðið yfir í tæp tvö ár og hafa margar sveitir komið þar við sögu. Sú útgáfa myndarinnar sem sýnd verður í Gautaborg á morgun er rétt undir 90 mínútum að lengd þannig að framlag margra sveita endaði á gólfi klippiherbergisins. Einhverjar þeirra munu þó anda örlítið léttar þegar myndin verður tekin til sýningar hér, en þá verður um lengri útgáfu að ræða.

„Það voru alveg rosalega fínir hlutir sem voru að fara,“ segir Ari Alexander í símanum frá London þar sem hann var að leggja lokahönd á myndina á þriðjudag. „Við viljum líka gera lengri útgáfu þegar myndin kemur á DVD. Fyrsta útgáfa myndarinnar var tveir og hálfur tími, svo klipptum við niður í 100 mínútur. Eftir það vildi Sigurjón stytta enn þá meira. Hans heimspeki gengur út á það að þegar fólk labbar út úr bíóinu þá á það að vilja meira. Við erum samt orðin ansi ánægðir með myndina.“

**Björk og Sigur Rós í aðalhlutverki**

Það má segja að Björk og Sigur Rós séu í aðalhlutverki myndarinnar. Björk er eins konar sögumaður ásamt Hilmari Erni Hilmarssyni. Á meðal þeirra sem koma fram eru Mugison, Múm, Vínyll, Slowblow, Eivör Pálsdóttir, Singapore Sling og Nilfisk. Kvikmyndagerðarfólkið var svo heppið að ná að kvikmynda ævintýri ungu sveitarinnar frá Stokkseyri þegar Foo Fighters gekk inn á æfingu til þeirra og bauð þeim að taka lagið með sér í Laugardalshöll.

„Sú saga er svo brjáluð,“ segir Ari um Nilfisk. „Það sýnir að hér getur allt gerst. Þarna er sveit að spila í bílskúr í litlu fiskiþorpi á Íslandi. Það næsta sem hún veit, þá er hún að spila uppi á sviði í Laugardalshöll á undan heimsfrægri hljómsveit. Hrafnagaldur Óðins, sem Sigur Rós gerði, spilar svo stóra rullu. Við fylgjumst með undirbúningnum fyrir það í Húsafelli, úr Þorrablóti og upp á svið á Listahátíð.“

Öll tónlistaratriðin í myndinni eru í lifandi flutning og í flestum tilvikum hljóðblönduð síðar af sveitunum.

Myndin fjallar ekki bara um þá íslensku tónlist sem er í gangi í dag, heldur fer hún aðeins ofan í söguna. Ari segir þó að þeir hafi reynt að forðast það að gera myndina of fræðilega þó að þeir dansi fína línu á milli fræðimennsku og skemmtanagildis.

„Í myndinni fylgjum við því svolítið hvernig Björk og Hilmar hafa séð íslensku poppsöguna. Við höldum samt tengslum við gamla drauga.Við klipptum t.d. út úr henni kafla um Hljóma og Keflavík, en hann verður settur inn aftur fyrir íslensku útgáfuna. Við vildum fjalla um framsækna tónlist en sveitir á borð við Flowers og Ævintýri voru ekkert voðalega frumlegar, þó þær væru fínar.“

**DNA bætur frá Írlandi**

Íslensk náttúra, álfatal, kindur og huldufólk hafa oft blandast inn í umfjöllun erlendra blaðamanna um íslenska tónlist. Í myndinni eru gerðar tilraunir til þess að forðast það.

„Við erum ekki í álfastemmningunni. Mugison segir í viðtalinu að hann sé alltaf spurður út í Björk og Sigur Rós, álfa og tröll. Svo segir hann að það sé allt gott og blessað en að hann sé nú bara alinn upp við sveitaböllin og bændur. Við erum svolítið að snúa upp á þetta. Í myndinni segjum við t.d. frá því að Íslendingar séu komnir af Norðmönnum en á leiðinni til Íslands stoppuðu víkingarnir á Írlandi til þess að manna skip sín þrælum, eða fallegum konum. Þannig höfum við bætt DNA-kóða okkar og orðið að meira ljóðrænni þjóð,“ segir Ari og hlær. „Eins Steindór segir þegar hann opnar Hrafnagaldur; „Við sömdum þetta verk sem mörgum finnst lélegt. En mér finnst það gott, sérstaklega þegar ég er fullur“. Við erum að reyna að taka þennan uppskafning sem fylgir oft fræðimennskunni.“

Myndin verður að öllum líkindum frumsýnd hér á landi í mars eða byrjun apríl.

**biggi@frettabladid.is**



**SIGUR RÓS** Hrafnagaldur sveitarinnar gegnir stóru hlutverki í myndinni.

## Drottningarnar hreyfa sig

Það er víst ekki mjög auðvelt að vinna með Josh Homme, söngvara Queens of the Stone Age, þegar kemur að myndbandasmíðum. Söngvarinn krafðist þess á dögunum að nokkrar senur í nýju myndbandi sveitarinnar yrðu endurskotnar þar sem hann myndi sjálfur leikstýra.

Leikstjórinn Nathan „Karma“ Cox, sem er þekktastur fyrir verk sín með Linkin Park og Marylin Manson, var búinn að skila af sér myndbandinu fyrir smáskífulagið Little Sister en hljómsveitarstjórinn var ekki sáttur. Nýju tökurnar voru gerðar um helgina og ætti myndbandið að skila sér til sjónvarpsstöðva innan skamms.

Queens of the Stone Age eru við það að gefa út breiðskífuna Lullabies to Paralyze en hún var fullunnin á fimm vikum, sem þykir ekki mikill tími í dag. Nýja breiðskífan kemur út í mars. ■



**MEÐ BASSALEIKARANUM FYRRVERANDI** Nick Oliveri, fyrrum bassaleikari sveitarinnar, hefur fengið að kynnast því hve erfitt er að vinna með söngvaranum Josh Homme.



## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### ...And You Will Know Us by the Trail of Dead: Worlds Apart
„Frábær hljómsveit gerir tilraun til þess að skapa epískt meistaraverk en endar með uppblásna, óáhugaverða og lífvana plötu. Tilvistarkreppa í náinni framtíð.“

### Stranger: Paint Peace
„Paint Peace er rólegheitaplata þar sem unnið er ágætlega úr frekar gamaldags tónlistarformi. Einhvern neista vantar þó til að gera hana að prýðisgrip.“ FB

### Saliva: Survival of the Sickest
„Þessi diskur er búinn að fá að malla fram og aftur í spilaranum og er mér skapi næst að mölva hann í frumeindir. Söngvarinn færi létt með að drepa heilan her úr leiðindum. Ætti maður kannski að búast við einhverju öðru frá hljómsveit sem kallar sig Munnvatn?“ SJ

### Clinic: Winchester Cathedral
„Á þriðju plötu Clinic er að finna nokkur góð lög, en útsetningar eru of kæruleysislegar. Ekki slæmt, en ekkert sérstaklega gott heldur.“ BÖS

### Devendra Banhart: Nino Rojo
„Sálarfull og róandi plata sem virkar vel sem undirspil fyrir frosna janúardaga. Birtan yfir þessari plötu er svipuð og fyrstu sólargeislarnir sem teygja sig til okkar yfir fjallstindana á morgnanna.“ BÖS

### The Futureheads: The Futureheads
„Frumraun The Futureheads er góð. Hljómur sveitarinnar er ekki mjög ferskur, en sveitin bætir upp fyrir það með beittum önglum og góðum flutning.“ BÖS

**PLATA VIKUNNAR**



### The Arcade Fire: Funeral
„Það er ótrúleg sál í þessari fyrstu breiðskífu The Arcade Fire. Svipuð fegurð og í tónlist Godspeed og Sigur Rósar, skilað með minni trega, hefðbundnari lagasmíðum og hljómsveitarskipan. Ekki láta þessa framhjá ykkur fara.“ BÖS

### Converge: You Fail Me
„Vilji menn kraft, útsjónarsaman hljóðfæraleik, viðbrigði, kafla beint-í-andlitið, melódíur, niðurbrot og uppþot, þá er Converge skyldueign. Algjört meistaraverk frá Íslandsvinunum. „ SJ

### Hoffman: Bad Seed
„Big Brother er að mínu mati langbesta lag plötunnar og gefur góða von um að Hoffman sé fær um að geta af sér breiðskífu af bestu gerð.“ SJ

### Cex: Maryland Mansions
„Þetta er áttunda breiðskífa raftónlistarmannsins Cex á fimm árum en hann er rétt rúmlega tvítugur. Hann er frumlegur, hugmyndaríkur og beittur textahöfundur.“ BÖS

### Pinback: Summer in Abbadon
„Sætt nýbylgjupopp sem ætti ekki að geta gengið fram af neinum. Pinback tekst hið ótrúlega, að brúa bilið á milli Slint og Jimmy Eat World.“ BÖS

### Þórir: I Believe in This
„Þórir fer gjörsamlega á kostum í upphafslaginu, So is this ... og Canada oh Canada, sem eru bestu lög plötunnar. Honum tekst frábærlega til með frumraun sinni og verður spennandi að fylgjast með drengnum á komandi tíð.“ KH

### Antlew/Maximum: Antlew/Maximum
„Þó svo að tónlistin sé ekki það frumlegasta sem er í boði í dag þá eru kapparnir fagmennskan uppmáluð og hæfileikarnir fara ekki á milli mála. Færni Anthonys á rappsviðinu kemst vel til skila og snertir hann á mörgum viðkvæmum viðfangsefnum í textasmíðinni.“ SJ

### Búdrýgindi: Juxtapose
„Skemmtileg plata eins og forveri hennar. Sveitin er orðin þéttari en áður og óhrædd við að þróa sig áfram.“ FB

### The Polyphonic Spree: Together We are Heavy
„Önnur plata The Polyphonic Spree kemur manni í gott skap. Svolítið einsleit á köflum, en rennur þó ágætlega í gegn.“ BÖS

### Dizzee Rascal: Showtime
„Dizzee Rascal er breskari en te, djúpsteiktur fiskur og franskar kartöflur í pappír. Hann er líka alinn upp í gettóinu í London. Flugbeittur og gallharður. Frábært afrek, ein af áhugaverðari plötum frá Bretlandi í ár.“ BÖS

Umsjón:
Birgir Örn Steinarsson
Freyr Bjarnason
Kristján Hjálmarsson
Smári Jósepsson



**RICHEY EDWARDS** Fyrrum gítarleikari Manic Street Preachers hvarf fyrir tíu árum. Talið er að hann hafi framið sjálfsmorð en lík hans hefur aldrei fundist.

# Tíu ár frá dauða Richeys

Liðsmenn Manic Street Preachers minntust þess á þriðjudaginn að 10 ár voru liðin frá hvarfi gítarleikarans Richey Edwards. Talið er að hann hafi framið sjálfsmorð, þá 27 ára gamall, en lík hans hefur aldrei fundist. Bíll hans fannst við þjónustumiðstöð við Severn Bridge fyrir utan London. Talið er að Richey hafi kastað sér af brúnni.

Bassaleikarinn Nicky Wire sagði að þrír eftirlifandi liðsmenn sveitarinnar hafi hringst á og minnst kappans með því að rifja upp sögur. Hann vildi sem minnst tjá sig um félaga sinn í fjölmiðlum þar sem hvarf hans hefði verið persónulegt mál liðsmanna og fjölskyldu gítarleikarans.

Fjölskylda Richeys vill ekki lýsa því yfir að gítarleikarinn sé látinn og hljómsveitin borgar enn höfundarlaun hans inn á reikning í hans nafni. Richey spilaði á þremur plötum Manic Street Preachers og glímdi á þeim tíma við alkóhólisma, þunglyndi og anorexíu. ■




**VILTU AÐ FYRIRTÆKIÐ ÞITT FÁI MEIRI ATHYGLI?**
Núna er tilboð á þjónustuauglýsingum » Hafið samband í síma 515 7500
FRÉTTABLAÐIÐ



# menning

menning@frettabladid.is

# Draumaskip Atla Heimis



**UNA SVEINBJARNARDÓTTIR** Leikur einleik í fiðlukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum.

„Þetta er eitt af þessum verkum Atla sem er með þessum ótrúlega fallegu melódíum," segir Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari, sem í kvöld kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum. Hún leikur einleik í fiðlukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson.

Konsertinn heitir Draumnökkvi og er tileinkaður listaverki Jóns Gunnars Árnasonar, Sólfarinu við Skúlagötu.

„Þessi konsert er mjög dramatískur og myndrænn, svolítið impressjónískur og fer líka út í rómantík," segir Una. „Hann er mjög flottur og svakalega erfiður. Síðan eru mjög lýrískar strófur inn á milli. Alveg frábært stykki."

Una segist hafa legið yfir þessum konsert býsna lengi, enda enginn hægðarleikur að ná tökum á honum. Hún hefur haft nóg að gera undanfarið, því í síðustu viku lauk hún prófi í Berlín þar sem hún hefur verið í framhaldsnámi undanfarin ár.

„Ég spilaði annan konsert þar." Konsert Atla Heimis er saminn árið 1987 fyrir Kammersveit Austurbotns, en hann hefur einu sinni verið fluttur hér á landi áður.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í kvöld verður einnig flutt brot úr verki Hauks Tómassonar, Fjórða söng Guðrúnar, sem hann hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir nú í haust.

Þetta brot er hljómsveitarkafli sem nefnist Gildran og fjallar um það þegar bræður Guðrúnar Gjúkadóttur þiggja heimboð frá Atla, sem þá er giftur Guðrúnu. Þar með ganga þeir í gildru sem Atli hefur búið þeim og láta báðir lífið.

Einnig verður flutt annað verk eftir Hauk, sem heitir Ardente og var frumflutt úti í Danmörku á síðasta ári.

Auk þess frumflytur hljómsveitin tvö verk á þessum tónleikum. Annað heitir Venite ad me og er eftir Jón Nordal, fyrir barnakór og hljómsveit (frumflutningur á Íslandi). Verkið er tileinkað Halldóri Hansen barnalækni og einlægum tónlistarunnanda sem nú er látinn. Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur tekur þátt í flutningnum. Hitt verkið, sem frumflutt verður, heitir Sólófónía og er eftir Kjartan Ólafsson. ■

# Námskeið um Toscu



Námskeið um **Toscu og Puccini** verður haldið hjá **Endurmenntun Háskóla Íslands** og hefst 15. febrúar næstkomandi. Á námskeiðinu er farið í uppbyggingu tónlistarinnar, samspil hennar og textans grandskoðað og gætt að hvernig form tónlistarinnar stjórnar dramatískri framvindu verksins. Þrjú fyrstu kvöld námskeiðsins er fjallað um Puccini og Toscu og einstakir hlutar óperunnar teknir til nánari skoðunar með hjálp tóndæma. Síðasta kvöldið verður farið á sýningu í óperunni þar sem færi gefst á stuttu spjalli við nokkra af aðstandendum uppsetningarinnar. Nánari upplýsing0ar um námskeiðið er að finna á Óperuvefnum www.opera.is.

Kennari á námskeiðinu er **Gunnsteinn Ólafsson** tónlistarmaður. Skráning er hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í síma: 525 4444, netfang: endurmenntun@hi.is.

Nú þegar er orðið uppselt á frumsýninguna á Toscu og fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða á aðra og þriðju sýningu. Alls verða níu sýningar á Toscu. Síðasta sýningin hefur verið flutt yfir á laugardaginn 12. febrúar í stað sunnudags 13. febrúar. ■


VODKAKÚRINN

Helga Braga Steinn Ármann

AUSTURBÆR

Lau. 05/02 2005 kl: 20:00 Örfá sæti laus
Lau. 12/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

TOSCA

Landsbankinn

2. sýning 13.feb. kl. 19.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00

Miðasala á netinu: www. opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

Ávaxtakarfan

AUSTURBÆR

Forsýning : Fös 04.feb kl. 12:00 Uppselt
Lau 05.feb kl. 15:00 Sæti laus
Frumsýning : Sun 06.feb kl. 14:00 Örfá sæti laus

Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

BÖNDIN Á MILLI OKKAR
UPPSELT Í KVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Fös. 4/2 **uppselt**, sun. 13/2 **uppselt**, lau. 19/2 **uppselt**, lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **örfá sæti laus**, fös. 11/3 **örfá sæti laus**, fös. 18/3 **örfá sæti laus**.

ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
8. sýn. lau. 5/2 **örfá sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/2 **nokkur sæti laus**, 10. sýn. fim. 17/2 **nokkur sæti laus**, 11. sýn. fös. 25/2.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*
Sun. 6/2 **uppselt**, sun. 13/2 **uppselt**, sun. 20/2 **örfá sæti laus**, sun. 27/2 **örfá sæti laus**. **Síðustu sýningar.**

MÝRARLJÓS - *Marina Carr*
**Frumsýning fim. 10/2 uppselt**, 2. sýn. fös. 11/2 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fös. 18/2 **örfá sæti laus**, 4. sýn. sun. 20/2 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 24/2 **örfá sæti laus**.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Fös. 4/2 **örfá sæti laus**, fös. 11/2, lau. 19/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Í kvöld fim. 3/2 **uppselt**, fös. 11/2 **nokkur sæti laus**, sun. 20/2.
**Sýningum fer fækkandi**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

HÍBÝLI VINDANNA
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Lau 5/2 kl. 20 - **UPPSELT**,
Sun 6/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 10/2 kl 20 - **UPPSELT**, Fö 11/2 kl 20
Lau 12/2 kl 20 - **UPPSELT**, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**, Lau 19/2 kl 20
Fö 25/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
*e. Coline Serreau*
Su 13/2 kl 20
***Síðasta sýning***

LÍNA LANGSOKKUR
*e. Astrid Lindgren*
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14,
Su 20/2 kl 14 - **AUKASÝNING,**
Su 27/2 kl 14 - **AUKASÝNING** ***Síðustu sýningar***

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
**- gildir ekki á barnasýningar**

**NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA STENDUR YFIR Í BORGARLEIKHÚSINU**
Kennarar: Viðar Hreinsson, 2/2 **Upphaf vesturferða** Gísli Sigurðsson, 9/2 **Sagnalist Vestur Íslendinga** Helga Ögmundardóttir, 16/2 **Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna** Böðvar Guðmundsson, 23/2 **Bréfin frá Vestur-Íslendingum.** Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þátttakendum verður boðið á sýningu á **Híbýlum vindanna**

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR:

VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
*e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin*
Aðalæfing í kvöld kl 20 - ***kr. 1.000***
Frumsýning Fö 4/2 kl 20 - **UPPSELT**
Hátíðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20,
Fö 11/2 - **LOKASÝNING**

BELGÍSKA KONGÓ
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Lau 5/2 kl 20
Lau 12/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Su 13/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20
***Sýningum lýkur í febrúar***

AUSA eftir Lee Hall
*Í samstarfi við LA*. Su 6/2 kl 20, Fö 11/2 kl 20, Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

SVIK
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fö 4/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Su 13/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
*eftir Agnar Jón Egilsson*. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Lau 5/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**

**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga,**
**10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878

Mannakorn
með dansleik
um helgina
www.kringlukrain.is

TENÓRINN
Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
Sun 6. feb. kl. 20.00
Allra síðasta sýning

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

SPÍTALASKIPIÐ
NEMENDALEIKHÚSI‹
eftir Kristínu Ómarsdóttur
7. s‡n. í kvöld kl. 20
8. s‡n. fös. 4. feb. kl. 20
9. s‡n. lau. 5. feb. kl. 20
10. s‡n. mi› . 9. feb. kl. 20
11. s‡n. fim. 10. feb. kl. 20
12. s‡n. fös. 11. feb. kl. 20
Mi› aver› 1000 kr.
S‡nt í Smi› junni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS



ÓLAFUR GUNNARSSON

# Tröllakirkja lofuð í Þýskalandi

Nýlega kom Tröllakirkja eftir Ólaf Gunnarsson út í Þýskalandi hjá Steidl-forlaginu í Göttingen, en það forlag gefur meðal annars út Günter Grass og Halldór Laxness. Eitt virtasta dagblað Þýskalands, Frankfurter Allgemeine Zeitung, birti ítarlegan dóm um bókina eftir Gisu Funck. Þar segir ritdómarinn meðal annars að hinn sanni harmleikur aðalpersónunnar í sögu Ólafs, Sigurbjörns Helgasonar, sé ekki fólginn ìí þeim raunverulegu áföllum sem hann verður fyrir, heldur í vanhæfni hans til að sætta sig við duttlunga örlaganna.î Rakin er saga Sigurbjörns, sagt frá draumi hans um að reisa stórt verslunarhús í Reykjavík og þeim ósköpum sem dynja yfir son hans þegar honum er nauðgað á byggingarsvæðinu, og Sigurbjörn getur ekki hugsað um neitt nema hefnd: ìNákvæmlega það sem áður var styrkur hans verður nú að veikleika hans: Ákefð hans verður að þrjósku, viljinn til að taka áhættu breytist í ofmat á honum sjálfum, hugsjón hans verður að þráhyggjuî. Sagan segir frá ìvillu hins mannlega mikilmennskubrjálæðis sem þekkt er úr goðsögum ñ innpökkunin er nútímaleg en siðferðið gamalþekkt og hefur sannað sig.î Sagt er að höfundur styðjist við ìfrásagnarhefð Íslendingasagna. Í anda hennar skiptast á hlutlægir frásagnarkaflar og ítarlegir kaflar með samtölum, og auk þess eru í skáldsögunni náttúrulýsingar og draumamyndir sem vísa fram til óorðinna atburða.î Þótt snemma verði ljóst ìað hefndarförin hljóti um síðir ill endalokî sé skáldsaga Ólafs spennandi. Auk þess sé í henni húmor ìsem birtist aftur og aftur í samtölumî, og laði fram bros með lesandanum þrátt fyrir hina voveiflegu atburði. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

31 1 2 **3** 4 5 6

### Fimmtudagur

**TÓNLEIKAR**

- 12.15 **Pétur Valgarð Pétursson** leikur á gítar á hádegistónleikum í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í tilefni af 40 ára afmæli skólans. **Reynir Jónasson** leikur með á harmoniku.
- 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur ásamt **Kór Kársnesskóla** á Myrkum músíkdögum í Háskólabíói verk eftir **Jón Nordal, Atla Heimi Sveinsson, Hauk Tómasson** og **Kjartan Ólafsson**. **Una Sveinbjarnardóttir** leikur einleik á fiðlu.
- 22.00 Hljómsveitin **Vínill** verður með útgáfutónleika á Gauknum ásamt hljómsveitinni **Dimmu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







# Íslensk verðlaunaverk

Í ár er haldið upp á 25 ára afmæli Myrkra músíkdaga, tónlistarhátíðarinnar sem orðin er ómissandi þáttur í íslensku tónlistarlífi. Þetta er ómetanlegur vettvangur fyrir ný íslensk hljómsveitarverk og má enginn unnandi tónlistar okkar láta þennan viðburð fram hjá sér fara.

TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI **Í KVÖLD**, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30



Jón Nordal ::: Venite ad me, fyrir barnakór og hljómsveit
Atli Heimir Sveinsson ::: Draumnökkvi fyrir fiðlu og hljómsveit
Haukur Tómasson ::: Gildran – brot úr Fjórða söng Guðrúnar
Haukur Tómasson ::: Ardente
Kjartan Ólafsson ::: Sólófónía

Hljómsveitarstjóri ::: Esa Heikkilä
Einleikari ::: Una Sveinbjarnardóttir
Kór ::: Skólakór Kársness
undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is




















## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Cate Blanchett** þorir varla að máta kjóla frá dýrum hönnuðum fyrir Óskarsverðlaunin því hún er hrædd um að sonur sinn æli á þá. Cate var tilnefnd í flokki aukaleikkvenna fyrir frammistöðu hennar sem Katherine Hepburn í myndinni The Aviator. „Ég þori ekki í kjólana því sonur minn gæti ælt á þá," sagði hún. Óskarsverðlaunahátíðin fer fram þann 27. febrúar í Los Angeles.



**Paris Hilton** segist eiga fáar vinkonur en fleiri vini vegna þess hversu erfitt henni hefur reynst að treysta konum. Hún er þó mjög náin **Nicole Richie** sem leikur með henni í þáttunum The Simple Life. „Ég á mjög marga strákavini, ég á líka vinkonur en mér finnst betra að eiga strákavini vegna þess að stelpur eiga það til að baktala og bregðast trausti mínu," segir ljóskan góðkunna.

## FÓLK

# Áttu rómantískt kvöld saman

Brad Pitt og Jennifer Aniston sáust nýlega fara saman út að borða. Þau sátu saman yfir rómantískum kvöldverði á L'Orangerie í vesturhluta Hollywood. „Þau komu inn flissandi, héldust í hendur og litu út fyrir að vera afar hamingjusöm. Þau hvísluðu og kjöftuðu yfir matnum og gátu ekki haft hendurnar hvort af öðru," sagði heimildarmaður.

Amma Brads er einnig alveg viss um að þau taki aftur saman. „Ég er viss um að þetta er aðeins tímabundið og mun jafnvel efla ást þeirra. Það kom eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar þau tilkynntu um skilnaðinn. Ég var í sjokki. Þau þurfa bara að eyða smátíma í burtu hvort frá öðru og munu svo átta sig á hve þau sakna hvors annars," sagði amman sem hafði enga hugmynd um að eitthvað væri að í hjónabandinu. „Brad gaf aldrei til kynna að eitthvað væri að."

Brad og Jennifer tilkynntu um skilnaðinn í síðasta mánuði. ■



**BRAD PITT OG JENNIFER ANISTON** Þau virðast allavega enn vera ágætisvinir og sáust borða rómantískan kvöldverð saman.

## [ MÁL ] MICHAELS JACKSON

# Rowe ber vitni gegn Jackson

Fyrrverandi eiginkona popparans Michaels Jackson, Debbie Rowe, verður aðalvitni saksóknara í málinu sem höfðað hefur verið gegn söngvaranum. Er hann ákærður fyrir að hafa misþyrmt ungum dreng kynferðislega.

Rowe verður að öllum líkindum spurð út í einkalíf Jacksons. Hún á harma að hefna á eiginmanninum fyrrverandi því þau tvö hafa deilt hart undanfarið um forræði yfir börnum sínum Prince Michael og Paris.

Þegar þau skildu var ákveðið að Jackson myndi borga Rowe um 118 milljónir króna á ári svo hann gæti haft börnin í sinni umsjá. Á síðasta ári höfðaði Rowe aftur á móti mál á hendur Jackson þar sem hún krafðist þess að fá forræði yfir börnunum á nýjan leik. Þá brá Jackson á það ráð að hætta að borga henni peninginn.

Um þessar mundir stendur yfir val á kviðdómi í misþyrmingarmálinu. Jackson hefur neitað harðlega öllum ákærum og segist alsaklaus. ■



**MICHAEL JACKSON** Fyrrum eiginkona popparans mun bera vitni gegn honum í réttarhöldunum.






# Óskarinn í þetta sinn

## [ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN



**THE AVIATOR**

LEIKSTJÓRI: **MARTIN SCORSESE**

AÐALHLUTVERK: **LEONARDO DICAPRIO, CATE BLANCHETT, KATE BECKINSALE**

**NIÐURSTAÐA:** Martin Scorsese mun vinna óskarinn fyrir The Aviator. Ekki vegna þess að hún er hans besta mynd, heldur vegna þess að það er löngu kominn tími á leikstjórann. Það væri neyðarlegt bæði fyrir Akademíuna og leikstjórann ef hann vinnur ekki.

Martin Scorsese er besta dæmið um hversu mikil brandari Óskarsverðlaunaafhendingin í rauninni er. Hvernig getur Goodfellas tapað fyrir Dances with Wolves og Raging Bull tapað fyrir Ordinary People? Réttast væri kannski að spyrja hversvegna Óskarinn ætti að skipta einhverju máli fyrir leikstjóra sem löngu er búinn að sanna sig fyrir heiminum. En það lítur út fyrir að Scorsese langi samt rosalega í þessa viðurkenningu. Enda er hans nýjasta mynd, The Aviator, nánast hönnuð fyrir fyrsta sætið í þessari undarlegu glanskeppni. Sagan gerist í Hollywood og fjallar á sympatískan hátt um einn brjálaðasta leikstjórann í sögu bæjarins, Howard Hughes. Meðal aukapersóna eru Katharine Hepburn, Ava Gardner og Errol Flynn. Auk þess er hún hæfilega dramatísk og full af flottum flugvélasenum og sprengingum eins og góðri nútímaepík sæmir.

Hughes (Leonardo DiCaprio) var flugvélaframleiðandi, kvikmyndagerðarmaður og kvennabósi. Hann var með vasana fulla af olíupeningum og átti sér þann draum stærstan að gera bestu kvikmyndir í heimi, smíða hröðustu flugvélarnar og deita sætustu stjörnurnar. Og það gerði hann eins og ekkert væri. Reyndar átti hann við ýmsar geðtruflanir að stríða, en það er óhjákvæmilegur fylgifiskur allra sannra snillinga (og fullkomið viðfangsefni Óskarsverðlaunamynda). Scorsese gefur mjög sannfærandi mynd af sögupersónunni og samtíma hans, með hjálp viðeigandi útlits og tónlistar (gamaldags technicolor og djass þriðja áratugarins).

Maður hefur áður séð Leonardo leika vel og maður veit að hann er hinn fínasti leikari. Samt kemur það á óvart hversu góður hann er í hlutverki Hughes. Honum tekst fullkomlega upp, hvort sem það er sem metnaðargjarn glaumgosi, ofvirkur verkfræðingur eða skjálfandi sjúklingur. Einnig ber að benda á Cate Blanchett í hlutverki Katharine Hepburn. Það er sérstaklega hjartnæm sena í myndinni þar sem Hughes og Hepburn tala saman í gegnum hurð. Hann nakinn og vænissjúkur, og þorir ekki að láta sjá sig.

Martin Scorsese mun vinna óskarinn fyrir The Aviator. Ekki vegna þess að hún er hans besta mynd, heldur vegna þess að það er löngu kominn tími á leikstjórann. Það væri neyðarlegt bæði fyrir Akademíuna og leikstjórann ef hann vinnur ekki.

**Hugleikur Dagsson**











■ TÓNLIST

# Alice in Chains aftur saman

Eftirlifandi meðlimir rokksveitarinnar Alice In Chains ætla annað kvöld að spila saman á sínum fyrstu tónleikum síðan 1996. Tilefnið eru tónleikar til styrktar hjálparstarfi í Asíu vegna hamfaranna sem þar urðu á annan í jólum.

Ekki er vitað hver mun hlaupa í skarðið fyrir söngvarann Layne Staley sem lést úr ofneyslu eiturlyfja fyrir tæpum þremur árum. Alice in Chains var hluti af „grunge" senu Seattle borgar sem færði okkur einnig sveitir á borð við Nirvana og Pearl Jam. ■



**ALICE IN CHAINS** Rokksveitin Alice in Chains ætlar að koma saman á ný á morgun.

■ KVIKMYNDIR

# Brando hafnaði Corleone

Leikarinn Marlon Brando hafnaði því ítrekað að taka að sér hlutverk Dons Corleone í kvikmyndinni sígildu Guðfaðirinn, áður en hann loksins lét undan. Þessu heldur vinur hans til langs tíma, Budd Schulberg, fram í nýjasta tölublaði tímaritsins Vanity Fair.

Brando, sem var áttræður þegar hann lést í júlí í fyrra, sagðist ekki hafa áhuga á að upphefja mafíuna og þverneitaði að taka að sér hlutverkið. Það var ekki fyrr en aðstoðarmaður leikarans, Alice Marchak, grátbað hann um að lesa bókina um Guðföðurinn að hann lét á endanum til leiðast, þrátt fyrir að hafa áður fleygt bókinni í hana bálreiður.

Brando snerist hugur eftir að hann hafði prófað að mála á sig yfirvaraskegg vegna hlutverksins. Spurði hann þá Marchak hvernig hann liti út. Brando vann sín önnur Óskarsverðlaun fyrir hlutverkið.



**MARLON BRANDO** Brando lét á endanum til leiðast og tók að sér hlutverk mafíuforingjans Dons Corleone.

















# VIÐ TÆKIÐ

## Geimverur og heimsendafílingur

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** TRÚIR INNST INNI Á GEIMVERUR

Ég er að spá í hvernig mér myndi líða ef ég væri uppnuminn af geimverum í vikunni og skilað aftur til jarðar árið 2075. Það yrði ljóta uppákoman. Fólkið manns ýmist horfið úr jarðvistinni eða orðið fjörgamalt, og svo væri maður eins og hálfviti í samfélagi sem hefði tekið stökkbreytingum. Samt svolítið æsandi tilhugsun.

The 4.400 á Stöð tvö fjallar einmitt um fólk sem hefur horfið einhvers staðar á lífsleiðinni, trúlega stolið af geimverum, og er svo skilað þegjandi og hljóðalaust aftur til jarðar.

Ég var frekar spennt yfir þessum þætti og fann hvernig adrenalínið fór af stað í byrjun þegar geimfarið, sem öryggisráð þjóðanna hélt að væri halastjarna, stefndi hraðbyri til jarðar. Svona hemsendafílingur kemur blóðinu á hreyfingu og maður fer strax að hugsa hvað maður myndi gera í stöðunni. Safna saman öllum sem maður elskar, kúra einhvers staðar saman og bíða hins óumflýjanlega. Verða viti sínu fjær vegna þeirra sem maður næði ekki til. Hræddur og lítill.

Jörðin tortímdist þó ekki í þessum ameríska þætti heldur stóð heimurinn á öndinni yfir því að 4.400 einstaklingum var skilað, guð má vita hvaðan, aftur til heimkynna sinna, mörgum árum eftir að þeir hurfu. Í næstu fimm þáttum kemur væntanlega í ljós hvernig þeim vegnar.

Fyndið hvernig þættir um hið óþekkta utan úr geimnum fanga athygli manns þó maður geti svo brosað í kampinn þegar Magnús Skarphéðinsson tjáir sig um áhugamál sín.



Flatbökusendillinn Fry vaknaði árið 3000, eftir 1000 ára svefn, í sjónvarpsþáttunum Futurama.

Ég er samt sannfærð um að einhvers staðar í alheimsgeimi er líf. Ef ég er aftur á móti spurð hvort ég trúi á geimverur verð ég hrokafull í framan og segi „glætan spætan, auðvitað ekki.“ Af því annars væri ég svo hallærisleg. ■



▶ **22.20** *Drama*

**Bodies. Fylgst er með lífi og starfi lækna á stóru sjúkrahúsi í London á Englandi.**



▶ **20.30** *Söngur*

**American Idol 4. Paula, Simon og Randy halda áfram að velja fólk úr áheyrnarprufum sem komast síðan til Hollywood.**



▶ **21.30** *Raunveruleiki*

**The Simple Life 2. Nicole fær gistingu hjá fjölskyldu einni en lendir í deilum við elsta soninn og ákveður að láta hann finna fyrir því.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Fræknir ferðalangar (24:26)** (Wild Thornberries)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Verksmiðjulíf (4:6)** (Clocking Off IV) Breskur verðlaunamyndaflokkur sem gerist meðal verksmiðjufólks í Manchester. Hver þáttur er sjálfstæð saga og í þeim er sagt frá gleði og raunum verksmiðjufólksins í starfi og einkalífi. Meðal leikenda eru David Morrissey, Sophie Okonedo, Philip Glenister, Bob Pugh, Nicola Stephenson og Marc Warren.
**20.50** **Nýgræðingar (68:68)**
**21.15** **Launráð (65:66)** (Alias III) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.20** **Mannamein (2:6)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Af fingrum fram **0.05** Kastljósið **0.25** Dagskrárlok

### 2 (Stöð 2)

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** You Are What You Eat (3:8) (e) **13.10** Jag (1:24) (e) **14.05** The Block 2 (11:26) (e) **14.50** Miss Match (17:17) (e) **15.35** Bernie Mac 2 (17:22) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri, strákunum sem slógu í gegn í 70 mínútum á Popptíví og öðluðust heimsfrægð á Íslandi. Félagarnir halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
▶ **20.30 American Idol 4**
**21.15** **Jag (23:24)** (In Country) Harmon Rabb er fremstur í flokki í lögfræðingasveit flotans. Harm og félagar glíma við erfið mál eins og morð, föðurlandssvik og hryðjuverk.
**22.00** **Silent Witness 8 (5:8)** (Þögult vitni) Sam Ryan hefur látið af störfum og Leo og Harry þurfa nú að axla aukna ábyrgð. Bönnuð börnum.
**22.50** **Silent Witness 8 (6:8)** (Þögult vitni)

**23.45** BlackMale (Stranglega bönnuð börnum) **1.15** Falling Sky (Bönnuð börnum) **2.50** Fréttir og Ísland í dag **4.10** Ísland í bítið (e) **5.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**18.30** **Fólk – með Sirrý (e)**
**19.30** **According to Jim (e)** Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims og gerir það með stæl.
**20.00** **Borðleggjandi með Völla Snæ** Völundur býr sem kunnugt er á Bahamaeyjum þar sem hann rekur veitingastað og galdrar fram suðræna og seiðandi rétti – með N-Atlantshafslegu yfirbragði.
**20.30** **Yes, Dear**
**21.00** **Still Standing** Judy fær loks góða hugmynd á foreldrafundi. Athyglin sem hún fær frá formanni félagsins hvetur hana og Bill til að verða ábyrgari foreldrar.
▶ **21.30 The Simple Life 2** Nicole fær gistingu hjá fjölskyldu einni en lendir í deilum við elsta soninn og ákveður að láta hann finna fyrir því.
**22.00** **CSI: Miami** Horatio fer til New York til að ljá réttarrannsóknadeild þar aðstoð sína.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** The Bachelorette – lokaþáttur (e) **0.15** The Mountain – nýtt! (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Cats & Dogs **10.00** Illuminata (Bönnuð börnum) **12.00** Driven **14.00** Spider-Man **16.00** Cats & Dogs **18.00** Illuminata (Bönnuð börnum) **20.00** The Mephisto Waltz (Bönnuð börnum) **22.00** Prophecy II (Bönnuð börnum) **0.00** Urban Legend: Final Cut (Bönnuð börnum) **2.00** Minority Report (Bönnuð börnum) **4.20** Prophecy II (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna og tilveruna (e) **21.30** Joyce Meyer **22.00** 700 klúbburinn **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós (e) **1.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**6.00** Sunrise **10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS **1.00** News on the Hour **5.30** CBS

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**8.00** Freestyle Skiing: FIS World Cup Les Contamines **8.30** Snowboard: FIS World Cup **9.00** Figure Skating: European Championship Torino Italy **10.30** All Sports: Casa Italia **10.45** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **11.45** Trial: Indoor World Championship Marseille **12.45** All sports: WATTS **13.00** Tennis: ATP Tournament Milan Italy **14.30** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **15.30** Snooker: Malta Cup Malta **17.00** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **18.00** Freestyle Motocross: European Championship Genoa **18.30** Football: UEFA Champions League Last 16 **19.00** Snooker: Malta Cup Malta **22.00** All Sports: Casa Italia **22.15** Boxing **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Sumo: Kyushu Basho Japan

**BBC PRIME**

**7.00** Captain Abercromby **7.15** The Story Makers **7.35** Blue Peter Flies the World **8.00** Friends for Dinner **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link **11.30** Doctors **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** Blue Peter Flies the World **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Keeping up Appearances **19.30** Yes Minister **20.00** Clocking Off **20.55** The Wonderful World of Louis Armstrong **21.45** Wildlife **22.15** The League of Gentlemen **22.45** Two Thousand Acres of Sky **23.45** The Fear **0.00** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** Kingdom of the Ice Bear **2.00** Art: A Question of Style **2.30** Art and Its Histories **3.00** Trouble At the Top **3.40** Personal Passions **4.00** Search **4.15** Search **4.30** Teen English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Tigers – Fighting Back **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** Explorations **19.00** Totally Wild **19.30** Insects from Hell **20.00** Tigers – Fighting Back **21.00** Built for the Kill **22.00** Owls – Silent Hunters **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Built for the Kill **1.00** Owls – Silent Hunters

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's my Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Tall Blondes **20.00** The Natural World **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** Tall Blondes **2.00** The Natural World **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**

**16.00** Fishing on the Edge **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Myth Busters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Forensic Detectives **0.00** First World War **1.00** Secret Agent **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Crowded Skies

**MTV**

**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Newlyweds **19.30** Globally Dismissed **20.00** Boiling Points **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superrock **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Teen Idols Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** 50 Teen Idols **14.00** Heart Throbs **14.30** NSYNC Rise & Rise Of **16.00** Ashton Kutcher Rise & Rise Of **16.30** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** 50 Teen Idols **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.00** Johnny Bravo **7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## STRÁKARNIR

*Stöð 2* **kl. 20.00**

### *Strákarnir eru mættir aftur*

***Sverrir Þór Sverrisson, eða Sveppi, var valinn sjónvarpsmaður ársins á Edduhátíðinni 2003.***

Ný, íslensk þáttaröð hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld sem margir hafa eflaust beðið spenntir eftir. Strákarnir heitir þátturinn og skartar þeim Sverri Þór Sverrissyni, betur þekktur sem Sveppi, Auðunni Blöndal, betur þekktur sem Auddi, og Pétri Jóhanni Sigfússyni. Eins og flestum ætti að vera kunnugt voru þrímenningarnir með þáttinn 70 mínútur á PoppTíví sem vakti mikla lukku en þeir þurftu að skilja við fyrir áramót. Strákarnir eru þekktir fyrir grín og glens og halda uppteknum hætti í nýja þættinum. Nú eru nýir dagskrárliðir búnir að bætast við eins og geggjuð græðgi, áskorunarhjólið og vekjarinn og spurning er hvort ógeðsdrykkurinn og viðbjóðurinn fær að fljóta með.



Strákarnir eru búnir að færa sig yfir á Stöð 2 og halda áfram að grínast þar.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Miss Burke, back where I came from there happened to be dead soldiers."**

**Svar:** Bart Laish úr kvikmyndinni Arrow in the Dust frá árinu 1954.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.50** Auðlind **13.05** Í uppáhaldi **14.03** Útvarpssagan, Innstu myrkur **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.20** Lestur Passíusálma **22.30** Útvarpsleikhúsið: Bransi

**23.26** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga **0.10** Glefsur

**1.03** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Endurflutt **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson **16.03** Viðskiptaþátturinn

**17.05** Heil og sæl (Einar Karl/Hulda) **18.00** Tölvur og tækni (endurflutt) **20.00** Endurflutningur frá liðnum degi



▶ **20.15** *Íþróttir*

**Þú ert í beinni! Valtýr Björn, Hans og Böðvar fjalla um það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum..**

## SÝN

**16.30** Sjáðu **17.00** Jing Jang **18.00** Olíssport

**18.30 David Letterman**
**19.15 The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.45 Inside the US PGA Tour 2005**
▶ **20.15 Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni. Umsjónarmaður er Valtýr Björn Valtýsson en honum til aðstoðar eru Hans Bjarnason og Böðvar Bergsson. Félagarnir skiptast á skoðunum, fá góða gesti í heimsókn og ræða við sjónvarpsáhorfendur sem geta hringt í þáttinn eða sent tölvupóst.
**21.00 Íslandsmótið í bekkpressu** Íslandsmótið í bekkpressu var haldið í Valsheimilinu 29. janúar sl.
**21.30 World's Strongest Man 2004**
**22.00 Olíssport**
**22.30 David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.00** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Idol Extra (e) **21.30** I Bet You Will **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e) **23.30** Meiri músík

**13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and the Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**

**11.00** Gallant Hours **12.55** Some Kind of a Nut **14.25** Rosebud **16.30** Valdez Is Coming **18.00** Body and Soul **19.45** Impasse **21.25** Gator **23.20** The End **1.00** Steel and Lace **2.35** Taking of Beverly Hills

**TCM**

**20.00** The Year of Living Dangerously **21.55** Whose Life is it Anyway? **23.50** Murder at the Gallop **1.10** Travels with My Aunt **2.55** Mrs. Parkington

**HALLMARK**

**8.00** The Man from Left Field **9.45** A Child's Cry For Help **11.15** Early Edition **12.00** The Old Curiosity Shop **13.45** Ratz **15.15** The Man from Left Field **17.00** A Child's Cry For Help **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.30** On The Beach **22.15** The Inspectors 2: A Shred of Evidence

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Síminn

STRÁKARNIR
Fyndnustu strákar Íslands; mánudaga til fimmtudaga kl. 20:00.





## HRÓSIÐ

*... fá nemendur Laugalækjarskóla sem komu, sáu og sigruðu á Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**HAFDÍS VÍGLUNDSDÓTTIR, SÖNGKONA Í VESTMANNEYSKA KVENNABANDINU SIGYN**

# Dularfullar bækur, ævintýramyndir og Janis Joplin

**TÓNLISTIN** Ég hlusta á *Radiohead* þegar ég vil slaka á, *Maus* þegar ég vil komast í gott skap, og mikið á gamlan blús og djass, eins og *Ellu Fitzgerald* og *Billie Holiday*. Svo dái ég *Janis Joplin* og get alltaf hlustað á einstaka rödd hennar og magnaðan karakterinn.

**BÓKIN** Las um daginn *Dagbók Önnu Frank* og dregst að efni sem tengist helförinni og stríðsárunum. Les annars mikið þótt sjónvarpið í svefnherberginu hafi aðeins breytt þeirri venju. Hef gaman af dularfullum og öðruvísi bókum eins og *Ísfólkinu* og *Galdrameistaranum*, og dáist að ímyndunarafli Margit Sandemo.

**BÍÓMYNDIN** Ég horfi lítið á sjónvarp, fer aldrei í bíó og leigi mér sárasjaldan spólu. Sá þó ævintýramyndina *Goonies* með stráknum mínum um daginn, en sú mynd hafði mikil áhrif á mig sem barn þegar ég fór að leita fjársjóðs í klettunum í Heimaey. Það er reyndar sunnudagsbíó í Eyjum, en sætin óþægileg og eftir litlu að slægjast. Ég á því fastar vídeómyndir sem ég horfi á aftur og aftur.

**BORGIN** Reykjavík er eftirlætið, en mig langar að tékka aftur á New York þótt mér þætti hún bæði yfirþyrmandi og óþægileg þegar ég heimsótti hana sem barn; auðvitað ófrjáls ferða minna í stórborginni. Í höfuðstaðnum finnst mér gaman að skoða mannlífið, auk þess sem ég fell betur í hópinn þar en hér í Eyjum, þar sem ég sker mig eilítið úr.

**BÚÐIN** Kolaportið er æði. Mér finnst Spútnik og fleiri búðir flottar en tími ekki að kaupa mér föt þar og hef fundið það sama mun ódýrara í Kolaportinu. Andrúmsloftið þar er skemmtilegt, fólkið forvitnilegt, sem og málverkasýningarnar.

**VERKEFNIÐ** Ég flyt til Reykjavíkur í mars og þá ætlum við Sigyn-stúlkur að æfa stíft því við viljum spila meira opinberlega og þá standast væntingar.



MYND/SÆÞÓR VÍDÓ



**Lárétt: 1** alda, **5** sig, **6** grastotti, **7** sólguð, **8** auð, **9** kvenselur með kóp, **10** á nótu, **12** kveikur, **13** nár, **15** mar, **16** árkvíslar, **18** drykkjumaður.

**Lóðrétt: 1** fjölskyldugæfa, **2** djöfla, **3** tveir eins, **4** heiðarlegi, **6** sælgæti, **8** hrein, **11** stórfljót, **14** ílát, **17** kyrrð.

**Lausn**

**Lárétt: 1** bára, **5** arr, **6** tó, **7** ra, **8** tóm, **9** kæpa, **10** an, **12** rak, **13** lík, **15** sæ, **16** álar, **18** róni.

**Lóðrétt: 1** barnalán, **2** ára, **3** rr, **4** sómakæri, **6** tópas, **8** tær, **11** níl, **14** kar, **17** ró.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

**ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN:** VEITT VIÐ MIKINN FÖGNUÐ Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

# Mugison kom, sá og sigraði

Tónlistarmaðurinn Mugison var sigurvegari Íslensku tónlistarverðlaunanna sem voru haldin í ellefta sinn í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi.

Mugison vann fern verðlaun; fyrir bestu poppplötuna, besta lagið, umslag ársins og sem vinsælasti flytjandinn. Það voru áhorfendur heima fyrir sem völdu vinsælasta flytjandann í gegnum síma og með smáskilaboðum.

Samúel Jón Samúelsson var einnig sigursæll. Hann var valinn flytjandi ársins í jazzflokki ásamt hljómsveitinni Jagúar, átti bestu plötuna ásamt Tómasi R. Einarssyni auk þess sem Jagúar var valin flytjandi ársins í popp,- rokk- og dægurtónlistarflokki.

Tómas R. vann síðan verðlaun fyrir besta tónverkið, sem nefnist Ást og er að finna á plötu hans og Samúels, Dansaðu fíflið þitt dansaðu! Þess má geta að Tómas R. vann einnig verðlaun fyrir bestu jazzplötuna á síðasta ári, Havana.

Söngkonan Ragnheiður Gröndal og reggísveitin Hjálmar unnu tvenn verðlaun hvor. Ragnheiður fyrir bestu dægurtónlistarplötuna og sem söngkona ársins og Hjálmar fyrir bestu rokkplötuna og sem bjartasta vonin. Í flokknum Ýmis tónlist vann Ellen Kristjánsdóttir íslensku tónlistarverðlaunin fyrir plötuna Sálma, sem naut gríðarlegra vinsælda fyrir síðustu jól.

Heiðursverðlaunin féllu að þessu sinni í skaut Helgu Ingólfsdóttur semballeikara. Þá hlaut Barði Jóhannsson og hljómsveit hans Bang Gang útflutningsverðlaun Reykjavíkur – Loftbrúar fyrir eftirtektarverða útrás á erlendri grundu á síðasta ári. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MUGISON** Hinn ísfirski Mugison var sigursæll á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hann hlaut verðlaun fyrir poppplötu ársins, besta lagið, umslag ársins og áhorfendaverðlaunin sjálf; vinsælasti flytjandinn.



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngkonan Ragnheiður Gröndal var meðal annars valin besta söngkonan. Hún steig á stokk í Þjóðleikhúsinu og fór á kostum.



**RAGGI BJARNA** Gamla brýnið Raggi Bjarna tróð upp í gærkvöldi við fínar undirtektir. Raggi gaf út vinsæla plötu fyrir síðustu jól.

DV



TÍMARITIÐ MAGASÍN FYLGIR DV Í DAG
-Vertu flott ófrísk
-Allt um börn og meðgöngu
DV – hefur þú séð DV í dag?

### POPP

PLATA ÁRSINS
Mugimama, Is This Monkeymusic? – Mugison

### ROKK

PLATA ÁRSINS
Hljóðlega af stað – Hjálmar

### DÆGURTÓNLIST

PLATA ÁRSINS
Vetrarljóð – Ragnheiður Gröndal

SÖNGVARI ÁRSINS
Páll Rósinkranz

SÖNGKONA ÁRSINS
Ragnheiður Gröndal

FLYTJANDI ÁRSINS
Jagúar

LAG ÁRSINS
Murr Murr – Mugison

BJARTASTA VONIN
Hjálmar

### SÍGILD OG SAMTÍMA TÓNLIST

TÓNVERK ÁRSINS
Sinfónía eftir Þórð Magnússon

PLATA ÁRSINS
Verk fyrir selló og píanó. Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Edda Erlendsdóttir píanóleikari spila tónverk eftir Enescu, Janacek, Kodaly og Martinu.

FLYTJANDI ÁRSINS
Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari

BJARTASTA VONIN
Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari

### JAZZFLOKKUR

PLATA ÁRSINS
Dansaðu fíflið þitt dansaðu!, Samúel Jón Samúelsson, Tómas R og Jagúar

TÓNVERK ÁRSINS
Ástin eftir Tómas R. Einarsson

FLYTJANDI ÁRSINS
Samúel Jón Samúelsson og stórsveitin Jagúar

### ÝMIS TÓNLIST

HLJÓMPLATA ÁRSINS
Sálmar – Ellen Kristjánsdóttir

UMSLAG ÁRSINS
Mugison – Mugimama, is this monkey music?-
Hönnun: Ragnar Kjartansson, Aðalgeir Arnar Jónsson, Mugison og Rúna.

MYNDBAND ÁRSINS
Björk – Oceana

### HEIÐURSVERÐLAUNIN 2004

Helga Ingólfsdóttir – Semballeikari

### VINSÆLASTI FLYTJANDINN:

Mugison

### ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN REYKJAVÍKUR-LOFTBRÚ:

Bang Gang




# SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

# ÚTSÖLUDAGAR




## 25-70% afsláttur

Gildir ekki á öðrum tilboðum

## á völdum húsgögnum

útlitsgölluðum og eldri gerðum
af heilsudýnum, ásamt ýmsum fylgihlutum.

**Rýmum fyrir nýjum vörum**

**Chiropractic**

Rýmum fyrir nýjum dýnum



**Sú besta**
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

**Verðdæmi:**
**Silk classic millistíf heilsudýna**
Queen kr. ~~129.900.-~~ nú kr. 99.900.-
King size kr. ~~159.900.-~~ nú kr. 129.900.-

**ARCONIT**



**Sleep Series**



**Verðdæmi:**
Euro 120x200 ~~59.900.-~~ Nú **39.900.-** stgr.
Full 135x200 ~~64.900.-~~ Nú **44.900.-** stgr.
Queen 153x200 ~~69.900.-~~ Nú **49.900.-** stgr.

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Gildir meðan birgðir endast

Svefn & heilsa

**www.svefn.is**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR,
félag laganema við Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Skuldlaus

Það var í fréttum í vikunni að eftirspurn eftir dýru húsnæði hefur aukist mjög á Íslandi. Mikil eftirspurn er eftir húsum sem eru dýrari en 100 milljónir. Og núna er byrjað að byggja glæsilegt einbýlishús sem er tæpir 700 fermetrar að stærð. Gott pláss fyrir kjarnafjölskyldu. Eða fyrir eldri hjón sem hafa gaman af göngum og eiga erfitt með að henda drasli.

**ÞAÐ ER SVO RÍKT** í okkur, sérstaklega þegar vel gengur, að reyna að eignast sem mest af hlutum. Nota tækifærið. Og helst að vera skuldlaus. Hjá mörgum er það takmark í lífinu. Það er meira að segja gömul og góð, íslensk dyggð. Að geta skilið eitthvað eftir sig handa afkomendum sínum. Og það eru svo margir sem leggja svo hart að sér við það. Það er gott og blessað á meðan maður gleymir ekki sínum nánustu í öllum hamaganginum. Það þarf nefnilega aðallega að sinna þeim. Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn ef hann fyrirgerir sálu sinni? Börnin manns lifa ekki á brauði einu saman. Gott hjónaband er ekki gert út steinsteypu.

Vil ég fá þessa áletrun á legsteininn minn?:
HÉR HVÍLIR JÓN GNARR. HANN VAR SKULDLAUS OG LÉT EFTIR SIG TÖLUVERÐAR EIGNIR.

**TIL HVERS AÐ** streða við að eignast hluti ef maður gleymir að ala upp börnin sín? Kunna þau þá nokkuð að fara með alla þessa hluti? Þegar þau eru orðin fullorðin, munu þau þá ekki bara eyða öllum auðæfunum í sukk og vitleysu? Frekar ömurlegt að vera dauður og þurfa að horfa uppá það og geta ekkert gert.

**Í RAUNINNI** eigum við ekki neitt. Við komum nakin í þennan heim og förum nakin úr honum aftur. Við komum ekki með neitt og við getum ekki tekið neitt með okkur. Stærsta lánið sem við fáum, er lífið okkar. Og við fáum vexti af því í hlutfalli við hvernig við förum með það. Að þykjast eiga eitthvað er bara frekja. Guð á allt, öll hús, allar jarðir og alla peninga. Við fáum hluti bara lánaða og eigum að fara vel með þá. Við erum leiguliðar. Gestir. Maðurinn er fátækur í eðli sínu. Að skilja það er að vera, það sem Jesús kallar, fátækur í anda. Þá er alveg sama hversu ríkur maður er, maður skilur að maður er bara með hlutina að láni. Og þvílíkur léttir! Það er bara eins og að vera kominn til himna. ■



145.900
195.195
20% afsláttur af öllum hornbaðkörum
Hornbaðkar
Án svuntu
8069723

e6 TILBOÐ
Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.


17.990
29.900
Sturtuhorn
Chinchilla, hert öryggisgler
69x79 sm
8028440
Chinchilla,hert öryggisgler
79x89 sm
8028442
Verð áður 31.900
18.990


16.900
27.990
Salerni
Lin seta
8074999


Baðkar
170x70 sm
8070000
Verð áður 16.900
11.900


KLUDI
Sturtutæki
Kludi Objekta, hitastýrt
8004025
Verð áður 16.695
12.500


KLUDI
Blöndunartæki
Kludi Objekta, hitastýrt
8004027
Verð áður 21.900
15.900


6.500
9.395
Blöndunartæki
Kludi Tercio
8004035

Hreinlætistækjadagar
allt að 40% afsláttur


HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál




SÝNINGARHELGI
AEG ELDHÚSTÆKI

OPIÐ ELDHÚS
laugardaginn frá kl. 11–17
sunnudaginn frá kl. 13–17

HTH
ELDHÚSINNRÉTTINGAR
BAÐINNRÉTTINGAR
FATASKÁPAR
2005 línan

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 · Sími 530 2800
www.ormsson.is


NÝR GLÆSILEGUR SÝNINGARSALUR
á 2. og 3. hæð